SOENNECKEN

Dagbók

Bjarna Benediktssonar

frá 1. jan 1927 til 1. jan. 1928.

Bei Benützung von Einlagen mit enger Lochung ist das Metallbändchen umzustecken

Nr 887 N

Dagbók.

1927.

1. janúar. Á fætur um hádegi. Spila nokkra stund við pabba, Svein og mömmu. Síðan kom í hennar stað afi og þar næst Friðbjörn nokkur Bjarnarson norðanmaður. Skömmu síðar kom Baldur og tók hann þá við af mér. Við Pétur gengum saman upp að vörðunum við Skólavörðu, hittum Kjartan og töluðum nokkuð við hann, einnig Gísla Guðmunds[son] sem snöggvast. Les og í „Sólskinsdögum" og einhverja sögu eftir Drachmann. Spila nokkuð við pabba, Baldur og Friðbjörn. Friðbjörn þessi hefur þann sið að sleikja fingurna og fletta síðan spilunum og verða þau á köflum ógeðsleg við þetta. Um kvöldið fórum við [til] ömmu, þangað komu einnig Háteigs-hjón og Guðríður Þórarsdóttir með þeim. Var þar setið til 12½.

2. janúar. Á fætur kl. 9. Geng inn á Há-[illegible] Skeiðblíð; þaðan niður í bæ. Hitti fröken Arason og tala nokkuð við hana. Les: „Almannatryggingum". Förum við Sveinn til Jóns Magnússonar. Fáum epli og heldur

hann hefir oft fyrirlestur og
sýnir myndir úr utanför sinni.
Heima var alt "Háteigsfólk". Spiladi ég
nokkra stund við eitthvað af því.
Um kvöldið fórum við Svenni til
Baldurs, þar komu einnig Pétur, Jórður
og Símon. Spiluðum við og fengum
súkkulaði og kaffi.
3. jan. Á fætur kl. 9. Förum vestur fyrir
bæ með bók til bókbindarans. Les
í Almannatryggingum og lýk við
þær um daginn. Það virðist vera
viturleg ritgerð, að minsta kosti, er
annar þjóðleikur í henni fólginn,
það er galli á hve óvönduðu máli
hún er. Sérstaklega gest mér vel að
þeim ummælum hans, er víkja að
sjóðsstöfnunum í sambandi við
tryggingar. Fer niður í Landsbóka-
safn. Les þar Encyclopedia Britannica
það sem sagt er um Vilhjálm II. og
ýmsa fleiri. Gott var ummæli Victoriu
drotningar, er hún sagði um Gladst.
að hann talaði við sig, sem hún væri
„a public meeting“. Er á Gamla Bíó um
kvöldið. Góð mynd um Karl 12.

Dagbók.

4. janúar. Á fætur kl. 10. Geng
niður í bæ. Les í „Abfall der Nieder-
lande“ eftir Schiller. Kom Arngrímur
Björnsson frá Lóni. Síðar um daginn
fer ég niður á Safn. Les þar um
Gladstone í „Encyclopedia Britannica“.
Um kvöldið les ég einhvern róman
frá „Rússlandi. Síðan í Abfall. Um kl. 11
fór ég með bréf fyrir pabba niður á
pósthús og var þá mjög vont veður.
5. janúar. Schiller bendir á það í „Abfall“
að þorparar og vaningjar notuðu síðskikkju
að skálkaskjóli til þess að fremja ýmsa
glæpi. Þetta er mér vitanlega kunnugt áður,
en hann bætir við að víkinn hafi
þessi siða tví einungis verið kunnug
frá þessu sjónarmiði. Þetta er vafalaust
rétt og sýnir það að það hefur
alls eigi verið sprottið af þröngsýni
sinni, er kaþólskir valdhafar ofsóttu
mótmælendur: Í þeirra augum voru
breytingar, sem sagt, einungis ófrið
mörð eins, brennur o.s.frv. Var því
náttúrlegt, þótt ekki væri til annars
en verndar friðsama borgara og líf manna,
að halda þessari hreyfingu niðri. Ég

minnist þess eigi, að hafa séð um þetta getið, eða á þetta bent áður í sambandi við grundvöllinn: t.d. Fillippusar II.; og gætir það þó víða nokkra slagsmagn á því.
Fer á fætur kl. 9. Geng inn á Eskihlíð og niður Laufásveg. Annars les ég allan daginn í „Abfall" og er það all-góð bók. Fór þó til bókbindarans að selja bók. Hitti á leiðinni Bjarna síldarmann Guðmundsson og talaði nokkuð við hann.
6. jan. Á fætur kl. 11. Les í „Abfall". Fer til Ömmu eftir mjólkinni. Lét Pétur vekja mig. Geng niður í bæ. Hitti: Björn Ólsen-mág Ólafsson. Tala lengi við hann einnig Stefán Sigmundsson. Kittur heima. Les áfram í „Abfall" Fer í Bíó um kvöldið. Þar sýnd hund-ómerkileg mynd. Les svo í Abfall.
7. jan. Á fætur kl. rúml. 10. Les í „Abfall" Fer út til þess, að grennslast eftir því, hver ar kemba byggi, en fæ ekkert víst að vita. Les síðan áfram í „Abfall". Um kvöldið fengu þeir mig út með sér Júlíus og Kristinn Stef-
(framhald)

Dagbók.

7. janúar. Hittum Jón Stef. og komum heim til Júlla. Er heim kom fór ég að lesa í „Þjóðréttarmannkvendi" Einars. Skömmu síðar kom Pétur líka. Talaði hann nokkra stund við mig og fengum við kaffi.
8. janúar. Á fætur kl. 9½. Les í „Abfall" Ætla í tíma hjá Einari, en hann var veikur. Tek til bókar minnar. Fer til Péturs eftir Stjörnutíðindunum. Kom Pétur heim með mér, var hann hér mest-allan daginn að tefla við mig. Loftur Blöndal kom til þess að fá Skrúðmáls-söguna. Ég les dálítið í Krókaþjótti. Sit við „Abfall" um kvöldið. Það er ágæt bók. Skemtileg og gremileg. Stórmerkilegt er að sjá hvernig kaupmensku-andi Aut sjampen-lúða verður bein-línis orsök í falli þeirra. Síðan las ég nokkuð í „Pillars of Society".
9. janúar. Á fætur kl. 11. Eftir mat geng ég út. Hitti Ragnar Jónsson. Göngum við lengi saman, fyrst niður með höfn og þaðan inn Laugaveg og inn að Tungu. Á þá fór slört

Bjarni Guðmundsson með okkur, einnig Sigurður frá Kleppi, sem var á leið heim til sín. Bjarni segir að Sigurður Thor. muni hafa fengið því skotið til Stjórnarráðsins hvort reka skyldi Harald úr skóla. En nú er þó [illegible] mentamálaráðherra í fjærveru Magnúsar, og var því ekki ómögulegt að S. G. fái þessari kvörtun framkomið. Les í kröfurétti, borgararétti og refsirétti. Kom Ragnar Ólafsson. Eftir kvöldmat les eg í „Pillars of Society". Hér komu þeir til þess að tala við Svein, Halldór Jónsson frá Akranesi og Magnús Vagnsson.

11. jan. Í öllum tímum sem voru. Les alt undir þenna dag, nema [illegible] í refsirétti. Fékk sendar vasabækur frá Haraldi Árnasyni. Um kvöldið fór eg á Nýja-bíó. Var þar sýnd fádæma ómerkileg mynd, svo að eg heiti því að fara ekki héreftir uppá [illegible], nema sérlega [illegible] myndir.

Dagbók.

12. janúar. Er í öllum tímum sem voru. Var Ragnar Ól. hér frá 2 til 4. Er að lesa allan daginn og komst yfir alt nema kafla af refsirétti. [illegible] að danir [illegible] Íslands í sambandi við skaðabætur fyrir [illegible] boðið. Blaða [illegible] í [illegible] um kvöldið og les síðan „Pillars of Society".

13. janúar. Er í öllum tímum sem voru. Les kröfurétt og „Íþróttasamband". Fer á [illegible] safn og les [illegible] í „Review of reviews". Þar í [illegible] frásögn um bók um Vilhjálm keisara II. eftir Emil Ludwig þýskan. Er bókin [illegible] mjög, en [illegible] bókin sem og þessi grein mun vera [illegible] Vilhjálms. Þá endar á því að tilfæra orð sem Játvarður Bretakonungur á að hafa sagt um Vilhjálm frænda sinn: „He is the most brilliant failure in history". Les í „Pillars of Society" um þá prófessor Geddes

Mr. F. E. Smith, Mr. Strachey og Mr.
Winston Churchill. Svaf mjög illa
að sofna um kvöldið.
13. jan. Les í „Review of reviews"
grein eftir Wickham Steed þar
sem hann segir, að í stríðinu æ
hafi verið „a clash of ideas" milli
Englands og Þýskalands, því að
Þ. hafi verið fulltrúar hernaðar og
hervalda en hinir einstaklings frelsis
og víðsýnis. En það virðist óneit-
anlega hafa verið einkennilegur
vinur gegn harðstjórn og hervaldi,
sem England hefði í lið með sér,
sem sé Rússa. Enda á vöxtur
frelsissinnanna mikill þar sem
stór: Rússar, Ítalir, Pólverjar,
allir með brýnar [illegible] og
hervaldsstjórnir. En annars mætti
segja að þær hlíta slaðurum sem
persónu skuli enn vera haldið
fram. En í öllum tímum, sem
eiga ber. Fór niður á safn eftir
heimspekistímann og las þar í „R. of
R." Les heima í „Þjóðréttarsambandi".
Förum við Pétur saman á

Dagbók.

13. jan (framhald) fund í „frjálslynda
félaginu". Þar flutti: Guðmundur
Benediktsson [?] fyrirlestur um stefnu
frjálslyndra manna Þýskalandi [?] og
hér á landi. Var margt rétt hjá
honum og virðingarvert það,
sem hann sagði, en það var
ekki flutt með neinni mælsku eða
sannfæringarkrafti. Einnig töluðu
Jakob Möller og Sigurður Þorsteinsson [?]
Jakob var góður. Fengum kaffi
á heim kom. Einnig komu þeir
Þórður [?] og Ólafur [?] Halldórsson
voru þeir hér all-lengi að spjalla

14. jan.
14. jan. Í „Þjóðréttarm." og rökfræði. Æfi
mig lítið eitt á ritvélina. Fór eftir
rökfræði niður á safn og las þar
aðallega í „Fortnightly Review", um
enska flokkaskipun og pólitískt
ástand Evrópu. Eftirtektavert er það,
að þar er sagt að Englendingar hafa
raunverulega farið í stríðið sakir
þess að Þjóðverjar hafi ætlað að
brjóta valda-jafnvægið [?]. En þetta
notaði annað en sagt er í R. of R.

Les í „Sjóréttarsambandi" og „Pillars of Society". Kom Pétur hér, sagði okkur Hermot hinn franska dauðan. Hafi það staðið í ensku blaði hinn 5. Er stór-furðulegt að þetta skuli eigi hafa verið símað hingað, þar sem maðurinn var með hinum merkustu stjórnmálamönnum álfunnar. Fór inneftir með Pétri til þess að ná í Andvara með ævisögu Hannesar Hafsteins, svo að hægt væri fyrir pabba að athuga hvar það, sem þar er komið fram með í sambandi við Sjálfstæðismenn og fá að leiðrétta það í sögu Bjarna frá Vogi, ef tilefni gefist til.

15. janúar. Er í tíma hjá Einari. Fer niður á safn og les í dómum og blöðum í fleiri bókum. Les nokkuð í kröfurétti. Kom Pétur hér og var þá úti um allan lestur. Förum um kvöldið vestur í bæ eftir kvöld, síðan til Simma, um kvöldið les og nokkuð í „Andvökum" Stephans G.

Dagbók.

16. janúar. Hér komu kl. 1½ Pétur og Júlíus Sigurjónsson. Voru þeir hér lengi, til kl. 5. Töluðum, drukkum kaffi og spiluðum. Hér kom og skömmu síðar Gísli Guðmundsson, vildi hann fá mig til þess að tala á fundi í 1926 félagi. Ég neitaði því að sinni. En við spjölluðum saman um ýmislegt, einkum aðallega um bannmál og landbúnað. Les kröfurétt og „Sjóréttarsamband". Kom Bjarni bókbindari og talaði við mig. Seinna komu hér Ólafur G. E. og kona hans og Gunnar Salómon. Fáum kaffi. Les í Pickwick, hinni ágætustu bók.

17. janúar. Er í öllum tímum. Les kröfurétt, samband og hjúskaparlög. Kom Ragnar Ólafsson hér. Förum á fund í Stúdentafélagi Háskólans. Þar hélt Stefán Jóhann ræðu um jafnaðarmennsku. Var hún sæmileg, en fjörlaus og sveflandi. Eigi sannfærandi og afráðinni eða hvergi í neinni fjarstæðum. Einn töluðu Kristinn prestlegt, Gísli Guðm. hélt hjálinu. Les „Cinematic" um kvöldið.

18. jan. Svaf yfir mig svo að ég komst eigi í refsirétt. Var í öðrum tímanum. Eftir kl. 5. var Ragnar Ólafsson hér, varð því minna úr lestri, en ella hefði orðið, en samt las ég kröfurétt. Eftir kvöldmat leit ég litið í „Sambandið", en fór síðan að lesa próförk af æviminningu Bjarna frá Vogi með pabba. Kom [illegible] nýkominn frá Vestmannaeyjum. Fékk hann kaffi og [illegible] við [illegible] við hann. Sendu þeir hann og Pétur [illegible] Sveini, sjál, sem „Passion" heitir og nú mun „[illegible]" spilað. Fór það alt hið besta fram.

19. jan. Var í öllum tímum. Las kröfurétt og „Sambandið". Fór niður á safn og las í dómum einnig nokkuð í „Fortnightly Review". Fór að hlusta á trúmálafyrirlestur Ágústs Bjarnasonar. Alt rétt, sem sagt var, en ég vissi mest alt áður. Las í Pickwick um kvöldið. Kom Pétur hér og talaði ég nokkuð við hann.

Dagbók. 1927.

20. jan. Var í tímum. Las réttarfar [illegible] og kom þar upp. Síðan fór ég niður á safn og las í „Fortnightly Review". Þar var meðal annars grein um bíómaskínuað og ein ákvæði um hvaða miklu óþarft komu[illegible] eldur en í lögum hér á landi. Eftir kvöldmat skrifaði ég greinarkafla eftir Bjarna frá Vogi, í „Ingólfi" 1906, upp fyrir pabba. Las í „Sambandinu" og síðan í Pickwick.

21. jan. Fór niður með hópi um morguninn. Dásamlegt veður og afbragðs fagurt útsýni. Var í „Sambandinu" hjá Einari. Heim kom Kári Stefánsson. Hlýddi á samtal hans og pabba og talaði ég og nokkuð sjálfur við hann t.d. um greinar Benjamíns og vorum við sammála um það að lofa þær. Las nokkuð í réttarfari. Var í tíma í heimi. Fór á myndasýningu Kjarvals. [illegible] og [illegible] þar var Matth. Ásgeirsson og keypti hann mér aðgöngumiða inn. Þar eru margar ágætar myndir, t.d. allar mannamyndirnar á götum. Best fanst mér

mynd af „Guðmundi bónda". Er það
vafalaust einhver besta andlitsmynd,
er gerð hefir verið af íslenskum
manni. Ágætar voru og margar
fjallamyndirnar. Les í „Þjóð[illegible]"
~~H~~ Tíum hangikjöt í kvöldverð í
tilefni þess, að fyrst dagur þorra
er. Fer á fund í „Iðnó". Ragnar Öl.
hélt þar ágætan fyrirlestur um
sjálfstæði Íslands. Taldi hann sjálf-
sagt að Íslendingar segðu sig lausa
frá Dönum, þegar er færi gæfist.
Gísli Guðm. var eigi alveg á þeirri
skoðun. Taldi hann Íslendinga hafa
um margt annað þarfara að hugsa
en sjálfstæði sitt. Hélt hann þá og
of fátæka til þess, að hugsa um
það „tildur" að fara einir með
sín „mál". Sambandslögin væru góð
og þyrftu eigi breytinga við.
Gamli sáttmáli hefði verið mikill
[illegible]. Fleira mælti hann og í
þessum anda, þeim anda, sem
ekkert sér nema fátækt og smæð
Íslendinga í þeim skilningi, er
engin andleg verðmæti fær skilið
(framhald)

Dagbók. 1927.

21. jan (framhald). Ég og Kristinn
Stefánsson mótmæltum þessum firrum
nokkuð. Ég var eigi undir það búinn
að tala þarna varð því mál mitt
eigi svo skipulegt sem skyldi,
í [illegible] hiti og um að lýsa
þessum „landráða" hug Gísla
frekar á þessum stað því að ég
vildi eigi fara út í hártoganir að
deila við hann að sinni. Þó hygg ég að
mér og Kristni hafi tekist að segja
að Íslendingar gætu og hefðu haft
óhag af því að vera í sambandi
við Dani, en hinsvegar engan eða
nauðalítinn hag. Enda var Gísli
svo að segja einn um sínar
auðvirðilegu landráða hugsanir.
Þarna var drukkið kaffi [illegible]
og sagðar draugasögur. Síðan
gengum við saman suður á
Tjarnarbrú.

22. jan. Kom Pétur hér. Fer niður í banka
og baðhús. Í tíma hjá Einari. Læt
klippa mig. Les í kröfurétti og síðar
stjórnarskrána. Les í Pickwick. Hringdi
[illegible] og spurði hvort ég ætlaði á bíó, og

laust nei við, en lét honum heimilt
að koma hingað, varð það og úr.
Töluðum við fyrst saman um ýmisleg
málefni, fengum kaffi. Síðan kom
Sveinn með Magnús Vagnsson og
fórum við í „bassion“.
23. jan. Fór á fætur kl 9½ f.h. Las
í Stjórnlagafræði. Fór niður í bæ
með Pétri Guðm(?) niður í bæ, eftir
hádegi, hittum Zóphónías. Fórum allir
heim með Pétri. Fáum kaffi og
spilum. Fór aftur niður í bæ
með Zóphóníasi. Las í Rickewick lengi
kvölds. Kom til Baldurs sem snöggvast
24. jan. Er í öllum tímum, og las
samtímis(?). Hitti Jónas Kaldason(?)
kom hann heim með mér og
talaði við mig í ½ tíma. Fór
í rökfræði, sakir dags á
nafnaþingu(?). Sat góða stund
uppi á Mensu og talaði við
Zóph. og ... og [illegible] Blöndal.
Las í Rickewick sem kvöldið
og lék við hann, á gat bóka-
Er með mikið kvef og hálf-bæri(?)
allan daginn.

Dagbók 1927.

25. jan. Er með mikið kvef. Er í
öllum tímum. Er á bókauppboði. Mest
sundurlausar bækur, rómanar og
tíningur. Kom Gísli Vilhjálmsson
sem snöggvast um kvöldið. Las
í kröfurétti og stjórnlagafræði.
26. jan. Er í öllum tímum nema kröfu-
rétti, kemur ekki sakir kvefs. Er á
bókauppboðinu allan daginn. Fá
bréf frá Ólafi Halldórssyni, dagsett
27/1. 1927. Fór inn-eftir með Pétri
um kvöldið. Síðan niður á Mensa.
Þar voru nokkrir stúdentar og
vorum við að tala við þá. Skrifa
Ólafi svarbréf.
27. jan. Er í tímum. Er á uppboðinu
svo keypti Pétur töluvert af Stjórnar-
tíðindum sem hann lætur mig
fá. Hér kom Guðjón Finnbogason
um kvöldið til þess, að tala við
Svein. Las í Biblíubókinni(?).
28. jan. Á fætur kl. 8½. Gekk upp á Háteig
mér til gamans. Í tíma. Las rökfræði.
Kom Pétur hér, tala við hann. Í tíma
hjá Ágúst. Gekk inn-eftir með Pétri.
Fá þar nokkuð af velvöldum bókum.

Var á fundi í Stúdentafélagi Háskólans þar talar Kristinn guðfræðingur um þegnskylduna. Leiðinlegur sem vant er. Hann var með þessu ásamt Þórarinn Þórarinsson og Gísli Guðmundsson. Á móti Helgi Konráðsson, Pétur Ben. Kristján Kristjánsson og Þorkell Jóhannesson. Eyþór lofaði mér kaffi ef ég talaði og gerði ég það þessvegna. Var hvorugum megin, en ávítaði Kristinn. Að loknum fundi gengum við, Jón Blöndal og Ragnar Ól. heim með Eyþóri og vorum þar nokkra stund.

29. jan. Var niðri á safni að lesa í ýmsum bókum fyrri-hluta dags. Fór til Péturs og leiðrétti „Stjörnufræðina". Hitti Rút kom hann heim með mér. Töluðum um ýmisleg efni. Hann eigi alveg viss um það, hvort hann myndi taka próf í vor. Fór svo til Péturs og hjálpaði honum við samlagning. Kom Pétur heim og vorum við hér um kvöldið.

Dagbók 1927.

30. janúar. Eftir hádegi gekk ég út. Hitti Matthías Ásgeirsson bauð hann mér inn á sýningu Kjarvals, leit ég þar inn sem snöggvast. Fékk síðan niður með höfn þaðan fór ég á fyrirlestur Ólafs Friðrikssonar um dýravöktun hér á landi. Vildi hann fá hingað tamin hreindýr frá Noregi. Sauðnaut frá Grænlandi, hvíta minkmeðdýr, skinni og setja í laxategundir, taka endur í stað hænsna, fá selinn, sefila og rostung. Mæltist honum vel enda var góður rómur gerður að máli hans. Síðan fór ég heim og las [illegible] um [illegible] í tal þeirra pabba og Friðriks Ármanns. Spilaði við Svein og einhverja fleiri.

31. janúar. Fór á fætur kl. 8¼. Gekk inn á Eskihlíð, ágætt veður og fagurt um að litast. Las í stjörnulagafræði, fyrir um morguninn og lengst af. dags og undir rökfræði-tíma og fór í hann. Fór niður í Stjórnarráð eftir stjórnartíðindum lofaðu þeir að senda þau heim. Kom Pétur hingað um kvöldið fór ég niður á Mensa

og horfði þar nokkra stund á
taflspilslingana. Er heim kom var
Páll Eggert þar. Var þar drukkið
kaffi.
1. febrúar. Á fætur kl. 8½. Geng
niður með höfn, þaðan vestur í bæ
með bóka til bókbindarans. Les
í Stjórnlagafræði. Les rökfræði.
Les Rhetoric Whatelys. Um kvöldið
kom Eyþór, Pétur skömmu síðar.
Spiluðum cassion.
2. febrúar. Les í Whatelys Rhetoric
mest-allan daginn. Einkennilegt er
sumt í henni, svo sem þá er hann
fyllist sanna að villimenn séu
komnir af siðuðum og engar líkur
á siðum manna hafi fjörleitt átt
sér stað. Var illt í höfðinu um
hádegið og gekk þá lítið eitt út.
Kom Ragnar Ólafsson hér. Um
kvöldið fór ég á bío með Pétri.
Átti það að vera mjög ágæt mynd
en var það alls-eigi. Síðan fórum
við á Hressu og drukkum þar kaffi
ásamt Eyþóri; Las Lénharð fógeta
þegar ég var háttaður um kvöldið

Dagbók 1927.

3. febr. Les rökfræði og á „Rhetoric"
en að þessu mest allan daginn. Eftir
hádegi fór ég til ömmu. Talaði
nokkuð við hana. Síðan skrapp
ég inn til Baldurs og ræddi við
smá-strákana í rökfræði. Kom
Friðrik Kvaran og masaði hann við
okkur Svein þar til pabbi kom.
Að kvöldverði afloknum gekk ég
út sem snöggvast. Þegar heim kom,
var Guðjón Finnbogason hjá Sveini.
Skömmu síðar kom Eyþór. Spiluðum
við svo cassion til kl. rúml. 1.
4. febr. Les rökfræði. Fór í Gutenberg
og niður á þing fyrir pabba. Ætlaði
að hlusta á mál S.g. S.g. fyrir
Hæstarétti. Sækjandinn Björn Kalman
hafði auðsjáanlega lagt sér
málið mjög rökrétt en var
ekki svo slyngur og ákærðum, sem
helst hefði verið ákærð. Pétur
Magnússon, verjandinn, var öllu
betri. Fór í rökfræði, kom upp.
Stína komu Ragnar Ól. og Eyþór
Reyndum dagurinn í því að skrifa
upp eftir upplestri. Um kvöldið

Á Framtíðarskemtun kvöldið áður.
var Símon orðinn nokkuð kendur.
Kelaði hann svo að Jóni Ófeigssyni
og sagði við hann: „Þér hafið
lesið margar bækur, Jón!". „Já"
segir Jón, „mjög merkilegar". Þá
dró nú þeir Símon brott en Jón
var hinn reiðasti. Er í vélafræði,
komu Sög Íslands. Kom Pétur
Hjörmann síðan ~~Egg~~ Ritter. Fengum
út með honum. Um kvöldið kom
Eggert, fórum við saman til
Péturs spilaðum þar og fengum
kaffi. Tók Eggert lánaðan Kielland
hjá mér. Ég fékk reiðhjóla hjá
Pétri sem ég kaus við um kl. 3
um nóttina.

8. febrúar. Seint á fætur. Fór niður
á safn og las í Review of Reviews.
Tala við Ara Pálsson um sögu Welly
Gerir hann mjög lítið úr henni.
Fór til Ámmer, tala lengi við hana.
Kemur Ritter heim og fór mig út
með sér. Um kvöldið fór ég með
pabba og mömmu til Baldurs í
tilefni af afmæli Kristins Magnússonar.

Dagbók 1927.

9. febrúar. Um morguninn, þegar ég
ætlaði að fara að klæða mig, var
ég kunninn svo illilega í, að ég
mig leið. Var við þingsetninguna, fyrst
í kirkjunni og síðan í þinghúsinu.
Ræða Bjarna klerks var ákaflega
ómerkileg. Gaman var við kosningarnar
að athuga, hve Íhaldsmenn urðu
feiki reiðir þegar Jóhannes fékk-
Skrifa Kristjánsson. Um kvöldið voru
þeir hér að spila Pétur og Eggert.

10. febrúar. Gísli Vilhjálmsson kom
um morguninn. Ég var niður á þingi
Las í „Refsivist á Íslandi" lengi dags
einnig nokkuð um kvöldið. Karl
D. Tulinius hringdi til mín og bað
mig um það, að finna sig, gerði
ég það. Sagði hann mér frá því
að Vörður hefði stofnað unglinga-
deild kvöldinu áður. Þar hafði
verið fámennt og ekkert merkilegt
gerst. Kom Ritter heim og gengum
við Sveinn út með honum. Um
kvöldið fór ég niður á Hemma og
hlýddi á tal manna. Fékk kaffi er
heim kom.

11. febrúar. Fór niður á þing og
hlustaði síðan á próf í læknisfræði.
Hitti Ragnar Jónsson, lét hann vel
yfir forsetakosningunum. Las í Refsi-
rjett. Fyrir kvöldmat gekk eg úti
með Rut. Um kvöldið kom Eyþór og
spiluðum við bræðurnir cassion
við hann.
12. febrúar. Hlustaði á embættispróf
Ísleifs Árnasonar í lögum stóð
hann sig sæmilega. Kom á
þingið sem snöggvast. Fór til
Önnu. Talaði við Gunnar Sel
um átvinnumálið, hann með
[illegible] en eg á móti. Skrifaði
Ólafi Halldórssyni. Las í Refsirjett.
Komu þeir Pétur og Eyþór. Fórum
við bræðurnir skv. báðir upp
á Háteig. Þar voru einnig
[illegible] Pétursson og Ólafur vinnu-
maður. Spiluðum whist.
13. febrúar. Fór niður með bókum eftir
hádegi. Las í Refsirjett og lýk við
hana. Raða þingtíðindunum og tek
bækur til. Um kvöldið spiluðum við
Pétur cassion við Rönku og Sillu.

Dagbók. 1927.

14. febrúar. Um morguninn var eg
að laga til í bókaskápunum og fór
með bækur til Péturs. Fór sem snöggvast
niður á þing og hlustaði síðan
nokkra stund á próf í lækni-
fræði. Var annars allan daginn
eftir það að leiðrjetta Sög. Íslands
skv. lagabreytingum, sem orðið hafa
eftir það að þau voru gefin út.
Um kl. 2 hitti eg Harald inspector
scholae úti og talaði nokkuð við
hann. Sagði hann mér að nú væri
það í ráði að Mentaskólamenn
tækju upp sérstakar húfur.
Eyþór kom hér um kvöldið og
fengumst við mest við það að
athuga skv. bók er Eyþór hafði,
skaplyndi manna af ýmsum
ytri einkennum. Fengum kaffi.
15. febr. Leiðrjetti Sög. Íslands. Fór
niður á þing og hlusta á umræður
til kl. 3½. Þegar heim kom var
þar Bjarni Benediktsson frá Húsa-
vík. Hlustaði eg lengi á tal pabba
hans og drakk með þeim kaffi. Fór
til Péturs til þess að ná í bók. Tekk

Bjarni Guðm. með mér. Les Kröfu-
rétt og Stjórnlagafræði. Um kvöldið
á Samkomu stúdenta 1926. Samúlegt.
16. febrúar. Í tímum. Er niður á þingi
og hlusta á umræður um járn-
brautina og fossavirkjun. Jón Þorl.
með álitlegar en þó augljósar
blekkingar. Jakob Möller góður.
Les Kröfurétt og Stjórnlagafræði.
Um kvöldið var ég að hjálpa
Baldri við prófarkalestur. Kom
sem snöggvast til Önnu.
17. febr. Í tímum. Les heimspeki.
Fór ofan í banka, þaðan niður á
þing, en það var að venda úti.
Hitti Rut þar, gengum við nokkuð
saman úti, en fórum svo heim
og var Rut lengi hér. Í heimspeki
Les Stjórnlagafræði og Hlutarétt,
hripa upp uppkast að grein um
„Refsivist á Íslandi“ skv. beiðni
Baldurs. Fór sem snöggvast á
Laugaveg 66 eftir bók til
Péturs.

Dagbók 1927.

18. febrúar. Í tímum. Fylgdi Guðmanni
Kristjánssyni stud. med. til grafar. Voru
stúdentar þar in corpore með fána
sinn. Guðmann var ritari Framtíðar-
innar, þá er ég var í 4. bekk. Þótti
hann mjög langar og góðar fundar-
gerðir, og var hinn besti viðureignar.
Les heimspeki og er í henni. Les
Stjórnlagafræði. Leiðrétti Hlutaréttinn
eftir Péturs bók.
Einar Guttorm orti þessar vísur til
Eyþórs og lét ganga í [illegible]-tíma:

Eggjakvottum oft ég sá
afram- spotta salni.
Sýnubukflotið a er á
Eyþór skottadekni.

Um hans leikni lítt skal sagt
lokar sem leikmönnum veldur.
Svo er rangt hans veikna magt
er rönunum [illegible] seldur.

Eyþór kom hér um kvöldið. Vildi
hann svara fyrir sig með öðrum
vísum. Réðum við því í Pétur og
setti hann, með okkar aðstoð, þetta
saman!

Mjöðinn Suttungs margfaldar,
montinn flutti vísurnar,
Einar Sutter orkusnar
aldrei stuttar forþénar.

Einar lét í oft um nátt,
út um stræti fremur.
Rómi sætum syngur dátt,
sveiflar fæti og lemur,,

Að hverð skápnum loknum fengum við kaffi og spiluðum nokkra stund. Las Hlutarétt í bælinu.

19. febrúar. Er í tímum. Fer með Hlutaréttinn í bókband. Skrapp niður á þing. Las kröfurétt. Fór niður á safn á sem snöggvast. Las í Lögreði. Spilaði við pabba, mömmu og Önnu vika Svanna. Las í „Peguneces“ eftir Colima, danskri þýðingu.

20. febrúar. Las Lögreði, Stjórnlagafræði og í refsirétti. Heyrði nokkuð á tal Magnúsar Torfasonar og pabba. Pabbi sagði um Ingólf bæjarfógeta að „hann væri auðvitað fínn og prýðilegur og ekkert hefðist upp úr honum“. Þessu svaraði Magnús svo frekar

Dagbók 1927.

20. febr. (framhald) „Já, Steinninn er nú líka fínn.“ Fóttu það vel svarað Siggi niðri í bæ hitti Egfjör og Pétur, þeir komu heim með, fengum kaffi.
Lögfræðiskrifa Refsiréttargreinina.
Les það í sem allrahraðast. Hefir kafla úr hlutarétti, bæði milli 5 og 7 og 8 og 10. Les annars í þessari sömu spönsku sögu, sem virðist vera ágæt.

21. febr. Er í öllum tímum og les alt, sem lesa ber. Las í „Peguneces“ og lýk við þá. Það er ágæt bók, hið mesta háð um hið léttúðuga líf efristéttanna.

22. febr. Er í öllum tímum og les undir þá. Hlustaði nokkra stund á umræður í Neðri-deild. Um kvöldið skrapp eg á Laugaveg 66. Heima voru Páll í Kaupangi og Sæmundur Brynjólfsson.

23. febr. Er í öllum tímum. Það er frí í kröfurétti. Fengum út í þeim tíma og sátum inni á Mensa. Las aðeins í Hlutarétt hjá bókbindaranum. Leiðrétti hann. Fór á Gamla-bíó um kvöldið. Það var heldur ómerkileg mynd.

24. febrúar. Fer í baðhúsið. Frí hjá prófessor Ólafi. Gekk suður að Skerjafirði með Ragnari. Fór niður á þing og hlustaði þar á umræður. Voru þar heldur ómerkilegar, þó nokkrar deilur milli Héðins og Ólafs Thors. Gekk uppeftir með Gísla Guðmundssyni um skólamál. Fá þó[?] Fallusar[?] gamanblað í skóla. Er það all-gott og á gott hrós um Jón Ófeigsson margt. Les heimspeki. Fer ekki í tíma, sakir þess að ég hjálpaði Pétri við vélritun á fyrsta[?] brennisteinsbréfi. Les Stjórnlagafræði. Kom Egþór[?] sinn heima að hjálpa allt kvöldið, skruppum þó niður á þing með Pétri, E. Þór[?] átti annað[?]. Fengum [illegible] Ólafi.

25. Fagur og er á leið í tíma, sé ég árekstur tveggja bifreiða á Pósthúshorninu. Frí hjá Ólafi. Geng með Pétri innaftir. Komum síðan á Menið[?] í tíma hjá Einari. Les heimspeki. Geng niður í bæ. Athuga þingskjöl í heimspeki, kem upp. Les Stjórnfræði og Hlutarétt. Stríða[?] síðan úti í horninu.

26. febrúar. Frí hjá Ó. L. Geng úti í mjög gott og fagurt veður. Í tíma hjá Einari. Var niður á þingi nokkurn tíma. Halldór Stefánsson hélt eina af sínum fjár-málavitleysinga[?] ræðum. Frá því kl 2 til 9 var ég önnum að lesa Hlutarétt. Gekk úti um kvöldið. Hitti Lárus Blöndal deildi við hann um Skólablaðið. Síðan Ragnar Jónsson gengum við lengi saman og töluðum um heima og geima, Einar slóst og í för með okkur. Ragnar er sá maður, er einna skemtilegastur er viðræðu, sakir fróðleiks og vits.

27. febrúar. Les Stjórnlagafræði. Eftir mat geng ég út með Sveini og Pétri. Förum upp á Skólavörðuholt og niður að Landsspítala. Þaðan förum við á Laugaveg 66. Ræðum við bræðurnir um Guðmund Kamban og Leikfélagið. Við Pétur frekar með Guðmundi. Sveinn sunnar[?] og Lára með Leikfélaginu. Hitti Kristinn Stef. Komum, vorum lengi að masa saman. Heima var Guðmundur Brynjólfsson. Um kvöldið spiluðum við, pabbi, Sveinn og Sölvi [illegible]

28. febrúar. Stelpurnar flengja mig um morguninn í tilefni bolludagsins. Í tímum. Prófessor Ólafur er enn veikur. Gekk úti með Ragnari Ól. og Sverri Ragnars. Eftir tíma kom ég í prentsmiðjuna til Baldurs, hafði hann búist við því, að þurfa á aðstoð minni að halda, en þegar til kom þurfti ekki á því að halda. Las heimspeki og er í tíma. Gekk út með Júlíusi og Alfreð. Las. Sang. Ég fór og var hér um kvöldið.

Dagbók 1927.

1. mars. Er í tímum. Var niðri á þingi, þar fremur ómerkileg þvæla um byggðarlegt. Fór að horfa á síðustu æfingu Menntaskólamanna á „Töfrahringnum". Var allgaman að horfa á leikinn með köflum. Eigi fór ég í heimspeki og var það sökum þess að þá ~~stóð~~ leikurinn yfir. Um kvöldið var ég langan tíma að tala við ömmu. Sagði hún mér að sögu er séra Ólafur segir frá í Lesbók Mbl. um Ólaf sekretera í Viðey, hafi gengið á æskuárum sínum, en þá þannig, að Ól. og fleiri stúdentar í Kaupmannahöfn hafi fengið einhvern mann til þess að stela úr fjárhirslu konungs fyrir sig. En svo komst alt upp og þá hafi Magnús gamli Stephensen orðið að kaupa þá út. Amma tilnefndi sem heimildarmann Ásgeir Finnbogason stjúpa sinn.

2. mars. Frí hjá Magnúsi prófessor og Einari prófessor, en Ólafur prófessor hafði tíma. Ég fór með bók í band niður í tíma til Ólafs. Las í kröfurétti.

Var niðri á þingi frá kl. 1 til kl. 4. Þar voru umræður um fátækramál, heldur bragðdaufar. Heim kom Gunnar Scher og Kári Stefánsson. Las í [illegible] og Stjórnlagafræði.
Sama dag var aldarafmæli Kristins Magnússonar langafa okkar. Í því tilefni vorum við inn frá hjá ömmu. Hefði það vel mátt vera skemtilegt, ef eigi hefði verið spilt með þeirri smekkleysu að Bjarna Jónssyni [illegible], var boðið. Fyrir það varð þarna svo fult að við afkomendur Kristins komum ekki að, heldur varð að setja okkur út í horn í annari stofu. Um kvöldið kom síra Sveinn Víkingur hingað og gistir hann hér.
3. mars. Er í tímum. Las heimspeki og Stjórnlagafræði. Er í [illegible]. Fór niður á safn og las þar í Review of Reviews. Las Kirkjurétt. Fór á bíó með Jóni Jakobssyni. Sá gamanmynd.

Dagbók. 1927.

4. mars. Í kirkjurétti. Gekk niður með Höfn og settist síðan inn á Mensa og skrafaði við Júlíus. Í Stjórnlagafræði. Skrapp niður á þing. Las Fíla og Stjórnlagafræði. Fór svo niður á þing. Í tíma hjá Ágústi. Síðan fór ég upp á Mensa og hlustaði á kappræður milli Kornelíusar og Ólafs Friðrikssonar um andatrú. Voru þær skemtilegar og stóðu báðir sig svo vel að vart mátti milli sjá. Ég var þó öllu hrifnari af Ólafi. Fór heim og las. Um kvöldið voru þeir Pétur og Zophonías hér, spiluðum, drukkum kaffi og kjöftuðum.
5. mars. Í tímum. Gekk úti með Ragnari Jónssyni allengi og töluðum við saman um ýmisleg efni. Sat nokkra stund á Mensa. Var lengi niður á safni og las ritgerð um Metternich í nýju sögutímariti norrænu. Var komið fremur kvöldað þar. Þegar heim kom var [illegible] hér, hjá Sveini. Var hann illur viðureignar og hálf-kenndur.

með Pétri
Las í hæstarétti. Gekk úti meðal annars niður á Mensa, hittum Hjálmar og heilsuðum honum. Um kvöldið fór ég á Nýja bíó með Sveini og Ragnari. Sæmileg gamanmynd.

6. mars. Las um morguninn. Gekk úti eftir mat, hitti þá Stef. og Svein Ragnar niður við höfn, gengum nokkurn tíma saman. Fórum síðan inn á Mensa og var ég þar nokkurn tíma. Þegar heim kom byrjaði ég að lesa „Lögfræði og sérlögfræði" eftir Sigurjón Ólafsson, hafði hann sent okkur hverjum einum bæklinginn. Lauk ég við hann um kvöldið. Mér þótti hann ágætur, jafnvel með því vitlausasta, sem ég hefi nýlega lesið. Kom Kristinn Stef. bauð hann mér niður á Mensu upp á kaffi. Síðan fór ég á Laugaveg 66. Fyrst til Óskars síðan fór ég til Baldurs. Þar voru Tryggvi og Jóhannes frá Kötlum. Töluðu þeir mikið um Noreg og sönglist. Jóhannes sagði: að það
frh.

Dagbók 1927.

6. mars. (Frh.) hafði mjög spillt fyrir íslenska flokknum í Noregi í fyrra, að hann hefði komið sig við K.F.U.M. sökum þess að það væri eigi lítið á því stofnun með meiri ... en við hefðum á Hjálpræðisherinn og hefðu þeir söngelskir menn alls eigi hlustað á flokkinn, en hinsvegar hafi það allir, sem það gerðu hrósað honum mjög.

7. Í tímum. Kom í Hæstarétt og hlýddi á dóminn yfir „Kappiten" upplesinn. Las heimspeki og Stjórnlagafræði. Var í heimspekitíma. Var niðri á Þingi að hlusta á umræður mikinn hluta dags og um kvöldið. Kom sem snöggvast á Mensu.

8. mars. Í öllum tímum. Las og svo sem vera ber. Um kvöldið kom Eggert, vorum við hér lengi að tala saman og fórum síðan niður á Mensa og gaf hann mér þar kaffi. Niðri á Mensa þrættu menn mjög um Kamban og Leikfélagið, voru fleiri með Kamban.

9. mars. Er í öllum tímum. Var nokkurn tíma niðri á þingi að hlusta á umræður um þetta nýja bankalán. Gekk heim með Pétri. Las sæmilega. Fengum við Sveinn bréf frá Ólafi Halldórssyni dagsett 1/3. Skrifa honum um kvöldið.

10. mars. Gekk úti um morguninn. Hitti Morten Ottesen og talaði nokkuð við hann. Er í öllum tímum. Skrifa Kristjáni. Las bærilega. Um kvöldið kom Pétur hingað, og skruppum síðan [illegible]. Gengum við svo úti saman. Las lítið eitt í kvæðum Goethes á þýsku.

11. mars. Er í tímum. Fór í baðhúsið og sat nokkurn tíma inn á Mensu. Komum inn frá hjá Önnu í tilefni af 70. afmælisdegi hennar. Um kvöldið reyndum við Pétur að komast á bíó, en tókst það ekki. Sátum lengi inn á Mensu.

Dagbók 1927.

12. mars. Er í tímum. Sat inni á Mensa milli 10½ og 11. Var lengi niðri á þingi að hlusta á umræður um ábúðarmálið. Kom sem snöggvast á Landsbókasafnið, en sá þar ekkert markvert. Þegar ég kom heim voru þeir Sveinn og Pétur að semja grein um húsin á Litla-Kleppi. Hjálpaði ég þeim lítið eitt. Gekk út, hitti Bölla og skruppum síðan [illegible] Bjarna Guðmundsson. Talaði all-lengi við Bjarna. Las til kvöldmatar. Fór á Nýja-bíó að sjá [illegible] myndina, og var hún all góð.

13. mars. Skrapp á Laugaveg 66. Las sæmilega. Gekk úti eftir mat. Hitti Ragnar Jónsson og Sverri Kristjánsson og átti langt tal við þá um ýmisleg efni. Heim kom Kristinn Stef. og áttum við nokkurt tal saman. Kom Pétur. Um kvöldið gekk ég út með Sveini, en fór brátt heim aftur, bjó mig undir framsögu á í félagi stúdenta 1926.

14. mars. Er í öllum tímum. Fór niður á safn og fletti þar upp nokkrum atriðum. Las rækilega undir morgundaginn. Um kvöldið skrifaði ég nokkurn hluta af uppkasti að ræðu minni á fundi stúdenta 1926.

15. mars. Er í öllum tímum. Heim kom Þórarinn Haraldsson, að norðan, og var lengi að tala við hann. Las réttarskjölin í máli drengsins frá Sauðárkrók. Gekk úti.

16. mars. Er í öllum tímum. Las. Fór vestur í bæ til bókbindarans með bækur fyrir Maren. Hitti Júlíus og gekk hann með mér. Síðan gekk ég inn á Laugaveg 66. Lauk við framsöguræðu mína um erlent fjármagn og atvinnurekstur. Fór niður á þing og hlustaði á umræður um Titan. Símon fór þangað með mér. Fór á fund stúdenta 1926. Fremur fámennt, hélt framsöguræðu mína og var góður rómur að henni gerður. Dr. Stef. tók í sama streng og ég. Gísli Guðm. var miklu [illegible] og [illegible]. Einar [illegible] var mjög [illegible] [illegible] og fór svo að [illegible] [illegible]

Aðal-atriði úr framsöguræðu minni á fundi í „Félagi stúdenta frá 1926" 16. mars 1927.

Ávarp. Efasemdir um hvað ég ætti að tala. Valdi að lokum þessa spurningu: „Eiga Íslendingar að leyfa erlendum mönnum stóriðju hér?". Orsakir þess að ég valdi þetta mál. Eitt merkasta mál, sem nú er á dagskrá. Liggur fyrir Alþingi, að vísu [illegible].

Hver á. þjóð á sitt land. Hún hefur háð það með öllum gögnum þess og gæðum. [illegible] slitið, hvað í fyrir fólk það og það, sem nú er í þeim. Af þessu sprettur sjálfstæðis og nýlendumál. Áður en heim leitað í suður- og austurvega. Ástandið þar núna. Kína. Stefnubreyting. Meiri áhugi á norðlægum löndum en verið hefur.

Náttúruauðæfi Íslands. Fiskimið, fossafl og námur meiri en álitið hefur verið. Auðæfin hafa menn séð en eigi hagnýtt sér. Fátækt og fáð landsmanna. Leitað til útlendinga.

Alþingi hefur séð að slíkt mundi óheppilegt. Lög hafa verið sett, sem takmarka athafnir erlendra manna hér. Orsakir þessara takmarkana og sjálfr.

aðhald gegn erlendu fé og erlendum mönnum. Mikilleikur hins erlenda fjármagns. ~~Það~~ Það dregur menn frá innlendum atvinnurekstri. Fleiri þyrpast að en þörf gerist. Atvinnuvegir eru þó bágt ástand þeirra atvinnuvega sem fyrir eru. Erlendir verkamenn. Naumast nema lærðir menn, sem hingað veljast. Óholl áhrif á menningu landsbúa og mál. Erlendir menn geta ~~keypt~~ burtu fé sínu. Að lokk sérleyfistímans ómögulegt fyrir Íslendinga að kaupa. Jafnvel þó ~~þeir~~ gætu keypt, þá mundu erlendir knúa það til þess að veita sér lengri landsvist.
Í fyrra var veitt leyfi til stóriðju á Vestfjörðum. Nú er leitað leyfis til þess að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Sama félag hefur gert áætlanir um verksmiðjur, sem samtals nema 276,900,000,00 kr. í byggingarkostnaði [illegible] máls míns

Mjög lauslegt uppkast að framsöguræðu á fundi 16. mars 1947:

Mér var það sannast hálf-nauðugt að tala hér í kvöld. Kemur það eigi af því, að ég í sjálfu sér hafi eigi nóg að segja, sem mér sjálfum virðist fullgott, heldur af því að ég óttast að áhugamál mín séu að ólík viðfangsefnum þorra félagsmanna og er því hætta á, að þeim falli það eigi í geð, sem ég hefi að segja. Það var því einungis fyrir þrábeiðni stjórnar vorrar, að ég lét tilleiðast að hefja hér umræður eða flytja erindi.
Ég var í nokkrum efa um, hvort ég heldur ætti að velja viðfangsefni mitt svo að engar umræður gætu út af því orðið, eða þá heldur að taka það, sem líkindi væru til að aðrir menn töluðu um.
Valdi ég loks það mál, sem ég hygg nú vera eitt hið merkasta sem nú er uppi með þjóð vorri og það er um það, hvort Íslendingar eigi að hleypa inn í landið erlendum mönnum til atvinnurekstrar hér. Ég tók þetta mál sakir þess, að ég sem [illegible]

álit það eitt hið allra merkasta
mál sem nú er hér á landi og eg
tek í vali minu einnig tillit til þess
að þetta mál liggur einmitt nú
fyrir Alþingi og má því vera, að
það hafi þegar vakið umhugsun
einhverra þeirra, sem hér eru
staddir.

I.

Hver þjóð hefur land, sem hún
byggir. Þetta land með öllum gögnum
þess og gæðum, er í raun og veru
undirstaða hennar, sem ætlað er
henni til lífsuppeldis. En bæði er
það, að löndin eru misjöfn að
gæðum og svo eru þau einnig
ólík að fjölda íbúa og dugnaði
íbúanna. Þetta hefur leitt til þess,
að sum lönd eru þegar full-
numin og fullbyggð. Í þessum
löndum er og fjármagn, sem
þjóðir þær, er þar búa, þykjast
eigi hafa þörf fyrir sjálfar.
Af öllu þessu kemur það að
[illegible] menn sem sjálfir eru
eigna og atvinnulausir eru að
leita sér eftir nýjum svæðum

til landnáms, sem og hitt að
fjárgróðamenn hinna gömlu ríkja,
þar sem lítið fé þarf til nýrra
framkvæmda, eru og að svipast
um eftir nýjum leiðum til
þess að koma krónum sínum. Á
síðari árum hefur komið upp mikil
hreyfing, sem fer í þá átt að
nýta norðurvegi jarðar betur en
gert hefur verið. Segja fróðir menn
að þar séu engin takmörk að lífi
nú í norðurlöndum.

II.

Vér Íslendingar byggjum land, sem
hingað til hefur að vísu verið
talið fátækt og ófrjótt. En nú eru
menn farnir að sjá að þetta muni
eigi vera alls kostar rétt.
Þeir hafa sem sé að hér við
land eru einhver beztu fiskimið
í heimi. Í landinu sjálfu álítu
og ýmsir að meiri og merkustu
málmar séu fólgnir en hingað
til hefur verið álitið. Eru hafa
[illegible] komið auga á þá stórfelldu
möguleika, sem hér eru til fossa-

virkjunar og allskonar gjörsly
í jörðu og lofti í sambandi við
þær.

Ég segi að þetta hafi menn
séð. En engin af þessu hefur
verið komið í framkvæmd enn þá.
Íslendingar sjálfir hafa, að vísu
tekist á hendur að reka fiskiveiðar
að nokkru leyti með nýtísku aðferðum.
Það gerðu þeir eigi fyr en þeir
höfðu séð erlenda menn skafa
[illegible] sín áratugum saman. Annað
hafa Íslendingar eigi gert enn þann
dag í dag. Að vísu hafa þeir
sett lög, sem meina erlendum
mönnum rétt til fossavirkjunar
og fiskveiða hér á landi, nema
samþykki Alþingis komi til.
Þetta eru sannarlega virðingar-
verð lög, en þau eru eigi ein-
hlít, því að margir þeirra lands-
manna hefur séð það réttilega
að Íslendingar eru sjálfir eigi
menn þess færir að vinna þessar
auðsuppsprettur sínar. En á hinn
bóginn blöskrar þessum mönnum að

sjá auðæfi þau ár eftir ár
hverfa í sjóinn, án þess að verða
nokkrum manni að gagni. Þessir
menn hafa og séð að vér Íslendingar
höfum eigi nægilegt fjármagn sjálfir
til þess að leysa og þessi gögn vor
í nyt. Því hefur verið gripið til þess
örþrifaráðs að leita til erlendra
manna um fé. Nú myndu margir
segja „Er þetta einmitt ekki gott
og blessað, er ekki galdurinn leystur
með þessu!" Það hygg ég að
varasamt sé, því að ef erlendir
menn ná hér tangarhaldi á atvinnu-
vegum, þá má ætla að hér fari sem
víðast annarsstaðar en á ástand
með öðrum þjóðum hefi eg þegar
á drepið. Svo sem og má sjá
af ástandinu víða í Austurlöndum,
Mexico og víðar. Erlendir fjármála-
menn þeir hugsa einungis um
sig, þeir geta lagt hér fram feikna
fjárhæðir sem eru margfalt
meiri en hið mesta ríkidæmi sem
hér þekkist. Þeir geta reist hér
geysimikil atvinnufyrirtæki, sem

bæði kalla til sín fjöld manna
frá öðrum atvinnuvegum í sveitunum og
hamað þá þannig stórlega. Því að
þegar þessi nýju atvinnutæki rísa
upp þá flykkist þangað ungum og
margmenni, í von um betri daga.
Sumir fá vinnu en ef t.l. vill
meiri hlutinn flosnar alveg upp og
lendir í örbirgð. Það er og títt að
til verka þessara þarf að flytja
inn erlenda verkamenn, sakir þess
að íslenskir kunna verkið eigi í
upphafi og ef t.l. vill sumir af
þeim óvönum að þeir séu kaup-
hærri. En í þessu sambandi verðum
við að minnast þess, hve vér erum
sjálfir fáir. Við verðum að mannast
þess hvílík geysileg áhrif
erlendur óþjóðalýður, því að annað
mundi naumast veljast hingað, getur
haft á þjóðerni vort og hagi
yfir leitt.
En verðum vér að athuga það,
að þó svo sé, að vér getum
sjálfir keypt fyrirtæki þessi eftir
[illegible], þá er slíkt, vegna

sagt lítið annað en blekking. Því
að, hvað áttu landsmenn að taka
fé til þess að kaupa tækin, þegar
erlent fjármagn verður orðið yfir-
gnæfandi í landinu. Og þegar
erlendir menn eru búnir að
sjúga merginn úr íslenskum
atvinnuvegum. Og jafnvel þótt
vorir eigin atvinnuvegir stæði með
svo miklum blóma að vér hefðum
fé aflögum til kaupanna, er þá
mjög líklegt að auðkýfingarnir
mundu sleppa hendi sinni af
þeim. Geti eigi farið svo að
þeir vildu eigi fara, þeir kölluðu
á vernd heimaríkja sinna til þess
að þau aðstoðuðu þá við nýjar
samningaumleitanir. En lokum
fyrir það skotið að þeir mundu
jafnvel senda her hingað t.l.
þess að verja borgara sína?
Á það bendir áreiðanlega reynsla
annarra ríkja.
Þingið hefur séð þessa hættu því
hefir það sett lög, sem útiloka
erlenda menn frá atvinnurekstri hér

Þarf því leyfi þess til þess að
erlendir menn megi hefja hér stóriðju.
Um þetta leyfi hefur verið sótt. Í fyrra
sótti félag á Vestfjörðum, sem
hugðist að ráðast í stórvægar
framkvæmdir á Vestfjörðum. Leyfið var
veitt, en það kemur vonandi aldrei
til framkvæmda. Nú sækir félag
um leyfi til iðnaðar á Suðurlandi
og á stofnkostnaður að verða hér um
bil 42 miljónir. Allar horfur eru
á því að leyfi þetta verði veitt.
Þeir munu koma á eftir þessum
félögum og krefjast sérleyfis, eða
hóta ella öllu illu. Titan sem
hefur áætlanir um fyrirtæki, sem
skv. áætlun félagsins eiga að
kosta 276,900,000.00 kr.
Þetta er því ekkert smáræði og
sannarlega vert fullrar íhugunar
og aðgæslu.
Niðurstaða mína af öllu þessu
getur því orðið sú, að hættan á
misbeitingu hins erlenda fjár sé
of mikil til þess að þorandi sé
að veita erlendum rétt til starf-

ræksla. Það er sannarlega rétt
að Ísland sé auðugt að ýmsu
leyti. En hitt er jafn rétt, að ólík-
legt er að við höfum lagt á oss
þúsund hættur, erfiðleika og
mannraunir á umliðnum árum
til þess eins, að kasta eignum
vorum, þegar gildi þeirra kemur
í ljós, fyrir erlenda hrægfugla.

Fjármál. 1927.

		1927.	Kr.	aur.	Kr.	aur.
Jan.	1.	Eign í vasabók	7	52		
"	"	Hefur glatast á síðasta ári			.	53
"	3.	Greiðir Pétur mér lán		50		~~[illegible]~~
"	3.	Stæði í Gamla-Bíó.			1	00
	5.	Band á [illegible]			1	00
"	6.	Betri sæti á Nýja-Bíó			1	50
	10.	Betri sæti á Nýja-Bíó.			1	50
"	12.	Steypibað.				50
"	21.	Kaffi á fundi „1926" á Heklu.			1	00
"	22	Úr sparisjóðsbók 26491	25	00		
"	"	Steypibað				75
"	"	Íslensk Stjórnlagafræði.			14	00
"	"	„Lát klippa mig"			1	50
"	24.	Blöð í hringbók og möppu				90
"	30.	Miði á fyrirlestur Ólafs Friðr.				50
"	31.	[illegible]				25
		Febrúar.				
Feb.	2	Balkonsæti í Nýja-bíó			2	00
"	"	Kaffi á Mensa			1	00
"	5	Bað				75
	7	Bíóband.			1	00
"	10.	Keypti 1. Alþýðublað				10
"	15.	Kaffi í „1926"			1	00

Fe.			Inn Kr	aur	Út Kr	aur
Fe.	17.	Út: Steypibað				50
"	"	Inn: Tekið úr bankabók 26491	25	00		
"	"	Út: Keyptur hlutaréttur			18	00
"	23	Út: Band á hlutarétti			4	50
"	"	Út: Betri sæti á Gamla-bíó.			1	65
"	24	Út: Steypibað				50
"	"	Út Pottlok Fallhesar				25
"	25.	Inn: Fé hjá pabba	5	00		
"	26.	Út: Kampi			5	50
"	"	Út: Lán á Guðmundi B. Ólafs.			2	00
"	28.	Út: Lagt í bollukaup.				10
Mars	3	Út: Steypibað				50
"	"	Út: Betri sæti á Gamla Bíó			1	65
"	"	Út: Einar skóreimar.				25
"	8.	Út: Gef Sverri Ragnars				05
"	"	Inn: Lánar Pétur mér	10	00		
"	"	Út: Stjórnlagafræði: L.H.B.			10	00
"	10.	Inn: Gefur Pétur mér		25		
"	"	Út: Steypibað				75
"	"	Inn: Tek úr bankabók 26491	20	00		
"	12	Út: Betri sæti á Nýja-bíó			2	00
"	14	Út: Greiði Pétri lán			10	00
"	"	Út: Greiði Sveini lán			2	00

Dagbók 1927.

17. mars. Var í öllum tímum. Gekk vestur í bæ með Þórarni Haraldssyni. Hlustaði á umræður á þingi. Í heimspeki. Las undir morgundaginn. Þórarinn sýndi mér teikningar sínar, en segir jafnframt að Gunnlaugur Indriðason hafi víst, sem hann mundi eigi ganga. Var um kvöldið niðri á þingi að hlusta á umræður.

18. mars. Var í tímum. Frí hjá Einari. Hlustaði á Titans-umræður niðri á þingi. Þar hélt Magnús Jónsson einhverja þá vitlausustu ræðu sem ég hefi nokkurn tíma heyrt. Í fílutíma. Las rækilega hlutarétt. Um kvöldið gekk ég niður á þing með Pétri. Hittum Ásgeir og kom hann heim með okkur. Hlustuðum saman um kvöldið.

19. mars. Var í tímum. Gekk niður með Kópu með Sveini og Sverri. Sat nokkra stund inni á Mensu. Var á Landsbókasafni og þar fátt merkilegt. Kom sem snöggvast niður í þing. Um kvöldið komu þeir hér Jón Magnússon og Símon.

20. mars. Las kröfurétt fyrir hádegi. Síðan Stjórnlagafræði og loks hjúskapinn síðast. Var lengi inn frá hjá Önnu. Æfði mig á ritvél um kvöldið.

21. mars. Er í tímum. Frí í heimsspeki sakir líkflutnings. Stúdentar gengu í skrúðgöngu við jarðarför Sveinbjarnar Sveinbjarnarsonar þ.e.a.s. við flutning á líki hans úr skipi og upp í kirkjuna. Fór það mikilfenglega(?) fram, en varð þó sízt(?) til skammar. Um kvöldið fórum við í Bíó að sjá Nibelungen-Lied í kvikmynd. Myndin var allgóð og heldur skemtileg.

22. mars. Er í tímum. Við jarðarför Sv. Sv. gengu stúdentar í fylkingu og tókst það sæmilega. Jarðarför þessi var sýning frá upphafi til enda. Í fílu-tíma. Fáir mættu. Gekk heim til Fílúsar(?) með honum. Las sæmilega. Fór á Gamla-bíó, að sjá Boðorðin. Er það all-góð mynd ónútímaleg(?).

Dagbók 1927.

23. mars. Er í öllum tímum. Las lauslega(?). Fór niður á Landsbókasafn til þess að gá að dómi. Leit einnig í „Review of Reviews". Skrifaði Stellu bréf, á ritvél. Hér var Guðmundur Br. um kvöldið. Ég las í Social-Ökonomik eftir Haug(?).

24. mars. Er í öllum tímum. Hlustaði á umræður um stúdentspróf á Akureyri. Voru þær all-skemtilegar á köflum. Magnús Guðmundsson og þeir andstæðingar þessarar tillögu studdu sig þrifalega(?) en hinir fádæma vesallega. Um kvöldið var fundur í Stúdentafélagi Reykjavíkur. Þar hélt dr. Kort Kortsen ræðu á dönsku um Regensstofuna(?). Hún var vafalaust góð, en alt of langorð. Ólafur Friðriksson andmælti og tókst vel. Pétur bróðir fann að gerð um Stúdentafræðslunefndar, margir andmæltu. Því máli lyktaði svo að nefndin var endurkosin, en afsakaði sig og lofaði því að gera þessa mun betur síðar.

25. mars. Er í tímum. Las sæmilega undir morgundaginn. Var nokkuð niðri á þingi. Fór fyrir Pétur inn á Laugaveg 66 eftir þingskjali. Og ók með Kristni Stefánssyni vestur í bæ til bókbindarans og náði um leið í bókum fyrir Maríu, sem hún átti þar. Hér borðaði Friðrik Kvaran kvöldmat og kvaddi ég hann um leið, því að hann var á förum norður. Eftir mat fór ég með þessar bækur til Maríu. Síðan fór ég til Ömmu, þar voru Eggert í Laugardælum og Ólafur í Lindarbæ. Þegar heim kom talaði ég allengi við pabba.

26. mars. Frí, sakir doktorsdisputasíu. Lét klippa mig. Var við doktorsprófið. Andmælendur voru Ólafur Lárusson og Magnús Jónsson. Stóðu þeir sig báðir vel, Ólafur kom þó með mikilsverðari athugasemdir. Fór til bókbind. og borgaði 10,00 kr., sem hann átti hjá mér. Kom á Mensu, hitti þar Pétur. Við fórum síðan upp í (frh).

Dagbók 1927.

26. mars. (Framhald) [illegible]. Dvöldum við þar nokkra stund, töluðum aðallega við Halldór. Fengum góðgerðir. Þegar heim kom, var ég sendur á hljómleika Páls Ísólfssonar í Fríkirkjunni. Fékk ég Eggert þangað með mér. Var alt-gaman að heyra hina yndislegu tóna, sem úr orgelinu komu. Las í Social-ökonomi eftir Hang.

27. mars. Les í kröfurétti. Fer út og hitti Ragnar Jónsson, vorum við svo allengi að tala saman, mættum við og síðan Lárusi Blöndal og slóst hann í för með okkur. Ræddum við einkum um Akureyrar-stúdentspróf. Var Ragnar því meðmæltur, en við hinir andvígir. Lýsir vitni þá framkomu Jónasar Kristjánssonar í málinu, en ég mælti henni bót og kvað, sem satt er, að maðurinn hefði í minnum engum vaxið af málinu. Eftir mat kom Sölvi hingað og töluðum við við hann og Jóvaninn. Sé nýja blaðið, „Ísland" og þykir það gott. Les í hjúskaparlögunum. Gekk út, hitti Ingólf Pope og talaði við

henni. Skrifa Árna Stefánssyni
ítarlegt bréf. Fór á Nýja-bíó að
horfa á Niflunga, ágæta mynd.
Þórarinn bauð okkur. Skrifa
Jónu áfram. Las í Slang.
28. mars. Er í tímum. Var við jarðarför
konu Páls Eggerts. Svo fyrir, en þegar til
kom var frí í henni. Fylgdi Þórarni
Haraldssyni til skips. Var með í
för til rektors. Hrópað var húrra
fyrir honum og sungið „Integer vitae".
Þeir verkfræðingar ávarpaði flokkinn
nokkrum orðum. Las í Slang.
29. mars. Er í tímum. Var allan daginn
að hlusta á umræður um vantraust
á ríkisstjórnina. Þær voru heldur
ómerkilegar. Héðinn flutti 4 ræður
voru þær kraftlitlar og lélega fluttar.
Margt sagði hann þó af viti og
sem virtist hafa við rök að styðjast.
Að minsta kosti tókst stjórninni
illa að verja hönd fyrir höfuð
sér, þó sérstaklega Magnúsi Guðmundssyni.
Las lítið og lauslega.

Dagbók 1927.

30. mars. Er í öllum tímum. Skrapp
niður á þing, en var þar skamma
stund. Gekk niður með Höski. Las
kröfurétt og stjórnlagafræði. Kl. 5
skrapp ég enn niður á þing en
fór þaðan aftur. Fór upp á Safn.
Las þar í Review of Reviews. Um
kvöldið las ég kafla í L. 39. 1921.
Síðan einnig bækling „Var Jesús
sonur Jóseps?" eftir Gunnar Benediktsson.
Þar segir hann að rangt sé að
telja Jesús Guðsson og hafi enda
litla stoð í Biblíunni. Röksemdafærsl-
an er alveg frá sjónarmiði trúarbragða-
fræðings, en útúrdúr maður
mundi samt sem hafa rökleitt á
nokkuð annan veg. Fekk út sem
snöggvast um kl. 10. Kom á Mensa.
Hitti Jón St. og Þórarinn
Þórarinsson og talaði nokkuð við
þá um stjórnmál. Er heim kom
las ég í „Uppreisn englanna" eftir
Anatole France. Frétti að Valdimar
Davíðsson hefði skotið sig. Er það
leitt, því að Valdi var ágætur maður,
góður viðmóts og skemtilegur. Fullyrt

er að þetta hafi borið að höndum
sakir bágs heimilislífs og ómögulegleika
konu hans.
Eg frétti þenna dag að Þor-
valdur Pálsson væri búinn að
gifta sig. Vakti þetta undrun mikla,
en reyndist rangt er málið var rann-
sakað. Fékk bréf frá Kristjönu systur.
31. mars. Er í tímum. Les heimspeki og
stjórnlagafræði og í hjúskaparlögum.
Fer í fileitíma(?). Held áfram með hjúskapl.
og grauta í hlutarétti. Hér var Ólafur(?)
Guðmundsson milli 5 og 7 að semja
grein um Einar Bened. með Sveini(?)
miðri(?). Um kvöldið var eg á fundi
í Stúdentafélagi Reykjavíkur, þar
var margt manna. Jakob Möller
hóf máls á Títanmálinu. Mælti
hann vitanlega mjög á móti því og
gerði það á svipuðum grundvelli, sem
hann hafði talað á, á Alþingi.
Magnús Guðmundsson talaði næstur
og hélt uppi vörnum fyrir sér-
leyfið, gerði hann það og með sama
hætti sem á þingi. Lúðvík Guð-
mundsson mótmælti því, að járn-
(Frh.)

Dagbók 1927.

31. mars. (Frh.) braut austur væri
æskilegasta úrlausn samgöngumálanna
við austur-sýslurnar. Benti hann rétti-
lega á það, að þó járnbraut
yrði reist, þá þyrfti engu að
síður að gera ágætan bílveg
austur. Þetta atriði hefur alls-ekki
verið tekið nægilega skýrt fram í
þeim umræðum, sem um málið hafa
farið. Einn(?) benti hann á það, að
járnbrautir væru alstaðar að
leggjast niður og fara halloka í
viðureigninni við bifreiðar. Steingrím
Jónsson rafmagnsfræðingur benti
á það, að allar áætlanir Titans væru
í sandi byggðar. Gert væri ráð fyrir
því að stofnkostnaður mundi verða um
40 miljónir en algerlega(?) hefði(?) al-
gerlega að gera ráð fyrir því, hvað
gera ætti við orkuna, en sá kostnaður,
sem af því leiddi, að nú(?) eitthvað
ætti að gera með hana, yrði sá að
stofnkostn. fyrirtækisins mundi verða
um 100 miljónir. Auk þess væri
Urriðafoss óheppilegur svo að ekki
yrði virkjað(?). Skúli(?) væri alt fyrirtækið(?)

þannig, að það mætti einna helzt
kalla það „svindil". Mjög hættulegt
væri fyrir ríkissjóð að leggja
fé í járnbraut, því að með því
yrði hann álitinn hluthafi í fyrir-
tækinu, og erlendir menn mundu
skella á hann ábyrgðinni, ef
féið glataðist. Enn mætti nefna
fleira úr ræðu þessa sérfræðings,
þó hirði ég eigi um það, en ofur-
kátt var hin hin merkasta. Þor-
lákur Helgason benti á að hér
væri Hoffinger haft sem leikbrúppur
járnbrautarmanna, en slíkt væri
óþolandi. Flestir Jak. M. hélt 2 ræður,
Magnús G. 3, Lúðvík 2, Steingrímur
1 og Þorlákur 1. Að lokum var
samþykkt með 24 samhljóða
atkvæðum tillaga í þá átt að
landsstjórnin lýsti sig algerlega
mótfallinn virkjun Urriðafoss og
sérleyfi Titans. Var þá kl. um 1.

Dagbók 1927.

1. april. Vaknaði eigi nógu snemma,
svo að ég gat eigi verið í kjörskl. tíma;
var í öðrum tímum. Las sæmilega.
Gekk inn eftir til Péturs. Talaði við
Önnu og þau um fráfall Valdi-
mars. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum
þá fannst hann niður í fjöru í Effersey.
Kúla var í heilanum, skotið inn hafði
komið gegnum gagnaugað. Hann lá
með krosslagða fætur og krosslagðar
hendur. Enginn byssa var finnanleg.
Ef þessi frásögn er rétt, virðist
það vera mjög einkennilegt ef hér
er um sjálfsmorð að ræða. Fór með
Pétri niður á þing, þar voru fjárlaga-
umræður sem ég nenti eigi að hlusta
á og fór því heim. Las um
kvöldið í „Uppreisn englanna".

2. april. Var í tímum. Fór til Péturs
til þess að sjá í ritvélaráhöld. Anna
talaði við mig um húsaleigu á Laugaveg
18 og lét mig hringja á Jónas gl. lækni
til viðtals. Þegar heim kom var
ritvélin ekki þar, kom Sveinn fyrst
með hana eftir 1 tíma og þá aðra
en okkar. Meðan las ég í Daily Mail.

Jónas Þ. kom og sagði mér frá
tilboði í húsið á Laugaveg 18. Skrifaði
dálítið af hlutaréttinum. Um kl. 5½
gekk niður í bæ, hitti Pétur, fór niður
á þing, en þaðan þegar aftur.
Skrifaði svo. Um kvöldið fór ég niður
á þing með Pétri, en fór brátt heim
aftur. Las og lauk við „Uppreisn
englanna". Það er firnadjörf bók
og margt rétt í henni.
3. apríl. Fór tímanlega á fætur og las
kröfurétt og stjórnlagafræði fyrir
hádegi. Eftir mat gekk ég út, mætti
Ragnari Jónssyni og slógumst við
saman í för og gengum suður á
Grímsstaðaholt og víðar. Ræddum
ýmisleg málefni, svo sem Titan,
guðfræði, skólamál og enn fleiri
efni. Ragnar er óneitanlega með
skemmtilegri mönnum viðtals.
Skrifaði hlutaréttarkafla á ritvél
milli 2½ og 6. Gekk þá út,
hitti Pétur, fór með honum inn eftir,
mættum Lása, sem var að koma
ofan úr Lækjarbotnum á hjóli, kom
heim með okkur. Pétur gaf (frh.)

Dagbók. 1927.

3 apríl. (frh.)
okkur rjómakökur. Lási sagði
frá því, að verslunarskólamenn
hefðu afsagt Jón Sivertsen, sem
skólameistara, vegna óreglu, óstund-
vísi og stirðrar framkomu í
tímum. Verslunarráðið hafði tekið
kæruna til greina og sagt Jóni
upp. Við Sveinn fórum í leikhúsið
á þingmannamiða pabba. Afturgöngur
eftir Ibsen voru leiknar. Leikritið
sjálft er prýðilega gert af höfundinum
var og gaman að horfa á það.
Friðfinnur lék ~~[illegible]~~ prýðilega
vel hræsnisfullan alþýðu-ólifnaðarsegg.
4. apríl. Er í tímum og les sæmilega.
Eftir [illegible]-tíma fór ég upp á þing og
hlustaði þar á umræður um embættis-
menn á strandvarnarskipum. Jónas
frá Hriflu hélt ræður í svipuðum anda
sem vant er, talaði um alla heima
og geyma og brá mótstöðumönnum
sínum ýmist um megna heimsku eða
ákaflega spillingu. Einnig var
minnst á Landa spíritsala og hvern-
ig Jón Þorl. hefði látið þá sprúttið -
[illegible] daga. Jón Þorl. kvað Jónas

ella að minnast þeirra greina
hegningarlaganna, sem fjölluðu um
refsingar fyrir róg og lygar.
Einar Seldingar kallaði, Jónas
belgjuna Sibylju, sem getið var-
um í Ragnars sögu Loðbrókar.
Út þessa leið voru umræðurnar.
Um kvöldið las ég „Vi mordere" eftir
Guðmund Kamban og er það meðal
þvættingur.
5. april. Var í öllum tímum og las
heimilega. Eftir filutíma sat ég nokkra
stund inn á Mensu með Gunnari, Alfreð
og Eyþóri. Síðan kom Eyþór heim
með mér og var hér til kl. 7. Ræddum
ýms mál en ekkert markvert. Gekk
inn fyrir bæ eftir kl. 8. Var annars
heima um kvöldið. Pétur var hér
og alllengi.
6. april. Var í tímum. Frí hjá E. A.
Skrapp út í Hæstarétt til þess að
heyra dómsuppkvaðningu í máli
Jónasar Þórðarsonar gegn Ásgeiri
Ólafssyni. Ásgeir var dæmdur. Síðan
fór niður á þing og lét þetta berast
til Valtýs. Síðan fór ég til Sölva
(frh.)

Dagbók. 1927.

6. april. (framhald). til þess að leið-
rétta hjá honum misskilning út af
Brennár-bíi. Síðan fór ég heim og
las sæmilega undir morgundaginn.
Að því loknu las ég „Vígslu-
neitun biskupsins" eftir Lúðvík
Guðmundsson. Er það góður bækling-
ur og einarðlegur en mér sannast
sagt ómögulegt að skilja, á hvern
veg biskup þykist geta varið fram-
komu sína í þessum guðrækilegu
efnum. Um kvöldið var ég á Stúdenta-
fundi (Háskólafélagsins.) Þar hóf Sigurður
Guðmundsson umræður um Menta-
skóla á Norðurlandi. Ræða hans
var löng, í fullan 1½ kl. Hlóð hann
í henni upp fjöllum öllum af
rökum, sem falleg voru álitum,
en hrundu þegar, er við þau var
komið. Annars er það merkilegt við
þann mann, sem hefur ýmsa góða
eiginleika, hve hann er þrotlaus
málæðismaður. Ef hann talar á
annað borð þá getur ræða hans
eigi orðið skemmri en svo, að hún
standi yfir í ½ tíma. Pétur bróðir

Skagfirð. 1947

andmælti: Ýmsir af fjörum
Gísla og sýndi fyllilega fram á,
með öll þau atriði, sem hann
komst til þess að minnast á, að
Gísli hafði haft rangt fyrir sér.
Kristur talaði ég, fór ég einkum
út í hinn „söguleka rétt" skólans,
og hélt ég, að mér hafi tekist
að sanna, að hann væri enginn
til. Á ýms önnur atriði í ræðu
Gísla drap ég og. Sagði ég, að
hann hafi í þetta sinn ~~[illegible]~~
lítið gull í greipar mér, þá talaði
Kristinn prestlingur Stefánsson. Óð
[illegible] hans fram, en byggðist þó
á alt öðrum forsendum en ræða
Gísla. Þá talaði Gísli aftur og
þandi sig nú allan með blekk-
ingar og útúrsnúninga, reitti ég
hann svo örstutta ádrepu í
fundarlok og lauk honum með
því. Varð þeim sauðþeta heim
Gísla og fleirum og héldum
þá áfram að þvarga um málið
í meinlegri þó.

[illegible] á [illegible] á fundi um Norðanskóla.

Gáfnafar Norðlendinga.

Einungis þessir 2 skólar einir.

~~Flokksmál. [illegible]~~
~~Rv. Hóla málþing~~. Skotingar. Saga
málsins. Eftirmi Íslendinga. Léttlæti og
rangláti. Hólaskóli. Álit nefndar [illegible]
BOC. Gildi sögunnar. Frumvarp 1923.
Kensla leyfð á þingi 1924. Veita
styrk til framhaldsnáms á Akureyri.
Beiðnin um próf fyrir norðan.
Konungstilskipun!!! Atvinnubótar.
Landstjórn. Alþingi samþykti
einmitt fyrir framhald hans
Tveir skólar. Það er eðlilegra en að
slíkt komi fyrir í jafnmikilli stofnun
sem Mentaskólanum. „Hann eigi sína
sögu og helst gæti á henni".
Kappa á milli skólanna. „Þá má kapp
er á milli Gagnfræðaskólanna. „Þarf
ekki að rökstyðja þetta".
Kostnaður. Heimavistir. Mjög
lítill tilkostnaður. „Sem fæst sér að sleppa
liðinu". Hvað kostaði fæðið á
Samvinnuskólanum. Ýmsir ekki á
ætla sig. [illegible]. Borðað í
heimavistum á Akureyri.
Nýjar [illegible]. Nemendur eru
vistværi á Akureyri. Gott að viður-

varning kemur fyrir því að Ísl. þurfi að hafa fleiri embættismenn en erlendir.
Tildran á Akureyri.
Það á að efla æðilegum og sjálfsögðum tilgangi skólans til þess að koma þessu máli fram.
Sú hagkvæmasta niðurstaða, sem hann komst að, að sá sparnaður, sem menn fengju, sé jafngildur kostn., sem Rvík verður fyrir.
Samið með nemendunum.
2/5 og meiri hl. í gagnfræðadeild.

Dagbók 1927.

7. apríl. Er í öllum tímum. Eg fór heim ~~kl.~~ að ganga 2, las hér heimspeki og var með nokkrar spekilegar íhuganir. Eg las bærilega undir morgundaginn. Skrifaði Kristjönu bréf og fór með það niður að Fyru. Um kvöldið var eg á fundi, sem félag frjálslyndra manna hafði boðað, til út af Titanmálinu. Var þar margt manna. Jakob Möller, Sigurður Eggerz og Lúðvík Guðmundsson töluðu í svipuðum anda og áður. Jóhann Eyjólfsson mótmælti þeim nokkuð, samþykkt tillaga á móti Titan.
8. apríl. Í öllum tímum. Las milli 1-4. Eftir heimspekistímana fór eg upp á þing og hlustaði nokkra stund á umræður um samskóla. Mestum tíðindum þótti sæta, að Björn sprúttsali Halldórsson gekk um götur með lúður og blés í. Safnaðist að honum mikill manngrúi, og fór Björn í fararbroddi hans með lúðrinum og ætlaði að ráðast til inngöngu í þinghúsið. Þar var hann stöðvaður og eftir áflog og

meiðingar á lögreglunni var hann
keiddur í Steininum. Fór með Pétri inn
Laugaveg 66 til þess að skifta
Illetaréttarkáflum. Um kvöldið
bauð Pétur mér á Nýja-bíó að
horfa á Faust. Er það allgóð mynd
og til kammikil.
9. april. Frí hjá prófessor Magnúsi,
gekk úti. Er í öðrum tímum. Skrapp
inn Laugaveg 66 eftir mjólk. Fór
niður á safn, en sá þar ekkert
markvert. Var alllengi niðri á
þingi að hlusta á umræður um
fjárlög. Síðan fór eg á Mensu, og
var þar lengi, fyrst hlýddi eg á
mál manna en fór síðan að tala
við Júlíus, Jón Stef, Jón Blöndal,
Sverri Ragnars og síðar og Péturs
bræður. Fengum úti og sátum
lengi heima hjá Júlla eg, Jón Stef og
Jón Blöndal. Rætt um alt milli himins
og jarðar. Um kvöldið gekk eg
út hitti Pétur. Fengum kaffi hér
heima, eg æfði mig á ritvélina.

Dagbók. 1927.

10. april. Les kröfurétt fyrir hádegi
og fór eftir mjólkinni. Um kl. 2 gekk
eg niður að höfn, hitti Jónas Karls-
son og ræddi góða stund við
hann. Fór með Pétri upp á Skólav
fengum kaffi og ávexti. Um
kvöldið las eg í hagfræði Strangs.
11. april. Er í öllum tímum. Var við jarðar-
för Valdemars Daðasonar. Við bræð-
urnir bárum hann út úr kirkju
ásamt Bolla, Sigurði og Sverri Thoroddsen.
Séra Bjarni talaði og var fumur,
nauðar er nokkur vorkun þótt
eigi sé hægt um vik, þegar svona
stendur á. Hér kom Sölvi og hafði
handleggsbrotið sig síðastliðinn
föstudag. Les kröfurétt. Um kvöldið
gekk eg með Pétri inn á Laugaveg
66, dvaldi þar nokkra stund og
talaði við ömmu. Síðan fórum
við niður á þing, þar var Jón
Bald. að tala um Titan, nenti eg
ekki að hlusta á hann og
fór bráðlega burtu. Kom sem
snöggvast inn á Mensu, en hélt þaðan
heim. Les í ómerkilegum bókum

kvöldið.
12. apríl. Er í tímum. Frí hjá E. A.
Á leiðinni heim mættum við Sveinn
Pétri Jakobssyni og vildi hann fá
fundagerðarbók í [illegible] hjá Sveini.
Höfðu þeir talast við áður og hafði
Sveinn þá svarið og sárt við lagt að
bókin væri eigi hjá sér heldur hjá
Axel Blöndal. Er Axel vísaði á
Sveins [illegible] Sveinn nú, að hún
væri hjá Axel og skammaði hann
fyrir sauðskap og heimsku. Ég
hafði séð bókina hér heima og
vissi því að hún var hér og
sagði þeim frá því. Fann ég
hana síðan og fékk þeim. Þegar
Pétur var farinn varð Sveinn
hinn reiðasti og helti úr sér
skömmum yfir mig fyrir fals og
lygar. Rétt á eftir vildi hann samt
fá blöð, sem ég á, en ég vildi
vitanlega eigi láta þau í hendur
vitfirringsins og bjálfans, varð
hann þá óður og réðst á mig
með misþyrmingum og barsmíð,
helti úr skrifborðsskúffum og
(Frh.)

13. apríl. (Framhald) djöflaðist svipað
[illegible] því, sem Patreksfjörður hefði verið
reyndur. Hundskaðist hann loks burt
þegar hann hafði eyðilagt eða
skemt alt, sem hann komst
höndum undir í skúffu minni. Sannast
sagt er Sveinn þannig skapi farinn
svo falskur, óheiðarlegur og lyginn að
ómögulegt er að hafa nokkurt
samneyti við hann. Las Júlíu og
í Sosialökonomi Haugs, var niðri á
þingi fyrst að hlusta á Titan-
umræður í Efri-deild og voru þær
ómerkilegar. Síðan alt kvöldið í Neðri-
deild að hlusta á 3. umræðu fjárlaga
var dálítið gaman að þeim á
köflum, komst nokkuð í hvelli
milli Sjávarútvegsnefndar og
Fjárveitinganefndar og voru þeir
all-harðorðir á köflum.
14. apríl. Fór kl. 10 niður á þing til þess
að hlusta á atkvæðagreiðslu við fjár-
lög, var gaman að henni. Fór eftir
mjólk á Laugaveg 66. Las í Haug.
Í baðhúsið og síðan á þing nokkurn
tíma. Um kl. 5 fór ég á [illegible] og

var þar alllengi að tala við þessa
menn. Um kvöldið fór ég á bíó,
var sýnd sæmileg gamanmynd.
15. apríl. Fór á fætur um hádegi. Meðan
verið var að eta urðum við vör við
það, að brunaliðsmenn voru á ferð-
inni. Var okkur sagt að kviknað væri
í Laugarnesspítala, að máltíð lokinni
fór ég svo upp að Skólavörðu og
sást þaðan ekkert grunsamt, enda kom
síðar í ljós, að eldurinn hafði verið
lítill sem enginn. Við Sveinn fórum
síðan inn á Laugaveg 66 og dvöldum
þar nokkra stund. Þegar heim kom
las ég í Klang sem og um kvöldið
eftir mat. Hér komu Pétur og Eyþór
um kl. 5 og vorum við síðan
lengi að skrafa saman, en fátt
merkilegt kom í ljós í þeim umræðum.
Um kl. 9½ og fór ég niður á Mensu
voru þeir þar nokkrir spekingar
með sitt vana spekital og
hlýddi ég á það þangað til um
kl. 11. Fékk kaffi er heim kom og
ræddi við pabba og mömmu.

16. apríl. Komst á fætur um kl. 11. Las
allan daginn þegar ég var ekki upptekinn
af öðru, í Klang. Eftir mat gekk ég
niður með höfn. Um kl. 3½ komu þeir
Pétur og Eyþór hér. Við ætluðum
síðan út, en þá mættum við Sveini
og Lárusi og snerum við Eyþór þá við,
niður í spil á Laugaveg 66 og fórum
í „Cassion". Síðan spiluðu þeir á grammó-
fón. Um kvöldið kom Pétur hér skömmu
síðar þangað. Töluðum við um ýmisleg
mál og fengum kaffi.
17. apríl. Lauk við að lesa Klang, er
það góð bók og gerir margt
skýrara en það var áður. Er
hörmulegt að þvílíkt skuli eigi vera
kent í skólum í stað þess hégóma
ýmislegs, sem þar er eytt tíma í.
Ef þessi fræðigrein væri kend þá
eru miklar líkur til að menn
gleyptu eigi eins við órökstuddum
staðhæfingum um fjármálalegt efni
eins og nú er títt. T.d. hefur
mönnum verið talin trú um það,
að fátækt væri alltaf að aukast og
mismunur á fátækum og ríkum.

Í þessari bók er óvefengjanlega
á það bent, að almenn hagsæld er
ætíð að aukast, auðæfi einstakra manna
vaxa að vísu og verða meiri en
áður hefur þekkst, en almenning-
ur og miklu betur staddur, en til
skamms tíma hefur verið. Las
Eimreiðina spjaldanna á milli
þar er sumt gott. Um kvöldið gekk
ég út til Eyþórs og Júlíus. Fórum
heim með Júlíusi og kendu þeir
mér dálítið í l'hombre. Síðan komum
við og til Eyþórs lét hann mig
fá bókina, er ég átti hjá honum
og lánaði mér bók eftir Conan
Doyle, sem ég byrjaði að lesa
þegar um kvöldið.
18. april. Páskadagur. Var allan
daginn að lesa „The Refugees" eftir
Conan Doyle. Er allgaman að
henni.

Dagbók 1927.

18. april. Blaðaði í því, sem Schlosser
segir um Loðvík 14. Fór inn á Háteig
með pabba, mömmu og Sölva, skömmu
síðar komu Sveinn og Ránka. Spilaði
þar við pabba, Svein og frænku
nokkra stund. Á heimleiðinni komum
við við á Laugaveg 66 hjá ömmu og
Baldri síðan. Um kvöldið las ég
Eyrbyggju.
19. april. Lýk við Eyrbyggju. Las í Þjóð-
vinafélagsalmanaki. Fór inn í sundlaugar
með Sveini og Júlíusi. Fengum að vera
í klefa með Ulfi og Sölvini, þar sem
engir voru lausir. Þegar upp úr
kom sást að frá Sveini og Ulfi hafði
verið stolið sínum tveimur krónunum
hvorum og Sölvini vasahníf. Fengum
að vera í bíl með Gunnari Þorst.
niður eftir. Skrapp niður á safn en
sá ekkert markvert. Las í Þjóðvina-
félagsbókunum. Fór á fund í félagi
Stúdenta 1926. Talaði Jóhann Sæm. um
för á Bægisá. Stungið var upp á
skemmtiför eitthvað í nágrennið og
kosin nefnd í málið. Gísli Guðm.
talaði um mig, þar að ég átti

afmæli í mánuðinum. Að fundi loknum gengum við út á Mela, hittum þar flutningabifreið sem tók okkur niður að höfn, þaðan héldum við svo heim.

20. apríl. Þennan dag fór eg með Sveini vestur á Grímsstaðaholt til þess að finna þar Árna Jónsson sem á húsið fyrir ofan ömmu við Grettisgötu. Áttum við að vegna, hvort hann væri ófáanlegur til þess að selja ömmu eitthvað af lóð sinni. Hann og kerling hans voru hin verstu viðureignar og auðsjáanlega mjög illa við ömmu og vildu henni alt til meins gera. Höfðum við því ekkert upp úr förinni.

21. apríl. Las í hjúskap- og hlutarétti. Fór út til þess að sjá hin svonefndu hátíðahöld, hitti: Jón Stef. og Júlíus og slóst í för með þeim. Var þetta alt mjög ómerkilegt. Sigurður Eggerz talaði af svölum þinghússins og var ræða hans sæmileg. Skrifaði: Ólafi Halldórssyni. Hitti: Alfreð og Jón Bl. og talaði við. Skrapp til ömmu um kvöldið. Las „Í Norðurvegi".

Dagbók 1927.

22. apríl. Er í tímum. Tók peninga út úr Landsbankanum. Las sæmilega. Um kvöldið kom Eggert hér, fórum við með Pétri niður á þing og biðum þar á meðan hann var að skrifa. Síðan héldum við heim aftur, fengum kaffi og töluðum saman. Las „Í Norðurvegi".

23. apríl. Í tímum. Las í kröfurétti. Lauk við „Norðurveg" og er það sæmileg bók og heldur skemtileg aflestrar. Skrapp niður á þing með Pétri, en dvaldi þar skamma stund, því að Ragnar Ólafsson var þar og bað hann mig um að læna sér hlutaréttarheftið og gekk eg heim með honum til þess, að ná í það. Las: „[illegible]" um kvöldið, í var [illegible], enda þar ekki eins [illegible] og hafði beiskt við. Gekk út með Pétri um kvöldið, komum á Mensu síðan á þing, þar hitti eg Lárus Blöndal sem eg ræddi nokkuð við.

24. apríl. Las „Samn.- og réttf." fyrir hádegi. Gekk út eftir mat, kom á Mensu, sat þar lengi, gekk síðan suður að Loftskeytastöð með Gulla. Las „Strafbare Angreb". Var Pétur heima. Las í Lögfræðinga-

tali Klemensar Jónssonar, gömlum
Landsyfirréttardómurum frá því um 1800.
Las Ævisögu Þórðar Sveinbjörnssonar
justitiarii.
25. apríl. Vaknaði um kl. 7 og lá
þá við að lesa Þórð Sveinbjörnsson.
Fór í tímann og las sæmilega. Var
nokkra stund fyrir kl. 4 niðri á
þingi, en þar gerðist ekkert markvert. Eftir þingtíma gekk ég í
ágætu veðri inn á Eski-hlíð. Aldrei verður það nægilega
lofað hve dásamlega fallegt er
þar um að litast. Eftir mat fór
ég út, hitti: Júlíus Berg og Alfreð.
Fórum við fyrst á austurrísku
málverkasýninguna, vorum þar
skamma stund. Gengum síðan
úti suður á Mela og víðar.
Sögðu þeir mér að nokkrir stúdentar
væru að halda hinum nýkomnu
„Dimittendum" að norðan samsæti
á Hótel „Heklu". Þegar heim
kom las ég í Vefaranum II. og
nokkuð af III. bók.

26. apríl. Fór í alla tíma. Las sæmilega. Var nokkra stund niðri á
þingi milli 2 og 3. Eftir þetta fór ég
niður á safn og las í „nýjasta"
Review of Reviews. Um kvöldið
kom Þórarinn Björnsson. Var hann
hér alllengi, lét hann sæmilega
yfir sér en kvað þó, sem von er
til, að erfitt væri að fást við prófið
vegna þess, hve þýzkan er ofurmikið fyrir þá Norðanmenn. Við
Pétur gengum heim með honum.
Komum við síðan á Mensa sem
snöggvast. Ég lauk við 4 bók
Kilgaus um kvöldið.
27. apríl. Fór í öllum tímum og las
bærilega. Skrapp niður á þing um
kl. 3 en var þar skamma stund.
Um kvöldið fór ég á bíó til þess
að sjá Kvensjúkdómamyndina. Var hún
dágóð, allljót á köflum, en svo hvatt
sýnd að illt var stundum að
fylgjast með atburðunum. Las í
Endurminningum Páls Melsteðs eftir
að ég var háttaður.

Dagbók. 1927.

28. apríl. Í öllum tímum. Eftir
[illegible] var ég nokkra stund á þingi,
þar var stýrimannskráin til umræðu,
hugði ég Héðinn og Jakob tala, en
entist eigi að hlusta á fleiri. Las
samlega. Um kvöldið kom [illegible] og
ræddum við ýmisleg málefni. Hann
var annars hálflasinn. Las í Endur-
minningum Páls Melsteds og eru
þær eigi merkilegar.

29. apríl. Í tímum. Las samlega. Um
kvöldið fór ég á fund í Stúdentafélagi
Reykjavíkur. Hitti Júlíus á leiðinni og
gekk heim með honum og fórum við
síðan á fundinn. Þar talaði Lúðvík
Guðmundsson um útvarpið. Hélt
hann því fram að reglugerð sú sem
gefin hefði verið þess vegna bygði[?]
algerlega í bága við lög þau, sem
um þetta giltu. Á móti þessu mælti
Lárus Jóhannesson, en Jón Ólafsson
cand. jur. var á sömu skoðun og
Lúðvík. Var síðan þvælt um
þetta fram og aftur og urðu þeir
að síðustu skömmóttir Jón og Lárus.

30. apríl. Í tímum. Gaf pabbi mér
„Havets Rigdomme“ eftir Matthias Þórðar-
son og bók með gamanmyndum eftir
Albert Engström. Var mest allan dag-
inn niðri á þingi, las þessa Eng-
ströms bók og 7 bók Vefarans.

Maí.

1. maí. Las fyrir hádegi. Kom Ragnar en
dvaldi hér skamma stund. Um kl. 2 fór
ég niður á Mensu, og sat þar nokkra
stund, gekk síðan lengi úti með
Sverri Ragnars og Magnúsi Finnbogasyni
Horfðum á kröfugönguna, var hún
heldur fámenn og eigi mjög tilkomu-
mikil. Billi slóst í för með okkur, var
hann með rautt merki og stríddum við
honum óspart. Bauð Sverrir okkur
kaffi á Mensu. Fór með Jóni Blöndal
að hlusta á rauðan bolsa á Austurvelli
en heldur voru þeir ómerkilegir. Var
lengi inn frá hjá Ömmu. Fór ég með þeim
í gegnum allar tekjur þeirra í tilefni af
~~Út~~ útsvarsálagningu þeirri miklu, sem þau
nú hafa orðið fyrir. Vorum hér heima um
kvöldið mjög lengi að tala við pabba um alla
heima og geima

2. maí. Vakna ekki fyr en kl. 10½. Fór þá niður í skóla, en frí var hjá prófessor Einari. Las sæmilega. Eftir fyrirlestra fengum við „Refsivist á Íslandi". Um kl. 6½ fór ég niður á þing og hlustaði þar nokkra stund á umræður. Hitti á heimleiðinni Friðþjóf Sveinsson sem snöggvast heilsaði upp á hann og talaði lítið eitt við hann. Um kvöldið vorum við bræðurnir inn á Háteig og spiluðum „cassino" við Ragnar og Ólaf, fengum kaffi og ávexti í tilefni af afmæli Ragnars.

3. maí. Er í tímum. Las bærilega. Annars var verið að gera hreint hér, svo friður var lítill. Hlustaði á [illegible] próf hjá þeim Gísla, Sveini og Vilborgu. Gaf Ágúst þeim [illegible]. Eftir kvöldmat var ég niður á þingi að hlusta á umræður um stjórnarskrá. Kom sem snöggvast á Mensu. Sagði Sigfúsi að hann hefði gengið [illegible] sæmilega. Las í nýjum Iðunni.

Dagbók 1927.

4. maí. Er í öllum tímum. Les bærilega. Um kvöldið skrifaði og Kristjönu bréf. Annars bar ekkert markvert við.

5. maí. Í öllum tímum. Les. Hitti Gísla Vilhjálmsson, sem nýkominn er til bæjarins. Eftir kvöldmat fór ég inn á Laugaveg 66, ætlaði að finna þar bók, en hafði ekkert gagn af henni þegar til kom. Hér voru um kvöldið Eyþór og Gísli Vilhjálmsson. Til pabba komu Björn á Kópaskeri og frú Ásta frá Grenjaðarstöðum með sonum sínum tveimur.

6. maí. Í tímum. Frí hjá prófessor Einari. Ragnar braut óvart aðra spönginga á gleraugunum mínum. Gekk suður á Mela með Ragnari og Sveini. Las.

Kom upp í [illegible], sagði Ágúst frá því, að Torp héldi einkennilegri skoðun fram um áherzlu, fór mikill tími til umræðu um það. Fór upp á valla með Páli Blöndal, síðan gekk ég inn Laugaveg með honum og spjölluðum við saman. Skrapp til Bræðranna eftir mat, kom síðan til Péturs talaði við ömmu og Klaviu. Fór Pétur

heim með mér. Fengum kaffi og
töluðum við pabba. Fór út með
Pétri í prentsmiðjuna, komum á Menn,
sitt-Fjölnir, gekk niður með köflu
með konum. Las Æskuminningar
eftir Turgeniev.
7. maí. Var í tímum. Frí hjá prófessor
Einari. Sumir segja að hann sé að láta
skera í sig, aðrir að hann ætli að fara
á fund við Ölfusárbrú og sé að búa
sig undir hann, og veit ég eigi hvort
sannara er. Las [illegible] og í hlutarétti,
fékk þó lítinn botn í hann. Kom
upp í [illegible]. Datt einhverjum í hug, að
við skyldum okkur til gamans fara
með Goðafossi til Hafnarfjarðar, varð
það og úr og fórum við um kl.
3 á stað. Í förinni voru: ég, Sveinn,
Ragnar, Júlíus, Sverrir og Magnús Finn-
bogason. Auk þess var mikill mann-
fjöldi á skipinu í sömu erindagerðum.
Þar á meðal Þórður frændi okkar og
Vilhjálmur Magnússon og ýmsir fleiri.
Var hið besta veður, sólskin og
logn. Var sólarlagið prýðisfallegt, enda
er það fegurst verður hér. [illegible]

Dagbók 1927.

7. maí (framhald). Þegar komið var í
höfn á Hafnarfirði, hafði full stelpa
úr Reykjavík ætlað að kasta sér fyrir
borð og drekkja sig, en náðist þó í
handlegg hennar, því miður segi ég
eigi at [illegible]. Við fórum inn á kaffihús
í Hafnarfirði, fengum okkur þar kaffi, en
kökur var frammreiðslan treg og leið-
inleg. Síðan fórum við af stað til
Reykjavíkur kl. 11¾ í bifreið frá B.S.R.
og tókst sú för slysalaust. Þegar heim
kom um kvöldið las ég síðustu bók
[illegible] mikla. Þegar á alt er litið
þá er hann alls eigi eins slæmur og
af er látið. Af til vill óþarflega langur
og of [illegible] á köflum en
hvergi [illegible] kaflar innan um.
Þegar [illegible] öllu athuguðu hygg ég
að [illegible] verksins sé nú farin
[illegible] en í hitt, því að það
[illegible] einmitt ágætlega fengið náttúr-
unni og [illegible] þann, sem þar
[illegible] að velja og virðingar-
leysi hjá mönnum sjálfum fyrir
[illegible]

8. maí. Um morguninn gengum við
Júlíus og Alfreð suður að vindmylunni
hér suður á Kópavogshálsi, annars
gjörðist ekkert í þeirri för. Var
heima lengi, rétt fyrir 7 gekk ég
inn á Laugaveg 66 með Pétri. Um kvöldið
gengum við bræðurnir úti með Ragnari.
9. maí. Í tíma hjá Magnúsi. Frí hjá
Einari og Ólafi. Kom á Menn, gekk
úti með Júlíusi. Las. Fórum við Sveinn
inn í sundlaugar. Komum á Laugaveg
66 í heimleiðinni. Spilatíma. Var mjög
latur seinni hluta dags, las þó í
„Strafbare Angreb". Skrapp á þing, en
þar voru leiðinlegar þvælur um
varðskipin, svo að ég fór brátt
heim.
10. Maí. Fór snemma kl. 7½ á fætur og
stakk nokkra stund upp í kálgarðinum.
Í tímum. Frí hjá E.A. Gengum suður að
Hljómskála, ég, Ragnar, Sveinn og Sverrir.
Ræddum um hina fyrirhuguðu skemti-
ferð og hugsum helst að fara austur
yfir Fjall. Las. Í fílu. Gekk niður með
höfn með Eyþóri, Júlíusi og Jóni Bl.
Um kvöldið stakk ég upp, las í Laxdælu

Dagbók. 1927.

11. maí. Stakk nokkra stund upp um
morguninn. Í tímum. Magnús lauk við
Refsirétt og hætti því tímum í vetur.
Frí hjá E.A. Gekk með Sveini upp að
styttu Ingólfs Arnarsonar og sátum
við þar nokkra stund. Las fílu og
hlutarétt í fílutíma. Gekk úti með
Jóni Blöndal fórum niður að Esju
~~[illegible]~~ og kvöddum Gísla Guðmundsson
Eyþór kom heim með okkur Sveini
og stungum við upp í klukkutíma.
Fór á bíó með Eyþóri skv. boði
Péturs. Þegar heim kom ~~var~~ Sigga
teknir og við pabbi og fengum við
kaffi ásamt Gjörði.
12. maí. Fór út í garð um kl. 9 og stakk
upp til 10. Í tímum. Las milli 1 og 4.
Í fílu, hélt áfram með lestur.
Stakk enn nokkra stund upp fyrir
~~morgunverð~~ kvöldverð. Skrapp niður í þinghús
með Pétri. Hittum Axel Dahlmann á
heimleiðinni og töluðum við hann.
Afmæli Sveins var, vorum við
búnir að spila hjá honum um kvöldið
bræður hans, Þórður, Ragnar, Eyþór
og Júlíus.

13. maí. Fór á fætur um kl. 9 og byrjaði þá að stinga upp, var í tímum og las sæmilega. Um kl. 6 fór ég aftur að stinga upp og hélt áfram til kvöldverðar. Kom niður á þing og var þar nokkra stund, [illegible] las og blöð en klastaði þó nú leið á umræður um bankamálið. Gekk út með Bergi og Júlíusi [illegible] Las í Laxdælu.

14. maí. Í tímum. Var niður á þingi allengi. Stakk nokkuð upp. Í fylu, klastaði á hluta úr ræðu Jónasar frá Hriflu um heimavistir Mentaskólans, og er langt síðan ég hefi heyrt þvílíkan vaðal og sérvitringan þvætting. Stakk upp til kl. 7. Þá kom Arngrímur úr Lóni [illegible] ræddum við nokkuð við hann milli 8 og 9. Fór með hjól mitt, sem nú [illegible] er viðgerð inn á Laugaveg 66 og fékk það gegnt þar. Gekk niður í bæ, hitti mann, sem bað mig að segja sér, hvar Magnús Sigurðsson [illegible] gerði og það, var þetta þá Páll í Hjálmsstöðum. Kom á Mensu. Las í Laxdælu.

Dagbók 1927.

15. maí. Fór til Péturs um morguninn og ræddi nokkuð við hann. Kl. 1 lögðum við á stað í skemtiferð upp að Tröllafossi, 19 bekkjarbræður. Fórum við í bifreiðum frá Steindóri. Komumst við í þeim upp að Laxnesi, en gengum þaðan og upp að fossinum og gekk það sæmilega. Strákarnir tóku upp á því að kveikja í sinu og brendu þannig nokkrar þúfur á við og dreif, fremstur í því voru Sveinn P. og Sverrir. Komum á Skeggjastaði, fengum þar mjólk, brauð og egg. Annars gerðist ekkert sögulegt eða markvert í ferðinni, en hún tókst sæmilega. Fór nú á Laugaveg 66, gekk Pétur með mér niður í bæ, síðan kom hann heim hingað og var hér nokkra stund, og lauk við Laxdælu.

16. maí. Vaknaði seint og fór enn frá seinna á fætur. Las fílu og fór í tíma í kenni. Lukum við Sveinn við að pakka upp garðinn. Eftir kvöldmat gekk ég út, hitti Jón Sig. síðan Torfa Jóhannsson og Torfa Hjartarson. Var ég allengi að tala við Torfa Jóhannsson um ýmisleg málefni. Las í Sýslumannaævum. Var Pétur hér.

18. maí. Komst á fætur kl. 10½ og fór
þá að lesa [illegible]. Við Sveinn vorum við
jarðarför Bjarna Ármanns Jóhannssonar,
bróður Kjartans. Í [illegible] Hitti
Lárus Blöndal, sagði hann mér, meðal
annars, að Jón Vestdal væri genginn
úr stúku. Fórum síðan að Íslandi
sem var að fara norður með því fór
hinn mesti mannfjöldi, síðan gekk
ég nokkra stund með Lárusi, Júlíusi
og Sverri. Um kvöldið las ég í Sjó-
mannaævum og fyrirlestur eftir
Bjarna frá Vogi um íslenskan þjóð-
söng og Galdra-Loft Jóhanns Sigur-
jónssonar. Þá kom Gísli Vilhjálms-
son nú nýkominn frá Vestmanna-
eyjum og lét vel yfir sér. Fór með
Pétri niður í prentsmiðju og
þaðan inn á Laugaveg 66.
19. maí. Las rökfræðina fyrir hádegi,
var nokkra stund niðri í þinghúsi
að hlusta á umræður um stjórnarskrána.
Síðasti rökfræðistími. Talaði við
Jón Blöndal. Hitti Óla í Lindarbæ.
Byrjaði að lesa sálarfræðina og komst
yfir heimspekistefnurnar, var inn á Laugav.
66 nokkra stund um kvöldið.

Dagbók 1927.

19 maí. Byrjaði að lesa kl. tæplega
9 f.h. og las til kvöldverðar, komst
út á bls. 110. Um kvöldið komu þeir
Júlíus og Egill og voru þeir hér þangað
til um kl. 11, töluðum við um heimspeki,
andatrú, draugagang, guðfræðinga og
ótal fleiri merkileg mál. Síðan vorum
við bræðurnir lengi að tala við mömmu.
20 maí. Byrjaði að lesa um kl. 9 og
las til kvöldverðar, en gekk seint, sakir
þess að ég slappaðist og nenti ekki að
vera við lesturinn. Komst út á bls. 187.
Um kvöldið fór ég inn á Laugaveg 66
með Pétri, fengum þar kaffi og átum mikið
[illegible] nýju [illegible] ömmu.
Gekk síðan úti með Pétri, Gunnari
í Þórshamri og Salvöri, kom ég á
Mensa.

21. maí. Byrjaði að lesa um kl. 9 og las
til kvöldverðar. Komst út á bls. 300.
Um kvöldið gekk ég vestur fyrir bæ og
út á Mela, hitti síðan Júlíus og Jóhann
[illegible] og fór með þeim inn á
[illegible]. Gekk mjög illa að sofna.

22. maí. Sýsla við Sálarfræði, kann þó ekkert í henni. Les og um 20 bls. í Rökfræði ætla að vera mjög duglegur, en þá koma Pétur og Ragnar og ginna mig með sér suður að Vífilsstöðum. Förum þangað í bifreið, fengum kvöldverð og síðan kaffi, spiluðum og töluðum. Heim aftur kl. 11½.

23. maí. Fer á fætur nokkru fyrir kl. 8 og les allan daginn Rökfræði og sýsla og við hana. Eftir kl. 8 fór ég með hjól mitt inneftir til ömmu á leiðinni kom ég að óguðlegum blóðpolli á Laugavegi, þegar ég grenslaðist eftir, því hvað vera mundi að vera, var mér sagt, að barn hefði í skömmu áður orðið undir bíl og meiðst svo að það hlaut bana af þegar í stað. Förum við allir fótgangandi á fund sem Jakob Möller hélt til fyrsta kosninga-undirbúnings, var þar nokkuð rætt um kosningar en að öðru leyti var ekkert merkilegt við. Fengum kaffi þegar heim kom um kvöldið.

Dagbók 1927.

24. maí. Fer á fætur nokkru fyrir 9. og komst yfir 116 síður í upplestri Sálarfræðinnar. Fékk mér snöggvast út um kl. 4. Um kvöldið kom Eyþór, fengum við kaffi og fórum síðan út, komum á [illegible], þar hitti ég Júlíus og Svein, og með þeim gekk ég suður eftir.

25. maí. Komst eigi á fætur fyrr en skömmu fyrir 9, les í Sálarfræði út á bls. 227. Fór um kvöldið inn á Laugarnesbletti og var þar nokkra stund. Gekk síðan með sjó og höfn, veður var ágæta gott og hið fegursta útsýni. Síðan um kl. 11 gekk ég með Pétri út komum á Mensu, hittum úti Sigurjón frá Vatnsdal og Kornelíus og spjölluðum við þá um pólitík.

26. maí. Byrjaði að lesa um kl. 10 og basla við Sálarfræðina. Hitti Jón Stef. er hann nýlega risinn úr legu og allvesaldarlegur enn þá. Fór um kvöldið til ömmu, síðan til Baldurs. Var ég lengi að tefjast við strákana drakk kaffi með Baldri og Jóni Magn. sem þar var staddur. Gekk síðan út með Jóni, þótti honum yfir mér mikið kveða:

27. maí. Fór yfir alla rökfræðina. Um kvöldið skrapp ég fyrir mömmu inn á Laugaveg 66. Pétur kom niður eftir með mér. Hittum Jón Stefánsson úti. Fórum síðan á Mensu og vorum þar nokkra stund að spjalla við ýmsa menn svo sem Eyþór, Sverri [illegible] og Alfreð.

28. maí. Mamma fór upp í Borgarfjörð á einhvern kvennafund með fröken Dóru. Las yfir 148 bls. af Sálarfræði mjög hratt þó. Síðari hluta dags var ég lengi að lesa vikublöðin, sem nú komin voru. Um kvöldið gekk ég úti, hitti Júlíus og Jóhann Sæm. Gengum allengi saman og ræddum helst heimspekileg efni.

29. maí. Komst út á bls. 280. í Sálarfr. Hangsaði mikið, enda var Pétur hér lengi. Töluðum við mikið um framboð og stjórnmálahorfur við hann og pabba. Um kvöldið kom Eyþór og var hér lengi, fengum við kaffi og skröfuðum saman.

30. maí. Lýk við Sálarfræði og las Rökfræði hratt yfir. Gekk úti um kl. 3½. Um kvöldið fór ég inn eftir með Pétri síðan hittum við Axel Dahlmann úti og römbuðum víða með honum. Axel sagði okkur af starfsmannafundinum og ýmislegt fleira um kosningaundirbúning. Virtist hann tvímælalaust vera með Jakob.

31. maí. Renni augunum yfir efnisyfirlit Sálarfræðinnar og Rökfræðinnar. Slettist allmjög í kekki með okkur feðgunum skömmu eftir hádegi. Hér kom Eyþór, síðar Kristinn og loks Alfreð allir í sálrænum vandræðum. Um kvöldið gekk ég úti fyrst einn, síðan hitti ég Ragnar Jónsson. Já Eyþór, hittum við Gunnlaug Halldórsson bróður Ólafs, hann er hér í knattspyrnu erindum. Slóst í för með Bergi og Alfreð og ræddum við um sálarfræði. Talaði allengi við Lárus Blöndal aðallega um framboð. Hitti Jón Stef. og Kristinn og ræddum við um ýmisleg málefni. Mér gekk mjög illa að sofna.

1. júní. Hlustaði á fílprófi fyrir hádegi. Eftir kl. 1 hitti ég Björn Ólafsson í Íshússmáig, úti og gekk ég með honum þar til kl. 2. Þá kom ég fyrstur upp. Stóð ég mig vel. Fékk vitkandir og hoffandir í sálarfr. og hlaut I i rökfræði. Lét klippa mig. Fór inn á Laugaveg 1b, þar var fröken Arason, og gerði hún það helst nú að skamma Þorleif Bjarnason. Var niður frá þegar einkunnir voru upp lesnar og var ég sá eini af þeim ellefu, er fyrsta daginn tóku próf sem hlaut ágætiseinkunn. Var dauft í þeim nokkrum yfir því, að fá hana ekki líka. Ég hafði hlustað á Alfreð Gíslason og taldi hann vissan með ág. Bergur var hinn ánægðasti, því að hann hafði talið sig vissan með prae. og gerði hann lítið annað um kvöldið en ræða þetta mál. Ég fór á leikhúsið að horfa á „Sendiherran frá Júppiter", var það sæmilegt leikrit en betra hélt ég þó sæð hér fyr. Drakk kaffi á Hressa með nokkrum strákum. Gekk heim, Pétur og Þórður og talaði ég lengi við þá

Dagbók 1927.

2. júní. Hlustaði nokkra stund á fílprófi. Síðan fór ég með Júlíusi heim til hans. Fór inn á Laugaveg 1b bæði til Önnu og Baldurs. Mamma kom heim úr Borgarfjarðarför sinni. Hingað kom Björn Jakobsson og sagði hann okkur ýmislegt úr utanför sinni. Skrifaði Kristjönu. Hitti Jón Blöndal og Jón Stefánsson, gengum við allengi úti og fórum að síðustu heim til Jóns Blöndals. Um kvöldið gekk ég inn eftir með Pétri og vorum við þar nokkra stund. Komum heim og ræddum við Svein og Ragnar, eigum kaffi. Við Pétur fórum niður í bæ, mættum Jóhanni Sæm. og bauð Pétur okkur inn til Rosenbergs, síðan flæktumst við nokkra stund úti.

3. júní. Um morguninn útskrifaði ég fyrst smágrein um voginn, sem Ólafur Lárusson hafði látið okkur skrifa upp. Gekk niður í bæ og hitti þar nokkra stráka sem ég talaði við, þar á meðal var Magnús Finnbogason, talaði hann nú mjög ákaflega um, hve fílan væri óeðlileg og andstyggilegt að fá ág. í henni, hún það af því, að Magnús

var ég búinn að ganga upp og hafði staðið sig upp á eigi meira en fyrstu einkunn. Fór inn á Land til afa með útsvarsskrá til undirskriftar. Flæktist víða með Pétri í ýmsum fjármála útréttingum fyrir sjálfan hann og ömmu, fór upp í Stjórnarráð fyrir hönd. Hlustaði á þá síðustu í heimspekinni. Hlustaði nokkra stund á stærðfræði-próf- í Mentaskólanum. Var þar sem framvistaða, annars virðist nú sem tími væri til þess kominn að stærðfræðikenslunni væri gerbreytt í þeim skóla, nú þegar fjöldi nemanda fellur á henni, hvernig aukafagi, á ári hverju. Um kvöldið hitti ég Sigurjón úti, ræddi nokkuð við hann, en fór síðan á bíó, mjög ómerkilega mynd. Kom á Hressó og hitti Eyfjörð, og gekk með honum áleiðis heim til hans.

Dagbók 1927.

4. júní. Tók saman bréf til mín og raðaði þeim. Innskrifaði í bókum. Fór inn í Sundlaugar og synti nokkra stund. Las í bréfum Magnúsar justitiarii Stephensen til Finns prófessors Magnússonar. Er margt kynlegt í þeirri bók. Má fyrst nefna hinn mjög einkennilega og einstaka stíl, sem Magnús skrifar. Auðsæ er illvilja til flestra annara helstu manna íslenskra, uppnefni hans um ör kalls Espihólins og heimflutning Alþingis. Magnús virðist að vísu hafa verið merkur maður en mjög þröngsýnn og danskhundaður í sínum anum

5. júní. Fór á hjóli inn að Elliðaám, þar var maður að draga lax meðan ég dvaldi þar, en eigi varð annað til tíðinda. Kom við hjá Pétri. Las og lauk við bréf Magnúsar Stephensens til Finns Magnússonar. Fórum inn að Háteig og dvöldum þar alllengi, komum við hjá ömmu á heimleiðinni. Las í ævisögu Bjarna amtmanns Þorsteinssonar eftir sjálfan hann í Tímariti Bókmentafélagsins um kvöldið.

6. júní. Las sögu Bjarna Þorsteinssonar. Gekk út um kl. 2, hitti Guðmund Árnason og talaði nokkuð við Matta og Magnúsi einsýna létust þeir helst hvorugur mundu verða á Bakka í sumar. Fékk kaffi inn á Laugaveg 66, því að enginn var hér heima. Las í King Lear það er eftir var dagsins.

7. júní. Fór til Péturs og fékk hann með mér til þess að kaupa með mér skó fyrir afa. Las í æfisögu Raske eftir B. M. Olsen og hans bréf henni áhangandi. Hjólaði vestur fyrir bæ eftir kaffitíma. Fór með Pétri inn á Laugaveg 66. Um kvöldið fór ég út, hitti Júlíus, Eyþór, Jóhann Sæm. og Einar Sveinsson og fórum við saman inn á Rosenberg og drukkum öl. Síðan fór ég heim með Eyþóri og lánaði hann mér tvo reyfara, og las ég svo í öðrum meðan ég var að sofna.

Dagbók 1927.

8. júní. Las í Autographia Magnúsar Stephensens, sem birtist í Tímariti Bókmentafélagsins. Sagði lítið sitt fyrir afa. Ragnar kom að austan og vorum við Pétur lengi að tala við hann.

9. júní. Var mest allan daginn í garðyrkju hér að flytja til o.s.frv. Fór um kvöldið suður á Íþróttavöll að horfa á fimleika Noregsfaranna og var gaman að. Með mér voru Ragnar Ól. og Jón Blöndal. Flæktumst við Jón og Ólafur Þorsteinsson síðan saman úti um kvöldið.

10. júní. Fór fyrir mömmu inn á Laugaveg 66 eftir saumavél. Vökvaði tréin. Númeraði lausu lögin samkv. Stjórnartíðindum nýkomnum. Kom Sveinn með varnarskjal Bakka í máli því, er Gísli Vilhjálmsson á í við það, var það eingöngu véfenging á bókfærslu félagsins gerðri í samráði við og eftir forsögn Olsens. Við hrekjum skjölum svo svar, við þessu og skýringu máli sem Sveinn ætlar að gefa ~~Gísla Vilhjálm~~ Garðari Þorsteinssyni. Rita 3 síður af Vatnsréttindum á ritvél. Gekk út um

kvöldið. Las í Kreutzer-Sonaten eftir Leo Tolstoj.

11. júní. Er mest allan daginn að vita upp "Vatnsrétt". Fór þó eftir bókum til bókbindarans. Tekk út nokkra stund um kvöldið og kom á Laugaveg 66. Las í Kreutzer-Sonaten.

12. júní. Um morguninn fór eg á fætur fyrir kl. 9. til þess að kveðja Ragnar Ólafsson. Hitti Kristinn Stef. á leiðinni og gekk hann niður eftir með mér. Sat nokkra á Mensu meðan Kristinn drakk kaffi. Talaði við Jóhann Gunnar um lagaprófið og sagði hann mér frá [illegible] þeirra. Um hádegið fórum við bræðurnir saman í bíl suður að Vífilsstöðum. Átum þar miðdegisverð og fórum síðan gangandi ásamt Fjólu, Ragnheiði og Rögnu, gang suður í Kaldársel. Er einkennilegt landslag á þeirri leið og betur farið en heima setið. Þegar kom til Vífilsstaða aftur fengum við engan bíl og gengum þeir til Reykjavíkur, og gerum við það á 1¼ kl.

Fjármál 1927.

			Inn kr	Inn au	Út kr	Út au
		Mars (frh).				
Mr.	16	Eign í varabók	8	05		
"	"	Út: Kaffi [illegible] á f. stofu			1	15
"		Út: Lána Eyjólfi			1	00
"	21.	Inn: Fé hjá pabba	10	00		
"	"	Út: Keypti Sifjarétt eftir L.H.B.			7	50
"	22.	Út: Sæti í Gamla-bíó.			1	00
"	24.	Út: Steypibað				50
"	24	Út: Lána Sveini			4	00
"	26.	Út: Hárklipping.			1	60
"	28	Inn: Greiðir Sveinn lán	4	00		
"	31.	Út: Steypibað				50
		April.				
Apr.	5.	Inn: Greiðir ~~Eyjólfur~~ mér lán.	1	00		
"	"	Út: Keypti 1. hefti Dómst og réttf.			2	00
"	9.	Inn: Lánar Pétur mér	25	00		
"	14.	Út: Steypibað				50
"	"	Út: Betri sæti í Nýja-bíó			1	50
"	19.	Út: Eftir á skemtun stúd. 1926			1	75
"	"	Út: Greidd Pétri ~~[illegible]~~ láni.			10	00
"	22.	Inn: Tekið úr sparisjóðsbók 26491	50	00		
"	"	Út: Haagerup: Retsencyclopædi			18	75
"	"	Út: Topp: Strafbare Angreb			3	50
"	27.	Út: Betri sæti í Nýja-bíó.			1	50
"	30	Inn: Greiðir Pabbi lán.	70	00		

Mánuður	Dagur		Inn		Út	
		Maí.				
Maí	5.	Út: Frímerki				20
"	6.	Út: Greiði Pétri skuld.			15	—
"	6.	Út: Spöng á gleraugu			3	50
"	7.	Út: Kaffi í Hafnarfirði			1	00
"	"	Út: Bifreiðarfar frá Hafnarf.			1	50
"	13.	Út: Viðgerð á hjólhesti mínum			13	50
"	15.	Út: Fargjald í bifreið austur			5	37
"	"	Út: Mjólk, egg og brauð í [illegible]			1	25
"	"	Út: Sama Eyþóri			5	38
"	21.	Út: Kaffi á Rosenberg			1	00
"	22.	Út: Fargjald til Vífilsstaða			4	00
"	25.	Út: Blöð í minnisbók				50
		Júní.				
Júní	1.	Út: Stæði á [illegible] Hamborg			2	50
"	2	Út: Legg í kaffi handa mér og Ödmu [illegible]			2	45
"	"	Út: Lét klippa mig.			1	60
"	4.	Út: Kostnaður við Bíó-för.			1	00
"	"	[illegible]: Lánar Júlíus mér	1	00		
"	"	Út: Eyddi á Rosenberg			1	[illegible]
"	"	Inn: Lánar pabbi mér fé	5	00		
"	"	Inn: Greiðir Eyþór mér lán	5	35		
"	"	Út: Keypti mig inn á [illegible]			1	00
"	"	Út: Greiði [illegible]			1	00

Dagbók 1927.

13. júní. Vökva trén. Hlusta á próf í lögfræði, hjá Eysteini og Gunnlaug voru þeir báðir góðir. Vélritaði síðan af vatnsréttindum. Gekk úti um kvöldið en ekkert markvert gerðist, hitti þó Önnu B. og Alfreð og talaði við þá. Um hádegið hitti ég Jón Stef. og sagði hann mér, að hann væri hættur við að taka [illegible] prófið. Talaði við Eirík í Grjótheimi. Lét hann heldur illa yfir sér og kvað sig verða að herða sig til þess að ná prófi. Las í Kreutzer sonaten um kvöldið.

14. Hlustaði á lagapróf um morguninn hjá Kristjáni og Jóhanni Gunnar. Kristján var góður en Jóhann lakari. Hitti Rut úti var hann ekki hrifinn af frammistöðu sinni í latínu, en var þó allgóður. Pabbi fór norður og fylgdum við honum til skips. Kvaddi og Jón Magn. sem þarna var að fara. Vélritaði. Um kvöldið gekk út og hitti Björn [illegible], síðan Eyþór, Jóhann og Jón þar. Las í Maríus, Vesalingunum um kvöldið.

15. júní. Fór um morguninn niður í
Mentaskóla og ætla að hlusta á Rút
ganga upp í prófinu. En þegar til
kom var próf þeirra eigi byrjað,
þar hitti ég Ragnar Jónsson
gekk nokkra stund úti með hon-
um. Síðan fórum við heim til Rúts
og töluðum nokkra stund við
hann. Vélritaði: vatnsréttindi.
Kl. 2 fór ég aftur niður í skóla
og hlustaði á Rút og stóð
hann sig prýðilega. Talaði við
Þórarinn frænda. Gekk heim með
Rút; fékk kaffi þar og skrafaði við
hann. Hélt áfram með vatnsrétt-
indin og lauk við hann um
kvöldið. Kl. 11. Sveinn fór til
Vestmannaeyja snögga ferð í
[illegible] dimittendum og fylgdi ég
honum til skips. Las í og
lauk við „Marius" Hugos.
16. júní. Vélritaði kafla úr [illegible]
Skrifa Stellu. Gang niður; [illegible] hitti
[illegible], og segir hann ~~mér~~, að hann
hafi fengið 14 í kemíu. Hlustaði á próf
upp í Mentaskóla. Var það saga hjá
(frh.)

Dagbók 1927.

16. (frh.) utanskóla dimittendum. Þær
götuðu illilega stelpur 2, sem mér sannast
sagt virtist, sem ekki minna skildi
báðar tvær, en munu hafa fengið um 4.
Önnur þekkti eigi Parnell og rétt
kannaðist við Gladstone. Vissi
eigi nöfn á Danakonungum (Kristján
og Karl sagði hún). Þekkti eigi þá
íslenska höfðingja, er venið höfðu á
Kópavogsfundi o.s.frv. Hin þekkti eigi
Ara fróða, hélt hann heita Magnús
fróða eða Arna, vissi eigi hvar
Sparta væri, nema í Grikklandi, og
alt eftir þessu. Þetta var dóttir Jes
Zimsens. Þorleifur vildi fá hjá henni
nafnið á Þórarni Nefjólfssyni. Hafði
hann eigi önnur ráð til þess en
að spyrja hana, hvað utanríkis-
ráðherra hjá konungi föður
hennar hét; og kom þá það rétta
„í ljós eftir" nokkurn tíma. Gekk
úti með Jóni Blöndal, hittum Símon
og töluðum við hann. Hlustaði e.m.
á Ragnar Jónsson og Þórarinn
Björnsson og voru þeir báðir
sómilegir. Gekk síðan úti með þeim

lengi og ræddum við ýmisleg málefni. Síðan hitti ég Axel Dahlmann og Magnús Jónsson, utanskólamann, og talaði lengi við þá. Loks ræddi ég nokkuð við Kjartan.

17. júní. Vélrita lítið eitt um morguninn. Eftir hádegi gekk ég niður í bæ og hitti þá Jón Blöndal, [illegible] vorum við síðan saman til kl. hálf 6. Mættum við Benedikt Blöndal og áttum nokkuð langt tal við hann og urðum það helst ásáttir, sem við Jón gerðum á skaldið, sem annað ekki varð. Hlustuðum á hornablástur á Austurvelli og sáum þjóðbúningasýninguna. Það versta var hve þeir voru allir ljótir, sem í honum voru. Heyrðum nokkuð af ræðu Guðm. Finnbogasonar við leiði Jóns Sigurðssonar og var hún lítt merkileg. Síðan fórum við á Íþróttavöllinn og horfðum um sinn flest það, sem þar fór fram merkilegt. Þegar heim kom las ég í Sögunni af Þuríði formanni og Kambsránsmönnum. Fór þó út um kl. 7, en sá ekkert markvert.

18. júní. Sýsla við Kambsránssögu. Vélrita lítið eitt. Geng niður í bæ, hitti Gísla Vilhjálmsson og tala við hann. Hélt áfram að vélrita þegar heim kom. Hér komu Pétur og Eggert áðan og í löngum samræðum við þá út af gagnrýni læknisfræðinnar. Sendi ég, sem og er rétt, lítið inn [illegible] hennar. Benti á að hún gengi mikið eða mest megnis út á það, að vekja það og útrýma sem hún sjálf hefur talið óhjákvæmileg meðöl fyrir nokkrum árum. Þeir gátu eigi hrakið þetta en fóru undanvífis kjarna málsins. Um kvöldið horfði ég á töframanninn Soliman og var margt gott við honum og mér óskiljanlegt. Þegar heim kom var hér Gísli V. að vélrita bréf, talaði ég svo við hann nokkra stund og fengum við kaffi.

19. júní. Fór niður í pósthús með bréf fyrir Gísla Vilhjálmsson. Eftir hádegi gekk ég út með Pétri. Hittum Gísla Gestsson og heilsuðum upp á hann. Fórum inn á Arnarhólstún. Þar lá Magnús

Finnbogason og Jón Jakobsson.
Settumst við hjá þeim og spjölluðum
við þá. Hlustaði á ræður þær, er
haldnar voru og virtist mér
sem Friðrik Hallgrímsson væri all-
tölugur maður. Hitti Maríu og
Ólafíu og var nokkra stund í fylgd
með þeim. Fór heim og drakk kaffi.
Gekk niður eftir aftur. Þá kom til
mín Jóhann Sæmundsson og bað
hann mig um það, að lána sér
hjólhest í nokkra daga og gerði
ég það. Talaði nokkra stund við
Kristinn Andrésson. Fór á tombóluna
og dró tóm núll, nema eitt ó-
merkilegt sápustykki síðast, einungis
mér til háðungar. Eftir kl. 9
fór ég niður eftir, hitti þá Eyjólf,
fórum við saman inn á Laugaveg
66 og fengum okkur þar bækur
til þess að lesa, og Malström eftir
Lie. Hittum Jóni Blöndal og
gengum við svo heim að dyrum
til Eyjólfs. Síðan flæktumst við þar
ásamt [illegible] nokkra stund
í Arnarhóli og héldum svo heim.

20. júní. Skrapp niður í bæ hitti
Ottesen og bauð hann mér [illegible]
hjá sér í sumar, og áskildi mér um-
hugsunarfrest. Var annars lengst
af að vélrita kafla úr [illegible]
Fór um kvöldið á bíó með Sveini,
Eyjólfi og Magnúsi Vagnssyni. Ó-
merkileg mynd. Eyjólfur gaf mér kaffi
á Mensa. Las og lauk við Mal-
ström eftir Lie, er það góð bók
og vel ritað.
21. júní. Kom Gísli Vilhjálmsson, fórum
niður í bæ með kassa fyrir mömmu.
Gísli vildi fá okkur Svein til þess
að fara að tala við [illegible] hinn
norska, en við hirtum ekki um það.
Var mest allan daginn að mála
rimla, sem eiga að koma hér í
girðingu. Um kvöldið gekk ég út
vestur fyrir bæ. Vélritaði lítið
eitt úr [illegible]. Byrjaði að lesa
sögu Jóns Indíafara.
22. júní. Var inn frá að mála fyrir
hádegi. Um hádegi kom Eyjólfur
og var hér góða stund að skrafa
við okkur. Hélt áfram við málninguna
vorum búnir með hana kl. 5.

Kom til Rúts, hann var veikur og hafði því ekki getað mætt í prófi þá um daginn. Ég taldi hann af að taka ómegðina(?) í stærðfræði, sem hann er ~~og~~ að hugsa um. Lauk við kvöðfrétta-kaflana.
Fór niður að Íslandi kl. 8. og kvaddi Eyjólf. Gekk um kvöldið suður að Skerjafirði, þar sem verið er að reisa þennan olíugeymi. Mætti Guðjóni. Fann Brogan og talaði við hann. Las í „The Sorrows of Satan".
23. Ætlaði að halda áfram málunni, en það var ekki hægt, sakir þess, að frummálningin var ekki fullkomnuð. Hlustaði á þær Ragnhildi og Maren í hörðum deilum út af stjórnmálum á Ísafirði. Borðaði hádegismat á Laugaveg 66. Fluttum við Pétur munina úr kjallaranum út í hjall. Fylgdi ömmu niður eftir í bíl til Marteins. Kom á kosningaskrifstofu C-listans, þar gerðist ekkert. Las í „The Sorrows of Satan".

Dagbók. 1927.

24. júní. Var mest allan daginn að mála staura. Um kvöldið fórum við bræðurnir upp á Kléteig vegna afmælis Rönku litlu. Síðan gekk ég niður í bæ, mætti Óskari Hall og vildi hann fá mig til sín inn en ég færðist undan. Las í „The Sorrows of Satan".
25. júní. Lukum við við að mála staurana fyrir hádegi. Fórum allir bræðurnir á fund í Eimskipafélagi Íslands. Höfðum við þar 193 atkvæði fyrir pabba hönd og atkvæði Ólafs Gíslasonar, eitthvað á 4. hundrað. Eggert Claessen skýrði frá hag félagsins, en Brynjólfur Bjarnason og Ásmundur P. Jóhannsson gerðu nokkrar athugasemdir um hag félagsins. Sýndi Ásmundur fram á það, að þótt svo væri látið í reikningum félagsins, að það ~~stæði~~ hefði numið 6 þúsund krónur í gróða síðastliðið ár, þá væri af rétt að reiknað um 400 þúsund krónur í tap, þar sem ekkert væri afskrifað síðastliðið ár og engir vextir greiddir en þetta yrði þó hvert félag að

gera og telja með nauðsynlegum
útgjöldum. En Ásm. gleymdi því,
að þetta er ekki alt, því að auk
þessa gaf félagið 60 þúsund
kr. styrk úr ríkissjóði og
eftirgjöf á skuldum og sköttum,
svo að óhætt er að bæta
60 þúsundum við þann vann-
venjulega rekstrarhalla. Annars
voru allir sömu menn endurkosnir í
stjórn og þess háttar. Um kvöldið
var eg á almennum fundi í Barna-
skólaportinu. Þar töluðu nokkrir
frambjóðendanna og sagði Jakob
Möller mest af viti og talaði
einna best. Fyrstur var Magnús
[illegible] Jónsson, kom hann með
tómar staðlausar blekkingar
og [illegible]. Héðinn sagði fram
ýmislegt að skuldir ríkis og lands
hefðu aukist í stjórnartíð Jóns
Þorl. í stað þess að minka og
var því ekki kunnugt með
rökum. Allir töluðu á móti
Héðni á fundinum,

26. júní. Las mest allan daginn
„~~Satan of Sorrows~~" The Sorrows of
Satan" og lauk við þá bók um
kvöldið og er hún sú þriðja
besta, sem eg hefi lesið nýlega.
Fór inn eftir til ömmu um
miðjan daginn og talaði við hana.
Um kvöldið gekk eg út, hitti Guðmund
Árnason og reyndi að snúa honum
til fylgis við Jakob Möller og er eg
eigi vonlaus, ef hægt væri að ræða
enn þá betur við hann. Síðan
fór eg út með Pétri og fórum við
niður að „Dronning Alexandrine", sem
var nýkomin eða að koma. Síðan
hittum við Þórarinn Björnsson og
Axel Dahlmann nýkomna frá
Þingvöllum.

27. júní. Seint á fætur. Gekk út með Pétri
og hittum við Símon. Töluðum við hann
og sagði hann frá Þingvallaför o.fl.
Eftir hádegi mætti eg úti Halldóri
Jónssyni Akranesmanni og talaði
nokkra stund við hann. Þegar heim
kom var þar Kári Stefánsson
drukkum við kaffi og síðan fór

og með honum að taka á móti
Þórarni bróður hans. Komu
þeir síðan hingað heim og
dvöldu góða stund, en fóru svo
síðar að Vífilsstöðum. Þórarinn
sagði, að Ingólfur mundi komast
að og sennilega Steingrímur
sýslu, á Akureyri mundi allir
vera nokkuð jafnir, Sigurður Hlíðar
þó hafa einn fast. Pétur Jónss.
hafa nokkuð lítið fylgi. Ég fór
heim til Ritz og talaði mjög
lengi við hann um prófið utan-
fararstyrki, kosningar o.fl. Hann
kvaðst eigi mundu hirða um að
[illegible] prófi fyr en í haust, sagði
að 14 menn mundu koma í laga-
deild. Hitti Stebba Bolsa, hann
nýkominn að norðan, sagði
ekkert. Fékk bréf frá Stellu, Rótaði
upp arfa úr götum í garðinum.
Gekk niður skrifstofu C-listans,
þar gerðist ekkert. Þórarinn
Björnsson var heima þegar ég
kom aftur og vorum við síðan
lengi að tala saman.

28. júní. Fór á fætur um kl. 9. Fékk
síðan [illegible] fyrir mönnum og
bað Ragnar um að selja
[illegible] á blómkál og
lofaði hann því síðar. Fór til Bitta
og dreif hann á fætur gengum
við síðan upp á Eskihlíð og síðan
aftur heim til hans og gaf hann
mér kaffi. Sagði hann mér annars
margt um prófið og þess háttar.
Hitti Gunnar Hjálmar Stefánsson og
reyndi að snúa honum til fylgis
við Jakob Möller, til þess að hann
hefði betri áhrif á föður sinn en
það gæti, tveglega. Fórum við Pétur
[illegible] Sundlaugar. Gengum niður
að Hótel og kvöddum Kára
Sigurjónsson, sem var á norður
leið. Heim kom Þórarinn Björns
að kveðja. Fór ég svo með honum
þangað sem hann átti eftir að
fara. Lofaði að borga fyrir hann
á kr. í verslun Guðm. Gam.
Fylgdi honum síðan til skips.
Las lítið eitt í „Retsencyclopædi".
Kom Rútur hér. Fór í bíó, sæmileg mynd

Talaði lengi við Þórarinn Stef.
um kvöldið um pólitískar horfur.
29. júní. Fór fyrir mömmu að borga
brunabótagjöld. Hitti minn gamla
kennara Einar Þórðarson og töluðum
við lengi saman. Hann var mjög
mótsnúinn Íhaldinu. Las í Rets-
encyclopadi lengi dags. Hitti Jón
Blöndal hér úti og gekk með honum
nokkra stund. Mættum við Jóhanni
Sveinssyni og sagðist hann vera
hræddur um, „að kennarar hér
væru blindir á andlegt verðmæti"
(Hann er sjálfur mjög tæpur nú). Um
kvöldið fór ég inn á Laugaveg 66,
gekk Pétur svo með mér niður í
bæ og komum við á skrifstofu
C-listans. Létu þeir vel yfir sér
og horfum sínum. Las í sögu
Jóns Indíafara.
30. júní. Um morguninn mokaði ég
arfa til í garðgötum. Eftir hádegi
kom Gísli Vilhjálmsson og talaði
ég nokkuð við hann. Kvað hann mjög
tvísýnt, hvor mundi komast að Pétur
Ottesen eða Björn Þórðarson. Skrifaði
Stellu. Las í Retsencyclopadi (I. vh.)

30. júní (framhald). Gengum við bræður
allir saman niður í bæ. Mættum Sigurði
Eggerz og spurðum hann um fundi
~~og~~ fylgi vestur þar. Lét hann heldur
vel yfir en kvað þó ómögulegt
um slíkt að segja, að svo komnu.
Um kvöldið vorum við á hinum
pólitíska fundi í Barnaskólaportinu.
Var það flestra manna mál að þar
hefðu Frjálslyndir verið bestir en
Íhaldsmenn [illegible]. Höfðu Íhaldsmenn
lélega áheyrn og sem verri undir-
tektir. Þegar Jón Ólafsson lauk síðustu
ræðu sinni, tók Billi upp mikið [illegible]
og klappaði þá þeir tveir menn, sem
ætluðu að klappa, en aðrir fundar-
menn hló að aumingja Jóni.
Gekk með Bjarna Guðm. og Billa
heim til Rúts og töluðum við
hann. Sýndi hann mér nýja Iðunni.
Þegar heim kom var Þórarinn
vakandi, áleit hann að Jakob Möller
hefði staðið sig best á fundinum.

1. júlí. Las Iðunni. Grein Sigurðar Þórarssonar er skrifuð af mikilli frekju og mikið af fullyrðingum en þær virðast allar koma málinu heldur lítið við. Get ég eigi séð, að hann sanni nokkuð annað með ritgerð þessari, en að hann sjálfur er genginn í barndóm. Borgaði útsvar fyrir mömmu. Hitti Ragnar Jónsson og var lengi að tala við hann. Skilaði Iðunni. Fór með Pétri inn á Laugaveg 66. Vorum í garðinum síðari hluta dags. Fór upp á Háteig eftir tjaldinu og talaði við [illegible] hjóna. Var heima um kvöldið og las í Æfisögu Jóns Indíafara.

2. júlí. Var í smásnatti um morguninn. Las í Retsencyklopædi. Vorum hjá Marenu í tilefni af afmæli hennar. Rætt um ýmislegt, helst kosningar, og var Baldur mjög áhugasamur. Fékk út í um kvöldið, hitti Billa, Hörð á Kleppi, Kristján Guðl., Guðm. [illegible]. Fór með þeim inn til Rosenberg. Vorum í bíl með Herði inn að Kleppi.

Dagbók. 1927.

3. júlí 1927. Hér kom um morguninn Valdimar Erlendsson læknir, heilsuðum við upp á hann. Fór heim til Sigríðar Sigurðardóttur með peninga fyrir afa. Tók hún mér með besta og gaf mér kaffi og kökur. Og fékk hana til að lofa því, að kjósa Jakob Möller. Fór heim til Ritts, vorum við svo lengi saman; fórum heim til mín og fengum kökur. Gengum niður í bæ, hittum Billa og töluðum við hann. Las í sögu Jóns Indíafara.

4. júlí. Fór út með Pétri. Hittum Axel Dahlmann, fórum suður í Gróðrarstöð eftir áburði o.fl. Var lengi dags að mála grindurnar hér úti. Talaði Karl Einarsson við mig og sagði meðal annars að Jónas væri allhress. Um kvöldið gekk ég út með Pétri, mættum Ritt og létum við hann fá Vesturland, þar sem birtist hans [illegible] skammir um íslenska stúdenta. Fórum á kosningaskrifstofu C-listans og létum

þeir vel yfir sér. Hittum Baldur og töluðum við hann. Komum sem snöggvast heim til Rúts.

5. júlí. Fór með sláttuvél suður í Gróðrarstöð. Var lengi að máta. Kvaddi Þórarinn Stefánsson sem var að fara norður. Gekk niður í bæ. Las í sögu Jóns Indíafara. Fór á fundi í Barnaskólaportinu. Var hann sæmilegur og hlutu Íhaldsmenn því verri útreið sem málin voru rædd betur. Hitti Hákon Bjarnason og bauð hann velkominn til landsins. Dvaldist úti nokkra stund að afloknum fundi- [illegible] mellu vera lengst við menn niður við höfn og fleira á móti.

6. júlí. Var í smiðjunni fyrir sjálfan mig og önnum um morguninn. Málaði eftir hádegi. Hringdi Þórarinn Björnsson upp [illegible] og bað mig um að leita ýmsra upplýsinga um styrk til utanfarar. Fór til rektors (frh.)

Dagbók, 1927.

6. júlí (Frh.) og talaði við hann, hringdi síðan aftur til Þórarins og sagði honum hvers ég hefði orðið áskynja. Talaði við Rút sagði hann að það væri mjög líklegt að áskoran á þennan Hvítsdals hreppstjóra fyrir miðfölkum væri [illegible] þeir að þetta væri pappír. Fór á Bíó, sæmileg mynd.

7. júlí. Fór inn á Laugaveg 66 og talaði við Pétur og fékk þar inn frá. Eftir hádegi kom Pétur sagði hann að kommúnistar hefðu boðið að láta sig fá áskriftarskjöl Ólafs Friðrikssonar til þess að við gætum merkt við þá hjá Jakob. Einnig höfðu [illegible] þeir bent honum á það að Adventistar mundu vera fáanlegir til fylgis. Fórum við svo niður á skrifstofu og sögðum Jakob þetta, vissi hann þegar um Adventista. Síðan voru við Pétur lengi saman. Las í sögu Jóns Indíafara. Eftir kvöldmat gekk ég út, hitti Stebba bolsa og

þóttist hann hafa boðið Jakob.
Kom sem snöggvast til ömmu.
Fékk viður í bo hitti Pétur og
var nokkra stund með honum.
Fór heim kom Rútur, en
hann hafði eigi getað útvegað
skrárnar því að Jakobi óvinveitt-
ir menn, höfðu náð í þær. Samt
hafði hann ýmsa vissa menn sem
við merktum svo við skránna.
8. júlí. Var lengst af að lesa sögu
Jóns Indíafara. Um kvöldið var
og að hjálpa til hjá Möller. Þeir
fylgjast [illegible].
9. júlí. Var allan daginn í kjördeild.
Gerðist þar ekkert sögulegt. Dagar
og losnað. Þaðan um kl. 12¾ var
og síðan nokkurn tíma á
Ráðningi. Misjafnt hljóð í mönnum
Gera þó flestir ráð fyrir því, að
Jakob sé kominn að. Annars er
í vann og verri ómögulegt að
segja um hvernig kosning-
arnar hafa farið.

Dagbók. 1927.

10. júlí. Komst eigi á fætur fyrr en
um hádegi. Fór út með Pétri. Hittum
Jónas Sigurbjörnsson, einnig Óskar
Clausen og Carl Tulinius-Clausen
er mjög vongóður. Jónas vill
láta lögbjóða, að öll skipafélögin
skuli leggja áætlanir sínar fyrir á hverjum
degi til staðfestingar af Stjórnarráðinu
til þess að hindra það, að Danir
geti eftir á gert sínar áætlanir
sem óheppilegastar fyrir Eimskip
sins og verið hefur. Eins vill
hann leggja þær kvaðir á öll þau
skip, sem hér sigla við strendur
samkvæmt áætlunum, að þau verði
að koma á vissan hafnafjölda,
til hindrunar því, að erlendir
geti fleytt sér á því, að fara
einungis á bestu hafnirnar. Vit-
ist þetta vera réttmætt. Við Pétur
gengum heim með Sigurði Jón
Carli Tuliniusi, ásamt Sigurði Jónas
Sonum þar nokkra stund að
rifja saman. Fórum heim síðan
á Laugaveg 66. Las í Retsencyclopædi
um kvöldið heimsótti og Rut.

Var lengi að tala við hann mest um kosningar. Sagði hann, að það væri dæmafár klaufaskapur að Tíminn hefðu eigi Norður-Ísafjarðarsýslu á valdi sínu. Gengum út. Hittum Gísla Halldórsson og Steindór Steindórsson, nýkomna frá útlöndum. Heilsuðum þeim og spjölluðum lítið eitt við þá. Talaði við Kjartan Konráðsson. Sagði hann, að grein Sveins hefði eyðilagt Jakob Möller hér í bænum. Við værum Tímamenn. Sveinn væri ungæðir. Páll Jónsson mundi gefa sér vottorð. Mamma gæti. Varð fyrir að ráðast inn í kjördeild með gamla konu. Pabbi væri fallinn, sakir þess að einungis 360 hefðu greitt þar atkvæði. Hann mundi fara í mál við Svein [illegible].

Dagbók. 1927.

11. júlí. Talin atkvæði hér í Reykjavík. Ég mjög órólegur og ákafur allan daginn, einkum þó fyrri hlutann meðan Jakob þó hafði nóg til þess að komast að. Var lengi úti í Hegningarhúsi að hlusta á upptalninguna, en fór síðan út. Hitti Ragnar Jónsson, Jón Blöndal, Rut og Jón Engilberts og var mjög lengi með þeim. Síðan var ég nokkra stund með Bjarna Guðmundssyni. Hitti Karl Einarsson þegar hann kom frá talningunni og var hann að vonum daufur en huggaði sig þó við það að ~~þr~~ Íhaldsmenn hefðu eigi komið kerlingunni inn. Var inn á Laugaveg 66 um kvöldið. Baldur var mjög daufur huggaði sig þó við það að kerlingin komst ekki inn. Jóngrímur Kristjánsson kom heim með Sveini. Var hér lengi að tala við okkur, uppfullur af Íhaldsanda.

12. júlí. Las í Retsencyclopædi fyrri hluta dags. Síðari hlutann var ég lengst af á randi til þess að sjá hvernig kosningarnar færu.

Einar Arnórsson var niður frá að
horfa á atkvæðatölur í glugga Morgun-
blaðsins, þangað til hann var
kominn 400 niður fyrir hina
þá strunsaði hann heim.
Eg hlýddi á tal Kristjáns Al-
bertssonar og Jóns Kjartanssonar
að þeir töldu Jón alveg vissan.
Kom mönnum það og mjög á
óvart þegar hann féll og vakti
það mikla gleði fyrir utan glugga
Morgunblaðsins. Fylgdi Sveini til
skips. Hann kvaðst ef til vill til að
kalla mig síðar norður, ef svo ber
undir. Borða inn á Laugaveg 66. Þar
var Ólafur Eldri frá Lindarbæ,
sagði hann, að Gunnar S[illegible]
hefði tapað 20 atkvæðum úr Þykkva-
bæ, vegna þess að hann hefði
ætlað að sækja þá á bíl en
billinn bilað og alt mistekist.
Varð feginn er Gunnar komst
að. Daginum varð þó bestur
við það, að Sigurður Eggerz komst
inn. Fór um kvöldið á Nýja-bíó
með Jóni Blöndal.

Dagbók. 1927.

13. júlí. Heimsótti Reit um morgun-
inn og gekk úti með honum og
Jónatan. Hitti Baldur. Lá vel á honum
og var hann hinn kátasti yfir úr-
slitum kosninga þeirra, er í ljós
komu daginn áður. Fór inn á
Sand fyrir Sön. Gekk niður í bæ
með Pétri síðan fórum við inn í
sundlaugar. Raðaði bókum heima
Borðaði kvöldmat á Laugaveg 66.
Um kvöldið kom pabbi. Lætur hann
vel yfir sér og hyggur sig hafa
yfirgnæfandi meirihluta. Segir að
Árni hafi von í Norður-Múlasýslu.
14. júlí. Var lengi dags að moka til
ofaníburði og jafna honum til kr-
ingum húsin. Skrifaði Kristjáni
bréf, kunningja Jónasi Karlssyni.
Gekk nokkrum sinnum niður í
bæ til þess að grenslast eftir því,
hvernig kosningarnar gengju. Var
annars um kvöldið heima að tala
við pabba. Las í „Kommandørens
Døtre" eftir Lie.
15. júlí. Var úti í garði um morguninn.
Las í Retsencyclopædi. Las í Einveldinu

Fór niður á safn og las í
„Review of Reviews". Borðaði nú á
Laugaveg 66, sakir þess að fólk
hér var upp á Háteig. Var hjá
Rúti um kvöldið. Þangað kom og
Ragnar Jónsson, sem fer í dag
upp í Borgarfjörð til sumardvalar.
16. júlí. Var lengst af að mála
gluggana hér fyrir utan. Kom
Rútur til mín og sagði að hann
myndi fara suður á Reykjanes nú á
mánudag og dvelja þar nokkra
daga. Fekk um kvöldið niður í bæ
til þess að grennslast eftir kosninga
fréttum. Talaði við Þórð Ólaf Egils
og Þórarinn hjá Zimsen. Ólafur
sagði: að eina vonin um góða
útkomu eftir þessar kosningar
hefði verið sú að sjálfstæðismenn
hefðu orðið 5 eða 6 og svo gæti
leikið sér hinum flokkunum og
myndað sterkan flokk. Var
heima þegar úrslitin að
norðan komu og símaði frétta-
stofan, þau til pabba. Pabbi símaði
svo aftur niður á skrifstofu
(Frh

Dagbók 1927.

16. júlí (Frh). Morgunblaðsins og
sagði þeim og vakti þeir þá upp
[illegible] hlátra. Hér komu um
kvöldið Sigurður Eggerz, Sigurjón
skipstjóri og Gunnar Salom, lá
vel á þeim öllum og sögðu
margt en fátt merkilegt. Pabbi
sagði: þá þeir voru farnir, að Arnór
Sigurjónsson hefði verið að hugsa
um að bjóða sig fram á móti
sér og hefði hann þverneitað fyrir
sér um lög, en séð að alt
var [illegible], en það er
víst að þetta hafi verið undan-
róður [illegible].
17. júlí. Hér borðaði Gunnar Salom.
Fór um á Laugaveg 66 og náði í
afa og Ólaf frá Lindarbæ til
þess að drekka kaffi hér. Magnús
Torfason kom sunnig heim og
var allglaður. Sagðist hann alveg
hafa stungið upp í E. A. með því
að minnast á landvötamálið.
Fekk útí, hitti Jón Blöndal og
vorum við lengi saman, gengum
niður á Mela og út í "Örfirisey.

Um kvöldið var eg hjá Rut.
Strákar þar spiluðu mikið á grammo-
fón en ekkert gerðist.
18. júlí. Lauk við að mála grindurnar,
rör og við það mest allan
daginn. Um kvöldið fór eg á
fund í Félagi frjálslyndra manna.
Þar talaði Jakob fyrst orsakir þess
að hann hefði fallið við kosning-
arnar. Karl Tulinius benti á
samleysi „Sameinaða" og að Ísl.
yrðu að fylkja sér þar á móti.
Þorkell Clemenz vildi láta taka
upp nafnið „Sjálfstæðisfélag" og
ávítaði forgöngumenn flokksins
fyrir deyfð. Þá héldu Sigurður
Eggerz, Jósef Húnfjörð, Sigurður
Heiðdal og Guðmundur Benediktsson
hvatningarræður. Fundurinn
fór ágætlega fram og var fjöl-
sóttur.

Dagbók. 1927.

19. júlí. Mokaði til og jafnaði
mold hér fyrir framan húsið.
Gekk niður í bæ með bréf. Hitti
Þorvald Pálsson og talaði lítið
eitt við hann. Einnig hitti ég
Axel Dahlmann og gekk eg
með honum uppeftir. Lauk við
„Hovmandövens Dötre". Skilaði
henni og fleirum bókum inn
á Laugaveg 66. Sýndi Baldur mér
mynd af sér og Jóni Þorlákssyni.
Gekk með Baldri og Pétri niður
í bæ. Flakkaðist annars um kvöldið
og varð ekki til tíðinda.
20. júlí. Hitti Rut um morguninn og
talaðist ekkert svo til að eg fer
suður Reykjanes með honum og
förunautum hans. Fór í sundlaug-
arnar og flakkaðist inn á Háteig og
víðar með Pétri bróður. Athugaði
kort landmælingamanna dönsku
yfir Reykjanes niðri á safni.
Gekk úti um kvöldið, hitti Sigurð
og Ólaf Eyjólfsson og talaði við
þá. Las í Ferðabók Þorvalds
Thoroddsens. Einnig í sögum Jónasar
Sigurjónssonar.

21. júlí. Hitti Rút um morguninn og
gengum við út saman. Eftir hádegi
kom ég einnig til hans og fór ég
út ásamt honum og Bjarna Guðm.
að undirbúa ferðina. Fékk heim
með Bílla, þar kom einnig Hólmfr.
Franzson og drukkum við kaffi.
Lögðum á stað kl. 5½ úr Reykjavík.
Í förinni voru: Rútur, Bjarni Guðm.
Eiríkur Einarsson, Hólmfríður Franzs
og ég. Auk þess voru í bílnum
nokkrir fullir bókbindarar.
Ferðin í Grindavík gekk vel, ég
lá utan á bílnum mest alla
leið og fór vel um mig.
Úr Grindavík fórum við Reegar
á stað. Stöðvuðum í Staðar-
hverfinu og ætluðum að fá
hest handa Rúti, en það
heppnaðist ekki. Fengum okkur
að éta af nesti okkar út
í hrauni. Komum að Reykjanesi
kl. 1. Vorum þá allfrískir.
Fengum brauð og mjólk.
Skoðuðum vitann og síðan
héldu Bj. Eir. og Hólmfr. áfram en
við Rútur hættum.

Dagbók · 1927.

22. júlí. Vöknuðum seint. Var
helliregning og hengum við því
inni fyrst framan af. Gengum
niður að hauganum og út að sjó
og þar með ströndinni. Kom á
okkur helliregning og svo að
við urðum votir í fötum. Þegar
heim kom var það þurrkað.
Seinna um daginn skánaði
veður og gengum við þá út
að hverunum og athuguðum þá.
Geysir gaus tvisvar meðan við
vorum þar og var gosið hér
um bil mannhæðar hátt. Hann
gýs sjó. Vorum svo þarna um
kvöldið, töluðum við Sigurð vita-
vörður svarlega stráka, og
þess háttar. Kom danskur
stráklur, Mogens Klog, og beiddist
gistingar, hann skilur ögn
íslensku en hefur samt víða
flakað hér. Hann hefur [illegible]-
rakaðan haus og er allur
hinn hjákátlegasti. Ekki vildi
hann neitt við okkur Rút tala.

23. júlí. Þennan morgun gengum
við niður að sjó. Eftir hádeg-
ið fór ég á stað heimleiðis.
Eigi vildu hjónin neitt af
mér taka fyrir gistinguna.
Pétur fylgdi mér nokkuð á
leið. Mér gekk ágætlega inn í
Kalmanstjörn, sandurinn var
hreinn yfirferðar og regnskúr-
irnar komu, eftir mér eigi að
meini. Í Kalmanstjörn var
mér tekið hið besta. Sagði
Ólafur bóndi mér margt og
var hinn skrafhreifasti.
Tafði fyrir mesið og var langt
[illegible] áleiðis til Keflavíkur,
náði þá þar í bíl og í
Vík, og þaðan eftir út í
Garð. Þar var mér tekið
hið besta. Sá nú Þórður
og Steinunn höfðu það vísu gert,
fyrir, ekkju Jónatans Jónssonar
í [illegible] hennar en gátu
samt hýst mig.

24. júlí. Gekk um með Steini.
Eftir hádegi fór ég suður út
að vita og sá þar í sandinum
og reikaði um og skemmti mér
hið besta við að skoða um-
hverfið. Var allan síðari
hluta dags og fram á nótt
hjá Gísla Sigurðssyni, manni
Steinunnar Steingrímsdóttur, var ~~hin~~
þar hin besta skemtun, fólkið
söng og ræddi um margt.
Gísli er skynsamur maður og
hneigist mjög að frjálslynda
flokknum.
25. júlí. Fór úr Garðinum með bíl inn
í Reykjavík. Komum við í Höfnum og
víðar fyrir alllangt en annars
gekk förin ágætlega. Þegar ég kom
heim frétti ég að vita að Sveinn
vill fá mig norður. Var ég svo
lengst af að útbúa mig undir
það ferðalag. Talaði við Gilla í
síma talaði og við Kút og lét
hann vel yfir sér á Reykjanesi
og hugði að sér mundi hvatt
skóna. Annars varð ekkert sögu-
legt.

26. júli. Var í ýmsu smásnatti
um morguninn. Eftir hádegi
fór ég inn í Laugar og þaðan
inn á Sand, Hátein og Langaveg
til að kveðja frændfólkið.
Fer með „Alexandrínu" kl. 6, en þar
fer og með henni að alt innan
uppteknið á Gullfossi. Eimskipa-
félagi þennar er Sigurjón
Skipstjóri Ólafsson. Með skipinu
eru Jakob Möller og Björn Kristjáns
til Ísafjarðar. Á Siglufjörð eru að
fara ýmsir útgerðarmenn svo
sem. Þór Sigurðsson, Gísli
Magnússon, Þór í Eflið ofl.
Förum ágætan veg þennan fyrsta
dag. Ég las „Frá Vestfjörðum
til Vesturbyggða".
27. júli. Vakna í höfn á Ísafirði.
Hitti Stebba bolsa sem þar er
umboðsmaður fyrir Óskar Halld.
og var með honum mest allan
daginn. Keypti Vöku og las í
henni, er lagt var frá Ísafirði
kl. 4 e.h. Gekk vel, en var þó
nokkra stund sjóveikur.

Dagbók. 1927.

Komum til Siglufjarðar kl. 3 um
nótt. Fór ég þá á fætur að gá til
veðurs og að öllum aðstæðum.
Hélst lengi uppi eða þartil búið
var að taka dót mitt upp úr
lestinni. Lagðist þá um kl. 5½ upp
í koju og las í Vöku þar til um 7.
Þá fór ég upp og var Sveinn þá
kominn um borð eftir mér.
Eftir nokkuð mas komumst við svo
í land og förum til Ottesen. Þar
var tekið vel á móti okkur, nóg að éta
o.s.frv. Flutti dót mitt upp á Bakka
þar sem ég á að búa með Jóhanni.
Er þar gott og þriflegt herbergi.
Hafði fataskifti, gekk síðan niður í bæ
og hitti Símon og fékk honum bréf
frá Baldri. Hitti Sveini og slóst í
för með honum. Hittum Gísla Vilhjálm.
Eftir hádegi gekk ég inn í bæinn
og hitti þá Jón Stefánsson og varð
þar fagnaðarfundur. Síðan gekk ég
út í Bakka og heilsaði mönnum
þar, tóku þeir mér sæmilega.
Var í ýmsum snúningum og að setja
mig inn í verk mitt þenna hluta
dags. Um kvöldið fór ég inn út í

Bakka að grafa upp veiði af
bát einum. Tekk Símon, sem ég
hitti þar þangað með mér.
Bar hann undir mig ýmislegt
viðvíkjandi fyrirhuguðu námi
sínu í Englandi. Áður en ég
hætti spilaði Júlli á harmoniku
fyrir okkur.

29. júlí. Um morguninn gruflaði ég í
dóti hér, en Sveinn sótti fyrir mig.
Símon kom og bar enn undir mig
atriði viðvíkjandi utanför sinni.
Ólafur Guðmundsson ætlar að
hjálpa honum eða kosta hann.
Fór niður í bæ fyrir Svein. Eftir
hádegi fór ég fyrir Ottesen út
e/s. Rosafred og taldi tunnur
umborð fyrir hann. Var ég að
því allan daginn, fór þó í land
um kl. 7 en síðan aftur umborð.
Kl. rúml. 11 var þessu lokið, fór
ég þá í vélbát í land með Júlla
og Sveini, en rétt aftur enn
út með þeim og Gísla Vilhjálmssyni
með tunnur fyrir Roald.

Dagbók. 1927.

30. júlí. Um morguninn átti ég við
bókhald bátanna. Eftir hádegi fór
ég út í Bakka að grenslast eftir
bátunum þar o.fl. Vann að báta-
bókhaldi síðari hluta dags.
Um kvöldið var ég að flækjast
í bænum. Sagði Skúli í Aberdeen
okkur að fregn hefði komið um
það, að Rússar myndu ætla að
snúa síldarkaupum sínum
hingað í stað þess að kaupa
enska síld svo sem þeir hafa
áður gert. Hitti Gísla Vilhjálmsson
og gekk með honum heim til
hans. Hefur hann gott herbergi.
Hittum Sveini úti og gengum með
honum ~~hann~~ út að Bakka og
vorum við þar nokkra stund.
Hittum Gísla Magnússon í
bænum og fórum inn til hans
og töluðum við hann nokkra
stund

31. júlí. Komst seint á fætur. Borðum
mjög fínan mat hjá Ottesen. Við
Sveinn fórum út í Bakka, þar
var og Geir góði kominn með nærri
100 tunnur og Gvendur með um 50.

Vorum við svo lengst af þar út
frá eftir bátunum á meðan þeir
voru að landa. Um kvöldið
skaktist ég úti með Gulla og
Atli vaktaði við bókfærslu með
Sveini.

1. ágúst. Við bókfærslu um morguninn.
Fór fyrir Gulla að reyna að ná í
Gísla Vilhjálmsson upp á smurnings-
olíu. Leitaði hans lengi og fann að
lokum eigi fyrr en eftir hádegisverð.
Hitti Sigurbjörn Ólafsson og sagði hann
síldarverð eigi hærra en 7 til 8 kr. á
henni upp úr sjónum. Fór út í Bakka
og talaði við bátaformenn. Gerði
upp með Gulla útborganir hans.
Um kvöldið fór ég í heimsókn með
Sveini og komumst við lengst
út í Bakka, fengum þar brjóstsykur
og kökur, en eigi hafði Óskar
peninga til þess að greiða bátum
Gunnars Ólafssonar með.

2. ágúst. Atli við bókfærslu um
morguninn, fór út á Bakka eftir
hádegi, einungis annar báturinn
kom að og hafði lítið sem ekkert.
Annars varð ekki til tíðinda.

3. ágúst. Við bókfærslu um morgun-
inn. Var úti á Bakka allan daginn
við báta Gísla sem báðir komu inn
fullir af síld. Óskar var í heldur
önugu skapi yfir öllu saman
og undir það síðasta lentum við hvor í
þrætu út af því, hvort halda ætti
áfram að salta af Þorgeiri, þegar
eftir voru um 5 tn. Óskar neitaði að
taka við síldinni, en Svendur gamli á
Bakka sagði að hún væri góð. Ég
varð samt að láta undan sakir þess
að skipstjóri vildi eigi að vera í
þessu þvargi og Svendur var orðinn
linur. Óskar rak mig af planinu
með mönnum. En þeir svöruðu og svo
að við mundum báðir eiga jafn-
mikið í stöðinni, svo að ég mundi
verða rólegur vegna hans orða.
Að lokum sagði ég við Óskar að þetta
væri einkennileg hegðun og framkoma
hjá honum en hinsvegar væri þetta
svo lítið, sem um væri deilt að
eigi tæki því að troða illsakir út
af því, og skildum við því sæmilega.
Þenna dag er helst talað um það,
að bráðlega muni eiga að hætta.

síldarsöltun í viku.
4. ágúst. Varð ekkert sérlegt til tíðinda, ég var úti í Bakka hluta dagsins, svo sem venjulega. Tók að mér að ná í löndunarkörfur fyrir Óskar Halldórsson, enda var vináttan mjög innileg þennan dag okkar á milli. En eigi tókst mér að ná í körfurnar sakir þess að enginn var við á skrifstofu Tynesar. Um kvöldið varð allmikið þvarg út af síld hjá Ottesen. Var það reknetabátur, sem var að landa, og neitaði Ottesen í miðju kafi að taka við síldinni, sakir þess að hún væri ósöltunarhæf. og fékkst matsmann á það með hangandi hendi, en sögðu þó að hún væri ágæt í krydd. Sem vonlegt var þá undu sjómenn og aðrir, sem þarna voru mjög reiðir þessum aðförum, en eigi varð þó neitt aðgert.

5. ágúst. Vaknaði seint. Stóð nú á körfunum þeim, er ég hafði lofað að ná í, og hafði Óskar hringt með mikilli grimmd í Svein eftir þeim. Náði ég þá í þær, slægndi en þó eigi fyrr en eftir nokkurt stapp, og fór með þær út í Bakka. Tók einnig á afgreiðslunni net fyrir báta S.Þ. og kom þeim út eftir með Geir goða. Fór út í Bakka. Lítil síld á okkar bátum en Haraldur Sigla Magnússonar kom inn með 100 tunnur. Ætlaði Óskar fyrst að neita þeim viðtöku, en svo eftir nokkurt stapp milli hans og Sigla þá voru fleiri matsmenn settir þarað til minda þorði í hvoruga löppina að stíga, og ákváðu þeir að síldin væri góð og vel söltunarhæf. Um kvöldið sagði Morten mér að það væri að strangja matið svo, að hér um bil annarri hverri síld væri fleygt sakir smæðar og megurðar. Við Sveinn sögðum Sigla Magnússyni þetta og leitst honum illa á. Við Sigli Villi fórum í Bjarna Ólafsson [illegible].

[illegible]

Akranesi og þóttu honum þétt
og harðir kostir. Eg átti lengi
tal við Hilmar Thors um síldar-
horfur og ágengni útlendinga
hér. Svo hitti Geir Sigurðsson
og sagði honum frá síldarmats-
breytingunum, en honum þóttu
þær svo vitlausar, að ómögulegt
væri að þær gætu átt sér stað.
6. ágúst. Þennan dag eru saltarar (útgerðar-
menn) horfnir frá Strangara mati,
en vilja nú láta banna söltun.
Með okkur borðaði Valtýr Stefánss.
miðdegisverð og var hann dálítið
slompaður og talaði hreina dellu-
inga um og stríddi Kvaran.
Eg var úti á Bakka eins og
venjulega og gerðist þar ekkert
sögulegt. Um kvöldið vorum við
Sveinn í bænum og úti á
Bakka en það ferðalag varð
tíðindalaust.
7. ágúst. Komst seint á fætur. Hékk
heima mikinn hluta dags. Hitti
Kjartan Ólafsson úti og talaði
lengi við hann. Sagði hann mér,
auðvitað í trúnaði, að á vetrum

Dagbók. 1927.

8. ágúst (Frh). væri ástandið þannig
hjá Óskari, að ætíð væri komið
til sín með smáreikninga og
matarútgjöld og hann neyddur
til að halda heimilinu frá
sulti. Við komum okkur báðir
saman um að Óskar gæti oft
aflað peninga en hann væri ófær
til að gæta þeirra, eins viðurkendi
Kjartan hinn óþolandi ruddaskap
og frekju, sem Óskar sýndi
mönnum. Um kvöldið fór eg að
heilsa upp á Jón Magnússon, lá
vel á honum og gekk hann lengi
með mér. Sagði hann mér af ferð
sinni í vor og las mér nokkur
kvæði, úr þeirri för, öll vel
ort og falleg, en sum hálfleiðin.
Auk þess las hann mér tvö
önnur kvæði, annað frá því í
vor, um Jón píslarvott úr Vest-
mannaeyjum, mjög kraftmikið og
voldugt kvæði, og ~~annað~~ lítið ástar-
kvæði, nýlega ort, létt og liðugt.
Auk þess skröfuðum við um
heima og geima og kom mæta
vel saman, sem fyrr.

[Kapt. Sölgaard]

8. ágúst. Fór um morguninn út í
Bakka til þess að rukka Óskar.
Lofar hann peningum um kvöldið
en segist enga hafa í bili.
Eftir hádegi fór eg enn úteftir
til þess að líta eftir bátunum
og kom eigi nema annar þeirra
inn. Sagði Hannes útvegju mér
að Óskar hefði lofað sér peningum
á morgun. Seinni hluta dags
átti eg við bókhald Þórðar
Ásmundssonar. Við kvöldverð
átti eg í allmikilli stælu við
Kvamsö og Vilner út af minni-
kennarstefnu Íslendinga. Töldu
þeir hana mjög fráleita og vit-
lausa, en eg varði hana eftir
mætti. Ekki var Kvamsö vel að
sér í sögunni, því að hann hélt
að Noregur hefði verið með Dön-
um í stríðinu 1864. Um
kvöldið fórum við Sveinn
inn í rukkunarför út að
Bakka en fengum ekkert annað
en loforð. Ekki vildi Guðmundur á
Bakka viðurkenna að hann hefði
séð draug í vetur, sagði að það hefði
verið Sigurjón á [illegible]

Dagbók. 1927.

9. ágúst. Um morguninn fór eg ásamt
Magnúsi Stefánssyni og Gulla á „trillu-
anum" yfir fjörð til Brobakke í inn-
heimtuerindum en sú för varð árang-
urslaus. Eftir hádegi fór eg út á
Bakka, þar var Geir með hér um
bil 25 tunnur, en Þorgeir enn ókom-
inn. Var lengi að tala við Magnús
skipstjóra á Geir og þáði hjá honum
kaffi. Keypti aspirin fyrir Jón
Magnússon sem var að sálast í
tannpínu. Eftir kl. 5 var eg við
bókfærslu h.f. A. Um kl. 8 er okkur
sagt að Þorgeir hafi komið inn
með mikla síld og einhverju af
því sé fleygt. Eg fór þegar út,
á Bakka, var þá búið að salta
af honum 73 hausaðar tn. en
eitthvað milli 30 og 40 var fleygt
sem óhæfu, enda mun síldin
eigi hafa verið góð svo að við
sáum okkur eigi fært að leggja
frekar út af henni. Eg fór
niður í bæ að ná í stykki er
vantaði í rafmagnsvél Þorgeirs, hitti Svein og
Gísla Vilhjálmsson og fór Gísli út
eftir með stykkið með mér, en þá

7 Kap. 1. dálgo A

var bátsinn farinn inn í bú.
og leituðum við hans lengi þar
til við fundum hann inn hjá
Kveldúlfsbryggjunni.
10. ágúst. Þennan dag hafði ég
heldur lítið að gera, bæði Sunnan-
bátar höfðu legið inni. Helst var
ég við það, að fara smá rukk-
ferðir út í Bakka, en það varð
alt árangurslaust, því að Óskar
hafði enga peninga til. Um
kvöldið fórum við Sveinn saman
í bæinn, fundum Gísla Vilhjálmsson
og spjölluðum við hann, en
ekkert markvert gerðist.
11. ágúst. Fór venjulega rukkför út
í Bakka um morguninn, vitanlega
árangurslausa. Kom á pósthúsið og
fékk þar bréf frá Jónasi Kortssyni,
en engum öðrum. Las í blöðum er
Sveini voru send. Fór út í Bakka
og samdi við Óskar um stúlku
til netabætninga. Var við er Óskar
og Júlíus sömdu munnlega um
frystingu á 200 tunnum síldar, og
vitaði ég síðan þann samning
skrifa þá. Um kvöldið vorum við

Dagbók · 1927.

11. ágúst (frh.) Sveinn var út í
Bakka, fengum enga peninga, en
töluðum lengi við Óskar um ýmis-
leg málefni. Um kl. 12 um kvöldið
þegar ég lá hálfsofandi í bæli
mínu, kom Júlíus heim með
hávaða og læti, potaði í mig og
sló og tók ég því vitanlega eigi
blíðlega. Endaði sú deila þannig
að Júlíus vék mig frá bókfærslu
starfi sínu.
12. ágúst. Er úti í Bakka um morgun-
inn. Bátarnir hafa litla síld, annar
20 tn. en hinn 40 tn. Er með annan
fótinn út í Bakka allan fyrri
hluta dags. Seinni hlutann er ég
við bókfærsluna og les í Iðunni
sem Jóh. Magnússon lánaði mér.
Sem með Sveini fréttaskeyti
til Vísis, Á í deilum við Kvamró
neðan á máltíðum spunnur út
af sendingu Einars Olgeirssonar
til að semja við Rússa. Um
kvöldið var ég stærlega að hugsa
um að fara mér til gamans með
Esju inn á Dalvík og vera þar
einn dag eða svo hjá Júlíusi [illegible]

13. ágúst. Er í bókfærslu h. Ásm. um morguninn. Fer út í Bakka eftir hádegi og svali þar út 50 kr. með handneskju. Er svo í ýmsu snatti miðhluta dagsins. Um kvöldið fór eg til Símonar Ágústssonar og talaði lengi við hann. Síðan leyptist eg niður frá hjá Ottesen þar til kl. [illegible].

14. ágúst. Var í bælinu fram undir hádegi. Var niðri frá hjá Ottesen lengi að lesa vegfara. Fór út í Bakka að skila Ö. ni. Skrifaði þónni Laufey. Sagði Sveinn mér, að Kveldúlf. hefði sagt Ásgeiri Matthíassyni og Alfons Jónssyni síldarsamninga sína, og hefðu þeir sagt að veðið í þeim væri einskis virði. Til þess að mótmæla hefði á því verið að græða hefði það þurft að vera handveð og tunnunum velt sér á planið. Hér hefði þetta með handveðið hugnast, enda sá eg og þegar eg fletti upp formálabók E. A. að handveð á þann hátt, sem þeir hugsuðu það er ekki til. Las í kvöþætti um kvöldið

Dagbók. 1927.

15. ágúst. Skrifaði Pétri bréf út af veðsetningarsamningunum og bað hann um að grennslast eftir því, hvort hún mundi gild eða ekki. Fór með bréfið á pósthúsið en þar eð búið var að taka póstinn kom eg því til Helga Hafliðasonar. Tók upp mikið af smáútgjöldum, er kálfinn hafði orðið fyrir, og færði þau inn. Sekk niður að Geir og Gorgon, þar sem þeir lágu við Kveldúlfsbryggjuna og talaði við skipsmenn, fékk kaffi um borð hjá Sighvati. Sat fyrir Svein á kontórnum hjá Ottesen lengst af um kvöld síðari hluta dags. Um kvöldið gekk eg fyrst niður í bæ en síðan fór eg heim og las í Krókþætti Jóns Kr. Komu Sveinn, Gísli og Magnús félagi hans, er við höfðum verið hjá og töluðu þeir við okkur. Hélt Gísli fyrirlestur um jafnaðarmennsku, gjaldþrot í Noregi og hlutaskiptin sem tíðkast á norsku bátunum sínum. Er það þannig að nokkrir skipsmannanna eiga bátinn í sameign og ráða svo menn sér til aðst

16. ágúst. Um morguninn var eg í dóti Þórðar Ásm. Fór út í Bakka eftir hádegi, því að báðir bátarnir voru komnir inn og dvaldi eg þar nokkra stund. Var við bókhald seinni hluta dags og gerði lítið. Við kvöldverð ræddum við Sveinn það, hvort mögulegt mundi vera, að fara landveg, eitthvað af leiðinni heim í haust. T.d. að fara til Hvammstanga með skipi og þaðan landveg suður í Borgarfjörð. Um kvöldið fórum við út í Bakka og víðar. Þegar Júlíus kom heim um nóttina vakti hann mig einungis af bölvun sinni og skammaði eg hann vitanlega fyrir það.

17. ágúst. Lenti um morguninn í deilum við Júlíus út úr framferði hans kvöldinu áður, og hótaði þeim með því, að hann tók bókfærslubækurnar þegjandi og lokaði niður í kistu sinni, án þess að eg blandaði því máli nokkuð inn í deilur okkar. Annars var eg allan daginn að eiga við bókfærsl fyrir Gunnar Ólafsson, nema

Dagbók. 1927.

17. ágúst (Frh). að eg fór út í Bakka um miðjan daginn og var þar nokkra stund og fór með manni af þorginu góða að útvega honum vaðstígvél, því að hann hafði misst annað sitt í sjóinn og hér um bil verið kominn sjálfur út með. Um kvöldið gekk eg niður í bæ, mætti eg þá Jóni Magnússyni, Halldóri Sigurðssyni, Símoni Ágústssyni og Ma[illegible]mannssyni. Ætluðu þeir að fara að ná í mig, þar sem afmæli Jóns var. Bauð hann okkur síðan inn á kaffihús og drukkum við þar kaffi í mestu makindum og spjölluðum saman og höfðum við gaman af.

18. ágúst. Þenna dag fengu bátar Gunnars lítinn afla. Eg var nokkra stund út í Bakka um miðjan dag eins og vant er. Færði upp úr dagbók Gunnars Ólafssonar. Um kvöldið varð allmikið stapp niður á Ottesens-bryggju. Létu þeir sækja Jakob Björnsson sjálfan til þess að segja um stærð síldarinnar. Hann kvað sig

þegar hann kom, eigi hafa leyfi
til að fleygja úr sinni síld, sem
þó væri yfir 30 sm, því að mats-
menn væru settir til að gæta
gæða síldarinnar, en eigi
stærðar. Þessum úrskurði vildi
Ottesen eigi una og óð upp á
hann með skömmum, sagðist skyldu
kæra hann fyrir stjórnarráðinu
o. s. frv., spurði hvort ætti að dæma
það fyrirsjáanlega tap á sig, sem
hann hlyti af að taka þessa
síld. Jakob varð þá hinn reiðasti
og sagði Morten að fara til
helvítis með alt sitt tap, sér
kæmi það ekkert við. og fór
hann síðan brott. Eftir þetta
urðu báðir matsmenn á
planinu skyndilega veikir og
þurftu að fara heim og
leggja sig. Var þá matsmanns-
laust. Sendi Ottesen þá mig
og Þórð til Jakobs gamla til
þess að skýra honum frá
þessu og biðja um að ráða í
stað hinna. Þá er Jakob hafði
(frh.)

18. ág. (frh.) farið nokkrum óvirðu-
legum en makalegum orðum um
Ottesen, sendi hann okkur til Theodórs
nokkurs Pálssonar og sagði okkur,
að skipa honum, í sínu nafni,
að taka við matsstarfi þarna
niðurfrá. Fórum við nú þangað, en
Theodór neitaði, í votta viðurvist,
að hlýða og sagði að á þetta
plan gæti enginn ærlegur maður
komið. Fór ég nú enn til Jakobs
og sagði honum erindislok mín, en
Þórður fór til dr. Pauls og átti að
reyna að koma einhverju af skipun-
um í gúanó. Þegar Jakob heyrði um
neitun Theodórs skrifaði hann honum
bréf, þar sem hann hótaði að setja
Theodór af, ef hann hlýddi eigi þegar
í stað. Tók ég svo skjal þetta og
afhenti Theodór og lét hann þá
undan. Að öllu þessu loknu gekk ég
með Þórði til dr. Pauls og átti Þórður
nú enn að þrautreyna hvort
hægt væri að koma tveim skipum í
bræðslu, en fékk synjun. Bauð hann
mér síðan upp á sítrón inni á Bíó-

kaffi. Á planinu hjá Ottesen var
alt í vitleysu og hrærigraut, og
allir menn ráðlausir og það eina
skip, sem fékk sig tafarlaust af-
greitt var Ólafur Bjarnason. Aum-
ingja Gilli var alveg ráðlaus
hvorðu menn í honum sitt á hvað,
Ottesen, skipsmenn og við Sveinn.
Vissi hann að síðustu hvorki upp
né niður og botnaði ekki í neinu.
Kl. um 12 var kallað á mig, þar
sem eg stóð á planinu, og voru
þá þar komnir Jakob latínumaður
úr Skagafirði og Júlíus son sýslu-
mannsins í Borgarnesi. Voru
þeir á útleið með Brúarfossi, en
komu þarna sem snöggvast í
land. Bauð eg þeim inn og
náði í jórd til þess að spjalla
við þá. Töluðum við síðan góða
stund saman, þangað til Ottesen
bað mig að fara út í Bakka
og benda á eftir tunnuprammanum
sem þar var. Gerði eg það
og gekk vel kom heim um kl.
2 og háttaði þá og sofnaði
[illegible]

Dagbók. 1937.

19. ágúst. Um morguninn fór eg
niður á pósthús og náði í bréf til
okkar og á báta okkar. Skrifaði pabbi
mér skemtilegt bréf, mest um horfur
um stjórnarmyndun. Var í ýmiskonar
snúningum um daginn, öllum lítt
merkum. Við Sveinn hertum Júlíus
upp í því, að fara og beita meiri
strangleik við Ottesen. Um kvöldið
fórum við Sveinn út í Bakka og
fengum undirskrift Óskars undir
samning, sem Sveinn og hann gerðu
um 100 tunnur af Nirði fyrir 8 kr.
tunnuna. Sagði Óskar okkur að "Örten-
blad" hefði verið búinn að lofa að
kaupa síld af "Ísafold" Metúsalems.
En nú væri hún komin inn og
fyndist nú "Örtenblad" hvergi
væri Metúsalem búinn að leggja
inn tilkynningar heima hjá honum
og hefði fjölda manna í leit um
allan bæ, en ekkert dugði meðan
léti hvergi á sér bóla. Þegar
eg var nýháttaður kom Júlíus
heim og var hann nú hinn auð-
mjúkasti og alveg ráðlaus, viðurkendi

[illegible]

að hann léti hvora í sér sitt á
hvað og botnaði eigi neitt í
neinu. Meðan hann var að hátta
sig sá hann, að Hrefna var að
leggjast upp að Anleggjunni, vildi
hann ekkert skifta sér af henni og
vildi sem fyrst sofna til þess að
vera löglega afsakaður frá því, að
lenda í því stappi sem senni-
legast var að út af henni yrði.
En eigi fekk hann frið til þess
því að Gunnar Halldórsson kom
og tók hann með sér til þess að
vegna að koma honum út í Bakka.
20. ág. Gerði uppkast að veðsetningar
skjali, sem Sveinn ætlaði að vegna
að fá ~~[illegible]~~ Gunnar Halld. til
að skrifa undir út af Nót i.
Var úti í Bakka eins og venjulega
til að líta eftir bátunum og
höfðu þeir allir lítið nema
Ardan sem hafði um 140.
Útbjó veðsetningarskjal fyrir
Bjarna Ólafsson, sem hann ætlar
að láta Morten skrifa undir. Um
kvöldið var ég og síðan Sveinn inni
að tala við Gísla Vilhj.

Dagbók. 1927.

21. ág. Lá lengi í bólinu í tilefni
sunnudags. Færði nokkuð í bókunum
eftir hádegi þó ekki lengi. Fór út í
Bakka eftir miðdegiskaffi, sá vel á
Óskari og lofaði hann öllu fögru
um peninga. Um kvöldið talaði ég við
Magnús Vagnsson og Jón Magnússon, sem
kom þar á stöðina í heimsókn.
22. ág. Fór snemma dags út í Bakka
í [illegible] og tókst eigi að fá neitt,
en var sagt að koma síðar. Um
hádegi kom ég enn og fekk þá eftir
töluverða bið 4000 kr. fyrir alla
bátana, bæði Gunnars og Gísla. Var
í nokkrum efa um, hvernig ég átti
að skifta því fé á milli þeirra og
ráðfærði mig við Svein um það,
og varð það ofan á, að Gísli
fekk 1500 kr. en Gunnar 2500. Þenna
dag bað Þórður Ásmundsson Svein um
að taka síld sína að sér og var
mikið þvarg út úr því fram og
til baka, en lítil niðurstaða.
23. ág. Þenna dag var ég lengst af
að útbúa reikninga Þórðar Ásm.
svo að hægt væri að senda

ágrip af þeim heim með bátnum.
Lét menn á Geir fá nokkra peninga
virða þörðar báta veiðibeinir til
heimferðar kl. 10 um kvöldið og
fóru þeir þá. Eigi höfðum við
tveim tíma til að borða fyrr en
þeir voru farnir. Biður Bjarni
Ólafsson Svein um að verða um-
boðsmann sinn hér og eftir mikið
þvarg við Ottesen verður það ofan
á, að Sveinn ~~[illegible]~~ að fara frá
Ottesen, með hans samþykki, og tekur
að sér að gæta hagsmuna Þórðar
Ásmundssonar og Bjarna.
24. ágúst. Förum við Sveinn með
skjalið um veðsetning Ottesens á síld
til Bjarna Ólafssonar, til bæjarfógeta
og taldi hann, að það mundi nauðsyn-
legt að þinglýsa því annarsstaðar
en á heimili (varnarþingi) Ottesens.
Taldi hann vel örugga, en því
þarf að velta á annað plan.
Sendum skeyti til þess að spyrja
um ~~[illegible]~~ heimilisfang Ottesens.
Var út í Bakka mestan hluta dags
og var haft lítið, en þangað 120 tunna

Dagbók - 1947.

25. ágúst. Hitti Gísla Magnússon,
nýkominn að sunnan sem snöggvast.
Reiknaði út vinnulaun fyrir Svein.
Fékk bréf frá Pabba, Pétri og Stellu.
Fór út í Bakka og afhenti mönnum
á bátunum peninga. Átti við bækur
Þórðar Ásmundssonar síðari hluta
dags. Fékk skeyti frá pabba um, það,
hverjir eru í hinni nýju stjórn
~~[illegible]~~ Íslands. Hefðum virð-
ist mér það tvírt, að Jónas frá Hriflu
skuli vera orðinn dómsmálaráðherra
nauðar sést þó nú hvað hann
dugar til þess að hrinda áhuga-
málum sínum fram. Um kvöldið
var ég í mikilli samlagningu fyrir
Svein.
26. ágúst. Fyrra hluta dags færði
ég bækur Þórðar Ásm. og Gunnars
Ólafssonar. Síðari hlutann færði ég
inn vinnulaun fyrir Svein.
Um kvöldið spilaði ég „cassion“
fyrst við Þórð og Magnús, síðar
kom Ottesen, og þegar hann hætti
Ragnar Gabríelsson og Gulli.

27. ágúst. Var við bókfærslu
mikinn hluta dags. Hið versta
veður. Gekk ofan í báta Gunnars
og var þar alt í lagi. Kom út
í Bakka, var þar kvenn mikið
og bryggjunum hætt. Um kvöldið
var ég lengi niðri frá hjá Ottesen
Fór síðan heim og las í þýskum
blöðum, sem pabbi hafði sent
mér.
28. Lá í bælinu til hádegis og las í
þýskum blöðum. Eftir mat gekk ég
út í Bakka og virti fyrir mér
skemdir þær, sem þar höfðu
orðið á bryggjunum. Kom um
borð í Þorgeir goða skrifaði
við skipshöfnina og lét þá fá
peninga lítilsháttar. Skrifaði
pabba. Um kvöldið var ég á
hvalningi, sá ekkert markvert
og fór því heim að hátta um
kl. 11 og las í blöðunum.
29. ágúst. Um morguninn sendum
við símskeyti til Vísis. Kom til Gísla
Vilhjálmssonar. Hann fékk við að skrifa
pabba, og hripa stutt bréf til

Dagbók. 1927.

29. ágúst (Framhald) Ólafar og Guðrúnar
Péturs og Kristjönu. Eru skrifa ég
Gunnari Ólafssyni fyrir Svein. Tekið
niður í ba með samt af bréfunum
og kom þeim þar af mér, en
sem hafði Júlíus tekið þegar hann
fór um borð, alfarinn héðan. Er mér
sannast sagt lítil eftirsjá í Júlíusi, því
að þótt hann kunni að vera sæmi-
legur strákur í raun og veru, þá er
hann samt svo framtakslítill óþroskaður
og laus við alla einbeitingu að því,
sem gera þarf, og jafnframt svo
tillitslaus við aðra og verk þau,
sem þeir þurfa að vinna af hendi
að heita má, að ómögulegt sé að um-
gangast hann. Um kvöldið fór ég
út í Bakka, fékk kaffi hjá
Fríðu og náði í þvott, sem ég
átti þar.
30. ágúst. Um morguninn var ég við
bókhald Gunnars Ólafssonar. Spurði
Sigurður Sigurðsson mig, hvernig
ég mundi taka því, ef ég yrði beðinn
að taka að mér bókhald þarðan Mort.
Ottesens, nú þegar hann fer. Kvaðst ég

valls eigi mundu taka það að mér.
Eftir hádegi fór eg út í Bakka
og voru þeir þar Þorgeir og
Geir með mjög mikla síld.
Náði í olíu fyrir Þorgeir. Hitti
Jón Stefánsson og talaði nokkuð
við hann. Bauð Guðmundur
gamli á Bakka mér upp á kaffi
með sér og sagði hann mér margt
af byltinga og óráðvendnis hug
Siggu og Soffíu á Bakka, og
trúði eg eigi nema sumu.
Fékk bréf frá pabba þar, sem
hann segir frá stjórnarmynduninni.
Einnig sendi hann „Review of
Reviews" og amerískt tímarit.
Um kvöldið var eg við bókfærslu.
31. ágúst. Fór seint á fætur og vann
að bókfærslu um morguninn.
Var út í Bakka um miðjan daginn,
en seinni hlutann endurskoðaði eg
bækur Þórðar Ásm. Um kvöldið
fór eg út í Bakka með sokka til
þvottar. Hitti þar Símon og gekk
heim til hans með honum. Las í „Review
of Reviews" grein um Disraeli.

Dagbók. 1927.

1. september. Lauk við endurskoðun
á bókum Þórðar Ásmundssonar. Fór
út í Bakka eftir hádegi, varð samferða
Alfons lögfræðingi, kvartaði hann
undan því, að þetta væri leið at-
vinna hjá sér og vildi hann
heldur fá fast starf fyrir litla borgun.
Þegar út í Bakka kom gekk þar alt
heldur treglega, var verið að skipa
út síld í skip, sem þar lá, og sandur
af bátum við bryggjuna. Eftir
nokkurt þvarg komst Þorgeir inn
á Hólma og var losaður þar
en t.d. bátar Gísla Magnússonar biðu
lengi eftir afgreiðslu og var Gísli
hinn reiðasti yfir því, sem von var.
Síðari hluta dags las eg í kröfu-
rétti. Um kvöldið var eg lengi
að tala við Gísla Magnússon.
Sagði hann mér, að hann hefði
einu sinni sjálfur verið með bát hér
á Siglufirði, á snurpuveiðum og
hefði sér gengið illa. [illegible]
hafi verið tregur afli, en hann
einnig haft slæma nót, sem Hjalti
Jónsson, hafði prakkað inn á sig

og fá sjaldan síld hefði komið
[at veiða] á bílati nótin. Næsta ár sagðist
hann hafa verið með smávélbáta-
bát á Ísafirði og fiskað ágæta
vel, verið hæstur þar til veðr
fóru að versna, svo að hann varð
eða á leit réttara, að selja eigi síns
hengt á haf út sína og stærri bátar
Formaður sagðist hann hafa orðið
tvítugur, þá á árabát í Eyjum
síðan hefði hann verið tvö ár
vélamaður á vélbát, þegar þeir
fóru að tíðkast, en síðan sjálfur
fengið bát. Haldór var kominn
nú kalt til Óskars og áleit hann
lítinn fjármálagarp vera, sem
og er rétt.

2. sept. Vaknaði snemma og las í
Review of Reviews fram til kl. 9.
Gekk niður að „Esju" en sá fátt
merkilegt, mætti þó Sigurði stud. med.
Sigurðsson og heilsaði upp á hann.
Flæktist síðan nokkra stund um
með Sveini. Eftir hádegi kom Hinrik
Jónsson frá Vestmannaeyjum, sagðist
hann hafa sveit af botnlanga bólgu

Dagbók 1927.

2. sept (Frh.) og hefði læknir sagt
sér að liggja í rúmi um vikutíma.
Hafði Sveinn bróðir minn svo vísað
sér á, að hann mundi geta fengið
húsnæði hjá mér, og kvað ég
það vera mega. Komum við honum
síðan fyrir og fór ég, að því loknu,
út í Bakka. Bátarnir höfðu hver
um 40 tunnur. Var síðan á ýmislegum
flækingi lengi dags. Um kvöldið var
ég heima, snerist nokkuð kringum
Hinrik, en las annars í „Rev. of Rev."

3. sept. Var í ýmislegum snúningum
mikinn hluta dags. Gerðu „kanditat"
fór heim. Magnús Vagnsson lagði allfast
að mér, að takast á hendur bókfærslu
Ottesens, en ég þvertók fyrir það.
Um kvöldið vorum við Sveinn
boðnir af Ásu frænku okkar
heim til Gunnars Egilssonar, fengum
við þar bláber með sykri og
rjóma. Um kvöldið gekk mér
mjög illa að sofna og las ég
lengi í „The Wide World".

4. sept. Fór seint á fætur og las í „The wide World“: inninu. Var lengst af út í Bakka, þar sem Geir goði var að landa síld, Þorgeir fór aftur á móti inn í Hólma og Sveinn með honum. Hitti Magnús Guðmundsson sambýlismann Gísla Villij. og gekk með honum inn í Fjarðarbotn, að bæ, sem þar er. Um kvöldið gekk ég niður í bæ, mætti Gísla Magnússyni, [illegible] síðan hittum við Magnús Magnússon og gengum síðan lengi saman. Gísli sagði okkur frá stappi því, sem hann átti í í vor, út af „snurrevaadar“ veiðum manna. Síðan fóru þeir Magnús og Gísli að prata um stjórnmál. Gísli er eindreginn íhaldsmaður. Las í sögu Borgarættarinnar seint um kvöldið.

5. sept. Var í ýmsum snúningum um daginn en gjörði ekkert markvert, lítill afli og alt tíðindalaust. Las í sögu Borgarættarinnar um kvöldið.

Dagbók. 1927.

6. sept. Var út í Bakka fyrir hádegi. Það varð að samkomulagi milli ~~manna~~ Sveins og Óskars, að bátar Gunnars skyldu eigi fara út þenna dag, ef aðrir bátar féllust á hið sama. Var á ýmislegum flækingi lengst af deginum. Hitti Böðvar Bjarkan út á Bakka og heilsaði upp á hann. Um kvöldið var ég heima og afrekaði lítið

7. sept. Var hér heima mestan hluta dags og malaði við Ólínu. Fór þó niður í bæ og talaði við menn á Geir goða o.fl. Annars bar ekkert til tíðinda

8. sept. Bátar allir lágu við land, sökum veðurs og var því eigi mikið að gera hjá mér. Náði í póst, sem kom með Íslandi. Ég fékk bréf frá pabba og Þórarni Karlssyni. Gekk út í Bakka hitti Jón Magnússon sagðist hann ætla suður með Íslandi. Síðan um daginn ákvað ég sjálfur í samráði við Svein, að fara eigi heim fyr en síðar. Las í blöðum sem komu að heiman, lengi dags. Um kvöldið

kom Símon Ag. hér, spjölluðum
við lengi við hann. Sveinn fór
snögga ferð inn á Akureyri.
9. sept. Ég var heima mestan
hluta dags því að landlegu dagur
var hjá bátum. Las í „The Wide
World". Um kvöldið gekk ég niður
í bæ, var þá þar blásið í bruna-
lúðra og öðrum illum látum
látið. Sagt var að kviknað væri
í ~~stör~~ smiðju dr. Pauls, en þegar
til kom, þá var þetta einungis
gufa, sem lagði þanning fyrir
rafmagnsljós, að til sýndar virtist
ei ó allsósvipað eldi. Þegar heim
kom var Pétur læknir þar,
sagði hann, að best væri að
senda Steinvík inn á Akureyri
með Nóru, og þyrfti góðan
mann honum til umsjár og
til þess að koma honum
fyrir á Akureyri. Baslaði ég
síðan í því að útvega sjúkra-
börur, burðarmenn, vélbát til
flutnings, að koma honum fyrir
um borð osfrv. Var jafnvel
(Frh.)

Dagbók - 1927.

9. sept (Framhald) sjálfur á þann
veginn að fara með honum inn
á Akureyri, en hætti þó við það
þegar ég fæ útvegað ágætan
mann til þess að sjá um
hann. Hitti Sigurjón Ólafsson
um nóttina, þegar öllu þessu
var lokið og talaði nokkra
stund við hann.

10. sept: Vaknaði seint og fór því eigi
snemma á fætur. Talaði við húsmóður-
ina um, hvað hún tæki fyrir
fæði og aðhlynningu að Steinvík vildi
hún helst ekkert taka, engu að síður
lét ég hana fá 10,00 kr., sem Sveinn
vinur sagði síðar að hefði verið of
lítið. Þegar við vorum nýbúnir
að borða hádegisverð kom
Björn Jakobsson að heimsækja
okkur. Var hann á suðurleið
heiman frá sér og lá sæmilega
á honum. Drakk hann kaffi hjá
okkur og gekk með okkur út í
Bakka og síðan nokkuð um
bæinn. Var í ýmislegum þvælingi
það, er eftir var dags.

11. sept. Um morguninn kom Björn Jakobsson, sat hann hér nokkra stund og gekk eg síðan með honum niður í bæ. Fór út í Bakka og höfðu bátar þar lítinn afla. Reiknaði fyrir Ottesen út kaup tveggja kvenmanna er heimleiðis fóru. Síðari hluta dags gekk eg ~~einn~~ upp í Hvanneyrarskál. Kvöldmat borðuðu með okkur Edvin Jacobsen og Roald, auk Tromsö. Tromsö var fullur og hélt fjórar ræður undir borðum. Fylgdi Guðmundi í Bakka sem var þarna innfrá allkendur, út eftir. Þegar þar kom bauð Óskar ásamt konu sinni okkur Guðnýju með sér niður í bæ. Fórum við fyrst á Bíókaffi og drukkum þar súkkulaði. Síðan fórum við í Brúarfoss, versta [illegible] knæpu landsins. Þar spilaði apapakkið, en dansspilt var í veitingasalnum. Þar voru fullir útlendingar, [illegible], útgerðarmenn, kaupmenn með frúm sínum, símstjóri og prestar.

Dagbók. 1927.

12. sept. Fór seint á fætur. Gekk út í Bakka. Síldarafli var með minsta móti og voru bátar Gunnars sterklega að hugsa um að halda heimleiðis einhvern næstu daga, en Óskar álit að þeir mætta eigi samkvæmt samningi fara fyrr en um þann tuttugasta. Vitanlega er það vitleysa ein, því að þeir mega hætta hvenær sem þá lystir. Þar fyrir getur verið varhugavert að fara í Óskars óleyfi, því að hann er að því leyti frábrugðinn öðrum mönnum, að hann hefur hald á þeim, er hann skuldar, í stað þess sem venjulegir menn hafa ~~at~~hald frá skuldeigendum.
Fór til bæjarfógeta til þess að grafa upp fyrir Magnús Stefánsson hvernig ætti að útfylla útflutnings-[illegible]eyðublöð. Beið eg þar lengi, en árangur biðarinnar var lítill því að þegar til kom botnaði fógeti sjálfur ekkert í þessu. Leiðbeindi ég svo Magnúsi við þetta um kvöldið

13. sept. Fátt merkilegt bar við. Sveinn kom sér saman um það við Óskar, að bátarnir skyldu halda áfram út þessa viku, en hætta síðan. Ég var lengi út í Bakka, meðal annars að endurskoða bækur Gunnars Ólafssonar o.fl. þess háttar. Las í kröfurétti um greiðsludrátt og galla í kaupum.

14. sept. Þennan dag stóð ég lengi niður á Ottesens-plani yfir síld, við settri Bjarna Ólafssyni, sem verið var að vega upp, sakir þess að hún á að fara í kassa. Arga-hundaveður. Síðari hluta dags las ég í kröfurétti, lauk við kaup.

15. sept. Var lengst af að sýsla við báta Gunnars Ólafssonar, athuga hvernig reikningar stæðu o.s.frv. Fór út í Bakka og bar mig saman við þá, kom þá í ljós 60 aura skekkja hjá mér en rúmlega 700,00 króna villa hjá þeim.

Dagbók 1927.

16. sept. Var lengst af dagsins að sýsla við reikninga Gunnars Ól. og snúast í kringum bátana. Um kvöldið komu þeir heim Sighvatur og Ólafur Einarsson af Þangeiri gáfa og töluðu við mig um greiðsluhorfur, voru þeir heldur daufir í dálkinn. Það var ég og sjálfur, en kvað þó, að alt mögulegt mundi verða til þess að fá, að minsta kosti, alveg örugt veð, og víst mætti telja að greiðslan kæmi einhverntíma, þó hún eigi kæmi þegar í stað. Pantaði mér far suður með Drotningunni. Þennan dag lenti ég í þrætu við Óskar út af því, hvenær bátarnir mættu fara heim skv. samningi, var það raunar frekar hermingarþræta en lítt að svo miklu varðaði raunverulega, því að báðir aðilar komu sér saman um að bátarnir færi á laugardag, en deilan að síðar yrðum við báðir veiðir. Segi ég það satt að andvirði legði mann bæði að þekkingu og viti en Óskar er, er nauðast hægt að

hugsa sér. Hann er að vísu lofaður fyrir dugnað, en hvílíkur dugnaður er það, að halda sér uppi á frekju og dónaskap, svíkja alla og ljúga öllu sem sagt er viðvíkjandi við skiftum.

17. sept. Var allan daginn eitthvað að vinna að útreikning Gunnars-bátanna, og gekk það alt seinlega. Töluðum við Sveinn við pabba í síma og báðum hann að koma fregninni um Krossanes-brunan í „Vísi" samdægurs. Pabbi sagði ekkert nema, að Stella systir kæmi heim sunnudagskvöld, þá seinilega um líkt leyti og ég skrifa þetta.

18. sept. Fór seint á fætur. Fór með bréf og plögg niður í Geir og Þorgeir. Annars var ég lengi dags að fúska við Njarðardót, en gekk lítið. Las í „Ég væri liðinn", sem ég að vísu hefi áður lesið, en það er góð bók, og jafnvel fróðleg. Nokkuð seint um kvöldið kom Hannes á [illegible] og talaði lengi við mig.

Dagbók. 1927.

19. sept. Var mest allan daginn inn að eiga við Njörð, kom alt af eitthvað nýtt, sem hann þurfti að fá, var því heldur tafsamt og þreytandi verk að gera upp við hann, enda var ég eigi í meira en meðal skapi.

20. sept. Lá lengi í bælinu. Fór heim til Gísla Vilhjálmssonar, hitti þar Magnús Guðmundsson og talaði ég lengi við hann um síldarútveg. Vildi hann láta byggja verksmiðju á ríkisins kostnað og koma upp ríkiseinokun á síldarsölu. Ég hélt því fram, sem venjulega, að réttast væri að banna síldveiðar. Enginn Íslendingur er enn, sem grætt hafi á síld, svo til langframa sé, en þeir hinsvegar óteljandi, sem gjaldþrota hafa orðið eða tapað stórfé á þeim. Stundum fengi verkafólkinu að vísu allgott kaup, en alt eins oft væri það, að hann gengi slyppur og snauður frá öllu saman, og það oft þegar mest væri unnið og mest á sig lagt. Ef síldveiðar hættust niður losnaði mikið vinnuafl, sem gæti farið í sveitir

og urðu þar einmitt á þeim tíma
árs, þegar þar er þörf á vinnuafli
Síðan gat þessi lausalýður stundað
þorskveiðar á vetrum. Þetta segi
eg að væri tvímælalaust það besta
en því miður er hætt við, að menn
hafi eigi vit eða dug til þess að
koma þessu fram. Á móti einka-
sölu og ríkis verksmiðju er eg
sakir þess, að víst má telja, að
þetta hvorutveggja lendi í braskara
höndum, því að sennilegast er, að
þeir, sem mest hafa fyrir þessu
barist fái stöður við þetta. En
hverskonar menn eru það? Óskar
Halldórsson Otto Tulinius og fleiri
óþarfir fjárglæframenn, svo eigi
sé nú sterkari orð við höfð.
Fór fyrir Njarðarmenn til Jónasar
Jakobs Jónassonar, sem leigt hafði
þeim herbergi til þess að reyna
að fá hann til þess að ganga
inn á, að við tækjum reikninginn
að okkur til greiðslu. Báði hann og
kona hans voru ófáanleg til þess
að taka okkar loforð trúanleg.
(Frh.)

Dagbók 1927.

20. sept (Frh.) Voru þau bæði með
dylgjur og vanvirði dónaskap, vildi þó
Jónas þessi gefa upphæðina eftir í
bráð með því skilyrði, að við
gæfum út víxil fyrir henni.
Lyktaði svo þessu með því að ég
varð reiður og greiddi helvítið
þegar í stað, þótt lítið væri um
fé. Síðari hluta dags vann eg
fyrir Ottesen við skriftir og
útreikninga.
21. sept. Fór snemma dags út í Bakka
og heilsaði þar upp á menn. Skrifaði
af reikning Gísla Magnússonar við
okkur. Endurbætti bókun Gunnars
Ól. og ýmislegt fleira smávegis
22. sept. Lét klippa mig og raka. Fór
með „Drottning Alexandrine" inn
á Akureyri. Þegar þar kom hitti eg
Júlíus Sigurjónsson á bryggjunni, var
hann á ~~[illegible]~~ leið. Um kvöldið fór eg heim
til Böðvars Bjarkan þar komu og
Árni Þorvaldsson, Sigurður [illegible]
kona hans og séra Sveinbjörn Högna.
Var þar vel tekið við mér og
gaman að koma.

23. sept. Um morguninn gekk eg upp
að Gagnfræðaskólanum og virti
hann fyrir mér, er það allmyndar-
legt og gott innangengi, að minsta
kosti í kringum það. Fór síðan
inn að kirkjunni og fór upp að
kirkjugarði. Hátt uppi í hlíðinni.
Þegar eg kom aftur í bæinn
heyrði eg til umferða prédikara,
Sæversar Nokkurs Jóhannessonar,
talaði hann feimulaust og
ögraði mönnum óspart með
helvíti. Var síðan á ýmsum flæking
um daginn, stundum með Júlíusi
og Árna Guðmundssyni, stundum
Jóhanni Þorkelssyni og lengi með
Hinrik Jónssyni, sem eg heimsótti
upp á spítala. Lengst komst eg
inn á brúna á Gönguskarðsá
fór eg það einn. Var þangað óttaleg
leið og for svo mikil að
þvílíka hefi eg eigi fyrr séð.
Keypti farmiða suður til Reykja-
víkur. Um kvöldið ætluðum við
Hinrik og Jóhann á bíó, en þegar
við vorum komnir inn bilaði leiðsla
svo ekkert varð úr því.

Dagbók 1927.

24. sept. Vaknaði á Siglufjarðar-
höfn, var hið versta veður svo
naumast var fært í land, enda ávaldi
eg það eigi fyrr en um hádegið
fór eg þá með Júlla og Hinrik.
Fór eg síðan heim og útbjó dót
mitt og talaði við Svein. Lét hann
mig fá peninga til ferðarinnar.
Þegar við ætluðum að komast
aftur um borð gekk það mjög
treglega og var erfitt að ná
í bát, eftir eins og hálfs klukku-
tíma stapp tókst það þó loks.
Um kvöldið spilaði eg við Júlla,
Hinrik, Elínu systur Júlla og
Guðrúnu Páls dóttur frá Flatey,
systur Gests. Var það gaman
og skemtum við okkur vel.
25. sept. Fór í land og kvaddi
Olsen og Magnús Vagnsson, sömu-
leiðis Bakkamenn. Sveinn kom með
mér ~~um~~ borð, dvaldi þar þó
skamma stund þó, en kom
aftur síðan. Spilaði við Guðrúnu
og Júlíus. Fórum klukkan 4½
frá Siglufirði. Eg var hálflasin

[illegible]

um kvöldið, gubbaði þó ekki
en hættaði til varnar og varð-
var í klefa með Hinrik Ragnari
Stefánssyni og Kristni Magnússyni.
26. sept. Fór snemma á fætur
og var alveg laus við sjóveiki
allan daginn, enda var ágætt veður,
stilli-logn og fögur fjallasýn.
Las í vegfara sem Júlli hafði
léð mér. Með skipinu kom frá
Ísafirði Ragnar Ásgeirsson. Sagðist
hann hafa verið á ferð um Vest-
firði og hitt Sigurð Borgfirðing.
Væri þar forneskjulegast og
jafnframt sóðalegast af þeim
stöðum, er hann hefði á komið,
Sigurður væri svo [illegible]
að hann gæti engu haft sér
til hjálpar og yrði því að vinna
öll verk sjálfur, þar á meðal berling
hans heyi í kör. Sagði hefði
hann haft 3 náðskorar, en
allar höfðu þær flænst burt
sökum á heitri kuls sem þá
var komin fyrir áttrætt. Sagðu
menn vestra og að konan væri
(Frh.)

Dagbók 1927

26. sept (Frh.) alt illa gefið nema
sagnalistin. Við komum heim
um kl. 9. og höfðum þá verið
13½ tíma frá Ísafirði. Var þar
fólk mitt niður á bryggju að
taka á móti mér, fórum síðan
heim og sögðum tíðindi.
27. sept. Gekk um morguninn
út, hitti Rut og Ragnar Jónsson
á götu, heilsaði þeim og talaði
nokkra stund við þá. Rutur sagðist
vera að lesa undir stúdentspróf
og skyldum við því brátt. Fór
og í baðhúsið. Náði í dót mitt.
Heilsaði upp á ömmu og
fólk á Laugaveg 66. Gekk með
Rutur síðan í bæ og hitti þar
Baldur og heilsaði konum.
Um kvöldið fór og á Gamla-Bíó
að horfa á Ben-Hur, og er
það góð mynd.

Borga Júlíusi	30 00
Keypt spjöld o.fl.	5 00
Matur og drykkjupen.	30 00

Dagbók 1927.

28. sept. Las í Skírni. Er hann lítt merkilegur. Ragnar frændi okkar kom að austan og heilsaði upp á okkur. Um kvöldið vorum við Pétur lengi að spjalla við Þórð frænda.

29. sept. Fékk um morguninn niður í bæ, hitti Júlíus Sig., fór með honum á Mensa og sátum við þar nokkra stund. Síðan gengum við út, upp að Landakotskirkju og víðar. Las í ýmsum bókum heima. Las í Vöku inn á Laugaveg 66. Um kvöldið heimsótti ég Rút. Voru hjá honum Bjarni [illegible] og Sverrir Kristjánsson.

30. sept. Þegar ég um morguninn gekk út, mætti ég Magnúsi Finnbogasyni. Heilsaði upp á hann. Hittum Júlíus og vorum við síðan saman nokkra stund. Las í Prestafélagsriti og Hlín. Fór niður á safn og las í „Review of Reviews". Um kvöldið fórum við Pétur ásamt Kristjáni upp á Háteig. Hringdi Kristinn Stefánsson og spurði hvort ég vildi koma með, austur yfir fjall og játaði ég því.

1. október. Var inn á Laugaveg 66 fyrir hádegi, las í ýmsum bókum um daginn. Gekk út og hitti Ragnar Ólafsson og Júlíus Sig. og talaði við þá. Um kvöldið las ég í „American humour", by Mark Twain.

2. október. Ólafía og afi eiga afmæli og fórum við í því tilefni inn á Laugaveg 66 og vorum þar lengi dags ásamt öðrum meðlimum fjölskyldunnar. Um kvöldið spiluðum við Pétur whist við pabba og mömmu.

3. október. Fór ásamt Kristni Stef., Júlíusi, Jóni Jak., Sveini P., Sigurði Sívan og Þorsteini Ögmundssyni austur yfir fjall. Óskar Erlendsson var bílstjóri og tókst ágætlega. Við komum á Stokkseyri og Eyrarbakka, borðuðum á Tryggvaskála, fórum nokkuð upp fyrir Sogsbrú, og sáum Grýlu gjósa. Var afbragðs gott fjallaskyggni og yfirleitt ágæt ferð.

Dagbók 1927.

4. sept. Fór með Pétri niður í bæ til þess að kaupa kápu handa mér, fengum við hana og hjá Sveini Bjarnasyni og Fjeldsted, lánaði Pétur mér fyrir henni. Var við háskólasetninguna, þar hélt Haraldur Níelsson ræðu, einkum á móti latínu- og grísku-námi í Mentaskólanum. Þennan dag var hið versta veður og var ég nokkra stund að athuga sjávarganginn á höfninni og skip, sem þar voru nauðulega stödd. Fékk „Straffevretten" eftir Topp að láni hjá Eymundsen. Um kvöldið gekk ég niður í bæ með Pétri og sátum við nokkra stund á Mensa, síðan fór ég heim og las í American Humour.

5. sept. Fór kl. 9 að heimsækja Rút, hann sagði mér, að þeir mundu eigi taka prófið fyr en nú um miðjan mánuð. Gekk með Ragnari Ólafssyni heim í hinn nýja bústað hans. Las í refsirétti. Var í tíma hjá Magnúsi. Las í kröfurétti og hlutarétti. Oklát.

að heimsækja Jón Magnússon
um kvöldið, en hann var eigi
við. Hitti Steinda í Holti og
spjallaði nokkra stund við
hann. Sagðist hann hafa haft
1700 krónur upp úr sumrinu.
Las: American Humour.
6. okt. Hættum í tíma hjá Ólafi og
talaði hann einungis við okkur, en
þetti(?) ekkert við kennslu. Las:
kirkjurétti og Dómstólum og réttarfari
sem ég fékk hjá Pétri, því að mitt
eintak er í bandi. Las: „American
Humour" um kvöldið.
7. okt. Í tíma hjá Ólafi. Las kirkju-
rétti og réttarfari. Fór um
kvöldið í leikhúsið ásamt Pétri
að horfa á „Abraham", er dálítið
gaman að því, en helst er það
um of dellubovið(?).

Dagbók. 1927.

8. október. Er í tímum hjá Ólafi og
Einari. Fór fyrir Ólaf í erindum(?) í
Landsbankann eftir peningum og síðan
með þá inn á Laugaveg 66(?). Fór
niður á safn og las í „Rev. of
Rev." Kom Pétur heim og með honum
Eyfjörð nýkominn frá Eyjum.
Lét hann vel yfir sér og virtist
óbreyttur. Um kvöldið fór ég heim
til Rúts og talaði lengi við hann.
Við fórum saman niður í bæ
og ætluðum að ná í Eyfjörð, en
það tókst eigi, fórum við þá
heim til mín og skröfuðum þar
saman til kl. 2½ um nóttina.
9. okt. Komst seint á fætur. Las:
refsirétt. Gekk niður í bæ um kl. 2
kom á Mensu og sat þar nokkra
stund. Las: kröfurétt. Gekk síðan
að Skerjafirði að athuga hin miklu
mannvirki, sem þar eru upp risin.
Fór niður að höfn, þegar Nova
kom kl. 7, og sá nokkra stúdenta
þar koma. Um kl. 9 heyrðum við
blístur og héldum að nú væri
Goðafoss að koma, og með honum
Sveinn, fórum við því niðureftir.

[illegible]

Ég hitti Björn Jakobsson og
talaði lengi við hann, einnig
hittum við í Júlíus Sig. og
gekk hann um með okkur meðan
við biðum skipsins. Það kom
um kl. 11, náðum við síðan í
Svein og kom hann síðan heim
ásamt öðrum hinum fjölskyldunnar.
Fengum kaffi og skröfuðum saman.

10. okt. Í tímum hjá öllum prófessorum.
Tekk vestur fyrir bæ með Ragnari Ól.
til þess að ná í bækur úr bókbandi.
Á fundi Stúdenta og Ólafur var hér
því mikill hvatningarsögur. Hér kom
Bjarni Ólafsson skipstjóri til þess
að tala við Svein, lét hann heldur
lítið yfir sér og kvað Morten
Ottesen hafa illilega á þá Akur-
nesinga leikið. Las í refsirétti en
annars heldur lítið og illa. Fór
um kvöldið út Pétri, fyrst inn á
Laugaveg 66 og síðan niður á
Hressa(?). Var þar lítið um að vera
talaði nokkra stund við Júlíus
og gekk síðan út með honum. Las í
skýrslu Menntaskóla, er heim kom. Það
[illegible]

Dagbók 1927.

11. okt. Í tímum hjá öllum prófessorum.
Las í refsirétti. Gekk með Sveini niður í
bæ um kl. [illegible] Þegar og ætlaði að fara
að lesa aftur kom Stebbi bolsi.
Talaði hann nú mjög illa um
Óskar og taldi hann vera einhvern
argasta hvatningahlim(?) og þorpara er
hugsanlegur væri. Hefði aldrei verið
eitt orð að marka, er hann hefði
sagt við viðeigandi fjárgreiðslum til þess
Ísafjarðarútibús síns í sumar. Þegar
Stebbi var farinn kom Ragnar Ól.
Sagði hann mér, að stjórn félags
stúdenta frá 1926 hefði farið þess á
leit við sig, hvort hann vildi verða
formaður félagsins þetta ár, og
kvaðst hann hafa tekið því eigi
ólíklega. Spurði hann mig, hvort
ég vildi verða ritari, ef til kæmi,
tók ég því allfjarri og lét þess
engan kost. Las lítið eitt í kröfurétti
og réttarfari. Komu þeir Pétur og
Egfor(?) Ftl... við svo að fara
að spila, en úr því varð eigi þar
að Pétur var kallaður á bíó. Ákváðum
við Egfor okkur frá að fara líka,
en úr [illegible] þar sem meir

miðdagsmat. Þá ætluðum við að
finna Rut, en hann var eigi heima
og héldum við þá sem leið til
min fengum þar kaffi og spiluðum
whist við Stellu og Sillu.
12. okt. Í tímum hjá öllum prófessorum.
Las kröfurétt og réttarfar. Fór
niður á safn og reyndi að grafa
upp hvernig innanlandsferðum sé
háttað í Danmörku, en gat eigi
fundið það. Las í Iðunni og Tímariti
Þjóðræknisfélags Vestur-íslendinga.
Um kvöldið fór ég í Gamla-bíó og
var þar sýnd framúrskarandi ómerkileg
mynd. Að sýningu lokinni hitti
ég Ragnar Jónsson og gekk all-
lengi úti með honum.
13. okt. Í öllum tímum. Las réttarfar
og kröfurétt, en gekk annars heldur
stirðlega, því að Pétur bróðir veitti
mér þann sóma að sitja hér langa
dag, og flýtti það eigi fyrir bóknámi.
Hlustaði á Dr. Auer hinn ameríska
halda guðfræðilegan fyrirlestur, skildi
heldur lítið fyrst, en fór fram eftir því sem
á leið. Um kvöldið heimsótti ég Rut
og spjallaði lengi við hann.

Dagbók. 1927.

14. okt. Í tímum. Las kröfurétt og
réttarfar. Hlustaði á Auer. Um kvöldið
fór ég inn á Laugaveg 44, leit þar
í bókina [illegible] Samtíðarmanna.
15. október. Í tímum. Las kröfurétt.
Um kl. 4 ætlaði ég að fara á Baldurs-
sýninguna, en þegar þar kom var
alt uppetið og ekkert að sjá. Fór
inn á Laugaveg 44, talaði nokkra
stund við ömmu, sagði hún mér
meðal annars, að Ólafur yngri
frá Lundarbæ væri hér nú til
þess að ganga frá kaupum á
Lundarbæ, því að Ólafur eldri seldi
nú jörðina þeim sonum sínum
Ólafi og Sigurði. Kom til Baldurs,
hann sýndi mér erindi til
atvinnumálaráðuneytisins út
af heyþurkunarvélum, er Baldur
hefur undanfarið lagt mikla stund
á að afla sér vitneskju um. Varð
það úr að ég tók að mér að
rita erindið á ritvél. Um kvöldið
kom hér Björn Jakobsson, vinur
Péturs bróður. Björn sagði meðal
annars frá því að stjórnin mundi
hafa í hyggju að bera fram frum-

varp um það á næsta þingi,
að viss skattur, segjum 500 kr,
yrði lagður á hverja sölubúð í
landinu. Væri það gert til þess
að rýja smákaupmenn, sem
óneitanlega eru til ills, með
því að binda hlutfallslega ofmarga
menn við þessa atvinnugrein og
verða þannig öðrum landslýð
til byrði. Hætt er þó við að
gjald þetta mundi, oft og tíðum,
verða ærið ósanngjarnt.

16. okt. Ætlaði að fara snemma
á fætur en úr því varð þó eigi
því að ég svaf fram undir kl. 10!
Fór þá á fætur og skrifaði eitthvað
fyrir Baldur. Um kl. 2 fór ég
niður á Laugaveg 66
Talaði við Pétur og heimilisfólk
hans. Þangað komu og Ragnhildur
á Háteig og fröken Dóra. Voru
þær mjög hneykslaðar yfir hinni
miklu hörku, sem beitt væri við
glæpamennina í Hnífsdal. Skömmu
eftir það að ég kom heim komu
þeir Ragnar og Ólafur í Lindarbæ
og sátu heima nokkra stund.

16. október (Framhald). Las í refsirétti
og kröfurétti. Lauk lestri um kl. 9.
Las þá Tímann, er þar einkennileg
grein eftir Hriflu-Jónas um
áfengismálin. Er hún að ýmsu
leyti réttmæt og sanngjörn, enda
í nokkuð öðrum anda en Jónas
hefir áður um þessi mál ritað.
Sannast sagt virðist mér sem
hann fari nokkuð langt í því,
að draga taum áfengis í þessari
grein. Hitt er rétt að áfengismál
eru einhver merkustu mál
sem nú eru á dagskrá þjóðar-
innar. Er mér ætíð að verða það
betur og betur ljóst hve brýn
hætta alþjóð standi af sívaxandi
áfengisnautn ungra manna.
Einkum verður, að mínu viti,
að reyna að stemma stigu fyrir
drykkjuskap lærðra manna og
námsmanna, því að meðan þeir
drekka eru engin líkindi til þess
að hinar stéttirnar hætti því.
Hjálpaði nokkra stund við Pétur, Stellu
og Þórð.

[illegible]

17. okt. Er í tímum. Eftir kl. 1 kom
Karl Einarsson heim til þess að
tala við pabba út af skírnmálinu og
var hann heldur daufur í dálkinn yfir
öllu saman. Las í refsirétti og
réttarfari. Hlustaði á prófessor Auer.
Um kvöldið var ég á fundi í félagi
stúdenta 1926. Gekk þar heldur stirð-
lega að fá formann en eftir mikið
stapp varð það samt úr Ragnar
[illegible] var Ólafsson náði kosningu.
18. október. Er í öllum tímum. Las
í refsirétti, kröfurétti og réttarfari. Um
kvöldið kom Eyþór hér, sagði
hann fátt markvert, en sat hér og
talaði við okkur.
19. okt. Svaf yfir mig svo að ég
las eigi refsirétt. Er í öðrum tímum.
Las lauslega. Hlusta á Auer.
20. okt. Í öllum tímum. Las sæmilega
Hlusta á Auer. Um kvöldið fór ég
inn á Laugaveg 66. Var nokkra
stund hjá Baldri, þar sem Ragn-
heiður dóttir hans átti afmæli
Gekk með Pétri niður á Mensu, þar
var lítið um að vera.

Dagbók 1927.

21. október. Í tímum. Fór samkvæmt
beiðni ömmu inn á Laugaveg 66 og
hjálpa henni við að taka til skjöl
sem þarf að aflýsa af húseigninni
hennar. Fór ég og síðan með þau
til bæjarfógeta. Las sæmilega, er hjá
Auer prófessor. Heimsótti [illegible] um
kvöldið.
22. október. Í tímum. Las í refsirétti. Fór
með Ragnari Ólafssyni inn á Laugar-
[illegible]. Þaðan gekk ég einn niður með
sjó. Þar sá ég „Þorgeir goða" við
hafnaruppfyllinguna. Talaði við
Sighvat skipstjóra og þá fleiri.
Sat nokkra stund uppi á Mensu.
Um kvöldið spiluðum ég, Sveinn og
Ragnar whist við pabba.
23. október. Las kröfurétt og réttarfar.
Um kl. 4 fór ég inn á Laugaveg 66
og las þar í Stjórnartíðindum. Þar
komu Pétur og Eyþór, fengum við
kaffi og [illegible] saman. Sögðu
þeir mest frá Rússagildinu og
hafði það gengið heldur ömurlega,
bardagar og djöfulgangur. Var
heima um kvöldið og las í „Rev. of Rev."

24. október. Er í tímum. Les samvilega. Hlusta á Auer. Um kvöldið fór eg á bíó, ómerkilega mynd. Las í ljóðmælum Stephans G., Sveinn borgar mér.

25. október. Í tímum. Les kröfurétt, réttarfar og refsirétt. Um kvöldið kom Eyfirðir, einnig Pétur. Töluðum lengi saman, fengum kaffi og spiluðum. Komst það upp, að Ragnar Ólafsson hafði ámálgað við okkur alla, hvort við vildum styðja sig til stúdentaráðskosninga. Ég hafði hann eigi beðið þessa beinlínis, en látið það á sér skilja glögglega.

26. okt. Í tímum. Les samvilega. Hlusta á prófessor Auer. Um kvöldið fórum við Sveinn skv. heimboði, til Jóns Magnússonar. Rökræddum við hann, og las hann okkur kvæði. Fengum kaffi

27. okt. Í tímum. Les hlutarétt og réttarfar; Hlusta á prófessor Auer. Keypti kvæðabók Kristjáns Guðlaugssonar og talaði lítilsháttar við hann um leið. Er á fundi í „Frjálslynda félaginu" um kvöldið.

28. október. Í tímum. Les samvilega. Hlusta á Auer. Er gaman að því, þar eð hann er málsnjall maður og virðist flytja viturlegar kenningar, má svo segja að eigi standi steinn yfir steini þar í gamalguðfræðinni sem hann víkur sér að, en það er víðast, sem hann kemur með einhverjar athugasemdir við hana. Um kvöldið fór eg með Pétri inn á Laugaveg 66, þar komu Eggert í Laugardalnum og Þórður frá Lindarbæ. Pétur ritaði litla grein um Skeiðsdalsfréttaburðinn, sem hann ætlar að reyna að koma í Vísi. Fórum hingað heim aftur og vorum lengi að tala við Þórð um „Daily Mail" og blaðamensku yfirleitt.

29. okt. Í tímum. Fer niður á safn og les þar í „Review of Reviews". Seinni hluta dags komu þeir heim Pétur bróðir og Júlíus Sig. Voru þeir hér lengi, einnig kom Björn Jakobsson og fengum við kaffi. Um kvöldið fór eg inn á Laugaveg 66 til þess að sjá Sigurð

Baldursson með gleraugu, sem hann
er nýbúinn að fá til þess að
[illegible] vorn [illegible] sína. Síðan
fór eg til Ritz og talaði við
hann lengi um ýmisleg mál.
Þangað kom og Hjörtur Halldórs-
son, sagði hann, að það væri sinn
h.f. svo, sem hann væri búinn
að fá fullgildar sannanir gegn
fölsurunum fyrir vestan.
30. okt. Kemst á fætur kl. 10½. Les lengi
dags, kröfurétt og refsirétt. Síðari hluta
dags og um kvöldið les ég í Heims-
kringlu Snorra. Sé í blöðunum
að Strillu-Jónas hefur stofnað Menta-
skóla á Norðurlandi nú í för sinni.
Hafði pabbi að vísu fyr sagt mér
að þetta mundi standa til. All
einkennileg virðist þessi ráð-
stöfun vera, einmitt nú þegar þing-
ið í vetur feldi tillögu um próf
þar, með þeirri ályktun, að það
mundi brjóta í bág við lög. En
nú álítur ráðherra sig hafa heimild
til slíks upp á sitt eindæmi. Nógu
er með þessu og fylgir þar reglu sinni
að vera altíð þeim megin, er ver hefir.

Dagbók. 1927.

31. október. Í tímum. Les [illegible]
Hitti Rut úti, var hann nýbúinn að
taka stærðfræðisprófið og fór með
öðrum stúdent. Hann kvartaði undan
vesöld sinni og peningaleysi,
sem von er. Hlusta á Auer.
Fer inn á Laugaveg 66, þar voru
nýkomin þau Guðmundur á
Sandum og Margrét dóttir hans.
Tefldi með ~~Pétri~~ sveini niðri í bæ. Les í
Heimskringlu.
1. nóvember. Í tímum. Fer fyrir
mömmu á skrifstofu bæjargjald-
kera og borga útsvar pabba.
Les kröfurétt, réttarfar og refsirétt.
Mér virðist svar Axel Thorsteinssonar
við grein þeirri, er Pétur ritaði
um daginn í [illegible] fréttir
all-ómerkilegt. Lætur sannarlega
sjá út, sem þar fregnir að all-
[illegible] séu af dómara, að
réttarlegt [illegible] sinni
borinn [illegible] á [illegible]
og þannig fluttar alllangt
[illegible], [illegible] gefa ástæðu til
hins að fréttastofan spyrðist fyrir

um með þetta, einkum þegar hún skrifaði út nokkurn hluta sleytisins, sem málinu óviðkomandi. Fór til Ruts og ætla að fá hann á Bíó með mér, það lánast eigi að ná í miða. Hittum úti þá Pétur og [illegible] og flæktumst við nokkra stund saman.

2. nóvember. Í tímum. Kemur Pétur bróðir hér þegar eftir mat. Fór með honum vestur fyrir bæ. Hittum Rút, gekk hann heim með okkur. Pétur byrjaði að semja svargrein til fréttastofunnar. Kom Hjörtur Halldórsson hér og ætluðu þeir að fá hann til þess að síma til föður síns og afla nokkurra upplýsinga. En það tókst eigi því að síminn er bilaður. Las mjög lauslega. Um kvöldið fór ég í leikhúsið með Pétri, Eyjólfi og Rút. Var þar sýndur sæmilegur gamanleikur. Hlustaði á Auer. Sagði Júlli mér að Gísli Guðmundsson hafi verið kosinn í Stúdentaráðið af Norrænu-deild, og sá því eigi rétt að styðja Kristinn Stef. við almennar

Dagbók 1927.

3-8 nóvember

Þessir dagar ganga mest í umhugsun og athafnir út af Stúdentaráðskosningunum. Pétur bróðir og Rútur hittu um kvöldið 2. nóv. þá Ragnar Ólafsson, Gísla Guðmundsson og Kristinn Stefánsson úti. Kristinn kallaði í Rút afsíðis og fór að tala við hann um kosningar í lagadeild og hversu stórhættulegt það væri ef ég skyldi ná þar kosningu. Þetta frétti ég daginn eftir og ákvað þá að styðja Pétur Hafstein við kosningarnar. Tala um það við nokkra og taka þeir því allir vel, nema Ragnar Jónsson, sem laug mig fullan, enda skal hann betur að gætur síðar. Því miður var eigi nægur tími til stefnu og fór því kosningin í handaskolum, þar sem Ragnar Ólafsson komst að með 8 atkv. Pétur Haf. fær 5 atkvæði ég 4 og [illegible] 2. Þau atkvæði er ég fékk voru að mínum óvilja og sjálfum mér í mesta máta óvelkomin því að þau urðu til þess að „náðu“ Ragnar Ólafsson komst að. Þegar Ragnar er kosinn þá lætur hann, sem nær

sé mjög ant um kosningu Péturs
bróður við almennu kosningarnar
nú upp og skorar á hann að gefa
kost á sér og telur sjálfsagt að
allir deildarmenn styðji hann.
Pétur var rammur þegar áður einráðinn
í því, að bjóða sig fram, enda
þá þegar búinn að fá nægja með-
mælendur. Þenna dag (3. nóv) kom
Ragnar heim til mín og lét mjög
áhyggjusamur um það að Pétur
yrði kosinn, taldi það þó vonlaust
nema farið yrði að sínum ráðum.
Þenna dag hófum við öfluga
„agitation" á móti Kristni Stef., en
með Pétri og Jóhanni Sæm.
Helstu menn hennar eru: við bræður
Jóhann, Júlíus, Eggert og Pétur.
Daginn eftir vinnum við!
sama anda og verðum tölvert
ágengt. Ég næ í Lárus Blöndal
og segi honum frá samsæri því
sem Gísli Sveinsson, Kristinn
og Ragnar, með aðstoð Guðmundar
[illegible], til þess að ná yfirráðum í
ráðinu og hve óvandaðlegt það
sé, að þessi ráðagerð hinna

Dagbók 1927

mestu illmenna sé hindrað.
Lárus samsinnti á mitt mál og tekur
þegar til agitationa. Segir og Lárus
mér frá því, að ef til vill mætti
ógilda kosninguna í ~~Sagad~~ norrænu-
deild. Afla ég mér upplýsinga
um þetta, og skora síðan ákaft
á Lárus að hann sjái um það, að
kæran komi fram. Við kosningarnar,
er, sem fram fóru á laugardag
féll Pétur bróðir. Þorgrímur Sig.
fékk um 100. Þá kom hlutu minna
[illegible] 72 Stefán Sigurðsson 69. Pétur
næstur með 66, þá Gestur með 55
og Kristinn með 39. Ég og fullu
vissu fyrir því, að Ragnar Ólafsson
vann á móti Pétri við kosninguna.
Gísla kosning gerð ógild. Að
vísu er leitt að Pétur skyldi
falla, en fall þá við [illegible] sund,
þar sem Kristinn Stefánsson, er
til höfuðs honum var settur
féll við hina mestu sneypu,
þrátt fyrir útisgöngu-agitation
hans sjálfs, Gísla og Ragnars.
Í upphafi leggjum við líga að

[kpt. [illegible] B]

olekar með norrænu-deildar
kosninguna og teljum Magnús
Finnbogason vissan, en síðan
kemur á daginn, að Gísla vann
hamast. T.d. keimur Gísli
sjálfur og biður Magnús Finnbogason
að draga sig til baka, en hoten
komum alla óvináttu sinni.
Sama gerði og Kr. Stef. og
Ragnar Ólafsson. Eftir mikil
læti í báða bóga var það Gísli
undankosinn með 9 atkv. Magn
fékk 7. Gísli keypti sér til
lífs fylgið nokkurra Thorlaciusar
vina í deildinni og er það komu
hæfilegt að sitja í röðinni
fyrir mútur og fégjafir.

Dagbók. 1927.

8. nóv. Í tímum. Les bærilega.
Um kvöldið les ég: „Smiðir
nefndir" eftir Upton Sinclair og
fannst allgott.
9. nóvember. Í tímum. Les heldur illa,
þar sem maður á aftnaði og af
því hljótast vitanlega truflanir. Les
um kvöldið í og lýk við „Smiði"
Sinclairs. Allgóð bók og að mínu
leyti rétt mat.
10. nóvember. Í tímum. Les bærilega.
Fæ mér steypibað. Fer niður á Safn
og les þar í „Tilskueren" grein um
frakkneskt stjórnmál. Þegar heim kemur
er Rútur þar fyrir, tala nokkra
stund við hann. Lætur hann lítt
yfir sér nú, segist vera al-peninga
laus og í hinum mestu kröggum
og til vill verða að fara burt úr
bænum. Er það og sannarlega tjón
ef einhver hinn besti námsmaður
og vitrasti neyddist til að hætta
námi vegna fjárskorts. Les í
Heimskringlu. Hlýddi á tal pabba
og Guðmundar á Sandinum. Svona kom
Sigurður Eggerz og sat lengi.

11. nóvember. Í tímum. Las samlaga. Fór inn á Laugaveg 66 og leiðrétti þar refsirétt minn eftir bók Péturs. Um kvöldið er ég á fundi í Stúdentafélagi Háskólans, í stjórn voru kosnir Siðni, Lárus Blöndal og Bergsveinn Ólafsson, allir samkv. uppástungum stjórnarinnar, en þær voru gerðar að okkar undirlagi. Mr. Lane hélt fyrirlestur um háskóla í Ameríku. Talaði á ensku en var vel skiljanlegur. Sekk út: með Jullu.

12. nóvember. Í tímum. Las í kröfurétti. Fórum við Pétur saman upp á [illegible], þar voru húsbændur eigi heima, rétum þar samt nokkra stund og fengum epli. Um kvöldið spiluðum við bræðurnir whist við Júlíus Sigurjónsson og pabba, sem tók við af Pétri, er þurfti nokkra stund að hjálpa Baldri við prófarkalestur.

13. nóvember. Sat við kröfurétt fyrir hádegi. Las í refsirétti. Hlusta á fyrirlestur Sigurðar Skúlasonar.

Ób.

Fjármál 1927.

		Út		Inn	
Sept 27.	Eign í vasabók			50	55
1.	Út: Steypibað		50		
	Út: Betri sæti á Gamla-bíó	1	75		
2	Október				
3	Út: Eytt í för austur	15	00		
4	Inn: Pétur lánar mér			90	00
	Út: Kaupi rykfrakka	81	00		
5	Út: Kaupi „Dómstóla og réttarf."	20	00		
7	Út: Miði á leikhús		55		
9	Út: Band á „Dómst. og réttarf."	3	50		
	Út: Lána Sveini fyrir do.	3	50		
11	Inn: Greiðir Sveinn mér			50	00
	Inn: Lánar Stella mér			1	00
	Út: Kaupi skjalatösku,	15	00		
12	Inn: Lánar mamma mér			2	00
	Út: Miði á Gamla-bíó	2	00		
13	Út: Steypibað		50		
17	Út: Árgjald í 1926 félagi	1	00		
	Út: Kaffi á fundi í do.	1	00		
18	Út: Rjómakökur	1	00		
19	Út: Legg til pillukaupa í [illegible]		10		
24	Inn: Borgar Sveinn mér			15	00
	Út: Kaupi inniskó af Sveini	2	00		
	Inn: Borgar Sveinn mér fyrir bók			3	50
		148	40	212	05

		Út kr.	aur	Inn kr.	aur
	Flutt	148	40	712	05
Okt 24	Út: Betri sæti á Nýja-bíó	1	50		
	Út: Borga Pétri lán	90	00		
25	Út: Lagt í sparisjóðsbók mína	430	00		
28	Út: Keypti „Skugga“ Kr. Seiðl.	5	00		
	Út: Keypti „[illegible]“		[illegible]		
	Út: Keypti pappa-möppur		80		
Nov	Út: Miði á leikhús		65		
	Út: Öl á Rosenberg + drykkfé		90		
	Út: Lána mömmu	10	00		
	Út: Sæti á Nýja-bíó	1	50		
	Út: Lána Pétri	1	50		
	Út: Lána Ragnh. á Hóteigi	8	00		
9	Út: Borga í afmælisgjöf til mömmu	5	00		
10	Út: Gef Ólöfu		10		
	Út: Stækkaði gamalt mál bréf	1	00		
	Inn: Borgar Pétur lán			1	50
	Út: Viðbætir í afmælisgjöf	1	50		
14	Út: Eyddi á fundi í fél. stúdenta	1	00		
16	Inn: Tekið úr sparisjóðsbók 1641			230	00
	Út: Lána Sveini	200	00		
	Út: Borga skuld hjá Eymundsen	26	00		
	Út: Ritföng og frímerki	2	50		
	Út: Betri sæti á Nýja-bíó	1	50		
19	Út: Lána Rúti	6	00		
20		942	10	943	55

Dagbók. 1927

13. nóvember (frh.) um Jón Sveinsson. Var hann sæmilega fluttur og eigi leiðinlegur. Helzt lítið var á honum að græða um sögu Jóns eftir það, að hann kom hingað, og virtist mér hann nærri nota til fullnustu þær heimildir, er hann sjálfur las upp. Um kvöldið spiluðum við Pétur nokkra stund við pabba og mömmu.

14. nóvember. Prófessor Magnús var eigi í bænum og fengum við því frí hjá honum. Fékk ég þá útí með Magnúsi Jónssyni. Í tíma hjá Ólafi. Á bókauppboði mest án hluta dags. Ég keypti eina bók, þýzka stríðssögu. Var eigi annað á. Dr. Alexander, sem bauð upp, að hugga ... en að hún væri heil en svo var eigi þegar til kom. Um kvöldið var fundur í félagi stúdenta frá 1926. Þar las Magnús Á. ... óumræðilegan ferðasögu, er hann fór 18 ... Norðurárdal og til Þingvalla. Magnús Finnbogason las ... ævisögur og var það ... skemmtilegast á fundinum.

15. nóvember. Í tímum. Milli kl. 1 og
3 er ég á uppboði; þar var nú mest
rusl og yfirleitt ómerkilegt. Þar
hitti ég Rút, og var hann nú
mjög daufur og óánægjulegur,
skildist mér helst sem hann mundi
fara vestur nú einhvern allra
næstu daga. Las heldur lauslega.
Um kvöldið kom Egill hér og
talaði mjög lengi við okkur
Jóhann, mest um ómerkilegt efni.
16. nóvember. Í tímum. Las sæmilega.
Skrifa Jóni Blöndal bréf. Fer á
Nýja bíó og horfi á „Fendriks Ståls
sägner"! Er það ágæt mynd, með þeim
bestu, sem ég hefi lengi séð.
17. nóvember. Í tímum. Las í hlutarétti.
Kom Rútur og sagði, að hann væri
á förum suður í Hafnarfjörð og þaðan
með Gullfossi vestur. Bjóst hann við
því, að koma aftur í janúar og
reyna þá að fá starf við þingið.
Sagði ég, að pabbi væri búinn að
lofa að koma honum að svo fljótt,
sem unt væri. Höfðum við skifti
á kröfuréttarbókum, svo að hann fékk
mína útskrifaða en ég hans óskrifaða

Dagbók 1927.

19. nóvember (Frh.) til þess að hann
gæti lesið í honum þar vestra, ef hann
hirti um. Fór ég fyrir hann inn eftir
til Péturs og náði í Sagasafn, er
P. ætlaði að láta hann fá. Fór ég
síðan með það heim til Rúts, lánaði
ég honum þá tíu krónur, óbeðið, ef ég
sá í hvílíkum kröggum hann var, um
það, að ná í peninga til ferðar vestur
þar. Að skilnaði lofaði hann að skrifa
við bráðasta er vestur kæmi, vona
og ennþá að við sjáumst hið bráðasta
aftur. Lauk við bréf til Jóns Blöndals
og skrifaði Jónasi Karlssyni sæmi-
legt bréf. Kom Sigurður J. og
fékk að sjá í stjórnartíðindum, hvað
um veitingu prestakalla, og fékk
hann þau síðan lánuð heim til
sín. Byrja við að lesa kröfurétt
og réttarfar um kvöldið. Las í
Rev-of-Rev.
18. nóvember. Í tímum. Las kröfurétt og
réttarfar. Hér kom Magnús Vagnsson,
og talaði ég nokkra stund við hann,
en ótt merkilegt var í því samtali sagt.
Labba upp að Blátein með Pétri, til þess
að heimta inn 8 krónur, er ég átti hjá

Ragnhildi. Töluðum lengi við þau
hjón, fengum ávexti og borðuðum þar
kvöldverð. Ræddum við um skóla á
Akureyri, trúmál og fleira. Ragnhildur
var mjög reið við Benjamín og
hans [illegible] framkomu. Um
kvöldið kom Bjarni Guðmundsson hér
með bókina, sem Pétur hafði beðið
hann um að koma til skila. Bjarni
gerir heldur lítið úr kennurum sínum,
segir þá leiðinlega og eigi vel að
sér. Á 2 kl. [illegible] er 150 síður
í kröfurétti og þótti það vel að
verið. Las í „The Wide World" í
bókinni.

19. nóvember. Í tímum. Las í kröfurétti
og refsirétti. Um kvöldið spila og
[illegible] við pabba, Einar Engilsson
og [illegible].

20. nóvember. Í tímum. Las í réttarfari
og refsirétti. Geng út með Pétri.
Segir hann mér, að Stúdentagarðs-
nefnd sé nú í deilu við [illegible]
Þórar út af því, hver byggja eigi
[illegible] garðinn. Helzt nefndin
[illegible] við Sigurð Guðmundsson
[illegible], en Þórar setur

20. nóvember (Frh.) sig þversum þar í
gegn og vill láta Guðjón húsameistara
taka starfið að sér. Eru það nú
flestir hlutir, er Þórar vill yfir
gína. Las Pétur fyrir mig kafla
úr lagaritgerð eftir sig um [illegible]
[illegible]. Fór með pabba upp í katólsku
kirkju og [illegible] vorum við þar við vígslu
hinna nýju kirkjuklukkna. Las í
Heimskringlu, lauk við sögu
Ólafs Tryggvasonar og las langt
fram í sögu Ólafs hins digra, er
saga Ólafs ágæt vel skrifuð og
hin skemmtilegasta.

21. nóvember. Í tímum. Er prófessor
Ólafur veikur, gang því niður á
Grímsstaðaholt með Ragnari Ólafssyni,
var tal hans mér jafn leitt og
ómerkilegt, sem venjulega. Las
[illegible]. Fór inn á Laugaveg 66 og
ætlaði að finna Pétur, en hann var
ekki heima, las þá í fundargerðabók
Stúdentafélags Reykjavíkur nokkra
stund. Las í Heimskringlu. Um kvöldið
kom Zophón(?), dvaldi hann hér nokkra
stund, síðan fórum við inn eftir til
Péturs og vorum þar all-lengi.

22. nóvember. Í tímum. Las bærilega. Um kvöldið las eg í Heimskringlu, hélt við Ólafs sögu helga.
23. nóvember. Í tímum, las sæmilega. Um kvöldið fór eg í leikhúsið með Eyþóri, fyrir ódýra miða, að horfa á „Sérhvern". Virtist mér það heldur ómerkilegt skáldi enda ekki hinn danska Adam Poulsen til fulls því að aðrir leikararnir fóru fram með óvenjulegum og afkáralegum hraða, að mínu áliti. Las í Heimskringlu, sögu Magnúsar góða. Virðist mér af henni, sem það hafi verið Einar þambarskelfir, er réði þá í sundur Magnús konung og Kálf Árnason, sbr. orð Einars þegar Magnús ræðir um för til Stiklastaða.
24. nóvember. Í tímum. Las sæmilega. Heyrði að Magnús prófessor muni fara nú um næstu helgi til útlanda í vetrarleiðangur sinn. Segir Pétur mér, að Stúdentaráðið muni vera í mjög miklum vanda um það, hvar það eigi að fá til þess að tala 1. des. frá Alþingishúsinu, því að mjög margir hafi þegar neitað því.
(Frh.)

24. nóv. (Frh.) Fer niður á safn en sé þar ekkert nýtt. Um kvöldið fór eg inn á Laugaveg 66, virtist mér þar afi og amma nú helst vera á því, að Helgi tengdasonur þeirra mundi fara fram á það, að verða yfirlæknir á Kleppi, og þótti þeim það mjög sanngjarnt, létaðist eg við að sýna þeim fram á það að slíkt kæmi eigi til mála, en það stoðaði lítt. Gekk úti. Las í Heimskringlu.
25. nóvember. Í tímum. Las bærilega. Leiðrétti kröfurétt hér um bil 200 síður. Um kvöldið kom hér Magnús Vagnsson með Sveini, skröfuðum við alllengi. Las í Heimskringlu, lauk við Magnús sögu berfætts og las nokkuð í sögu þeirra Eysteins og Sigurðar.
26. nóvember. Í tímum. Fór inn á Laugaveg 66 fyrir pabba, á heimleið mætti eg Lárusi Blöndal, Jóni Stefánssyni og Snorra Dan. Gekk nokkra stund úti með þeim, sögðu þeir mér, að Hjalti Jónsson hefði gefið ~~Stúdentaráði~~ kappróðrarbát, og ættu þau að

að hafa beygt til þess að hann
var að tala við Hriflu-Jónas og
hætt að gjöfum hans, og látist
sjálfur ætla að gefa Háskólanum
þetta, [illegible] Jónas hafði talið hann
á [illegible], og þegar til kynt öðrum
þessa manns. Engar sönnur veit
ég um gjöf þessa. Las í kröfurétti.
Um kvöldið fórum við bræður
saman niður á Mensu, hittum þar
[illegible] og fórum heim og ætluðum
að spila, en lenti þegar í deilum,
en hættum þó áður en til bardaga
kom. Las í Heimskringlu.
27. nóvember. Fer inn á Laugaveg 66.
Las í réttarfari. Byrja við Heims-
kringlu. Best ritaði kafli hennar
er Ólafs saga helga, þótt öll sé
hún að vísu góð og hin
skemmtilegasta aflestrar. Las í sögu
Sverris konungs Sigurðssonar,
er það að dásamlegt og stórfurðu-
legt, að Sverrir skyldi endast til
að halda fast við konungdóm
sinn, svo erfiðlega, sem honum
gekk í upphafi.

Dagbók. 1927.

28. nóvember. Í tímum. Las rækilega
í kröfurétti og réttarfari. Las í
Sverrissögu. Um kvöldið var
Pétur hér nokkra stund, bjó hann
áskorunarskjal til Háskólaráðs um
námsskeið í bókfærslu.
29. nóvember. Í tímum. Las þolanlega.
Hér kom Ragnar Ólafsson og talaði
við mér allengi, en eigi var mér
ljóst, hvert erindi hans var, en
efalaust hefur það verið eitthvað
[illegible]. Síðan kom Björn Jakobsson og
sat hér lengi, sagði hann fátt
merkilegt. Skrapp um kvöldið inn á
Laugaveg 66, talaði við Pétur og
fór með honum niður á pósthús.
Ætlaði að lesa í Sverrissögu, en
[illegible] út, heimsótti Júlíus Sig.
og sat allengi hjá honum, las
á [illegible] Stephans G. í [illegible].
30. nóvember. Í tímum. [illegible] í einhverjum
blöðum uppi hjá Þórði. Leit í gamlan
Andvara þar sem Sigurður Nordal
er að tala um háskólann. Segir hann
að kennarar við læknadeild og laga,
geti rekið aukasama atvinnu, með kenslunni, en vísinda-
menn (þ.e. hann sjálfur) geti það ekki. Er

það vægast sagt einkennilegt, að
Sigurður skuli láta svo sem engir
vísindamenn séu kennarar í lagadeild,
þar eð þar eru þeir menn, er
tvímælalaust má telja fremsta vísinda-
menn við háskólann, en Sigurður
sjálfur er hreinn [illegible]. Lauk
við Sverris-sögu og las í bók
Paasches um Sverri. Sverrir hefur
tvímælalaust verið einn hinn mesti
konungur, harður og úthaldsgóður í
besta lagi, málsnjallur og vitur,
góður herforingi en sjálfur þó
lítill bardagamaður. Hann hefur
haft opin augu fyrir fjárprettum
og ágengni kirkjunnar, en þó
sannlegur trúmaður. Óhugsandi má
telja annað en, að hann hafi
verið þess sjálfur fulltrúa, að
hann væri sonur Sigurðar munns,
að öðrum kosti er hann hinn
útsmognasti og afdasti lygari,
sem um er getið í íslenskum
bókum.

Dagbók 1927.

1. desember. Las í kirkjurétti fyrir
hádegi. Var í skrúðgöngu stúdenta.
Ræða Jakobs Möllers var góð.
Flæktist nokkra stund um með
Júlla. Horfði á Odd útlaga í
fornklæðum með spjót og skjöld.
Var ótaljandi manngrúi saman
kominn til þess að sjá hann.
Ef Íslendingar virtu sjálfstæði
sitt nokkurs, það, er þeir nú hafa
fengið, þá hefði þetta verið hneyksli,
en þetta sýnir, eitt með öðru, hve
lítils menn meta þennan dag og
hve lítils þeir þykjast á honum
að þurfa að minnast. Fór inn á
Laugaveg 66 með Pétri. Var á
skemmtun í Nýja-bíó að boði
Ragnhildar á Háteig. Þar var all-
gaman, en ekki bar hún vitni
um mikla íslenska menningu, því að
af mörgum sönglögum var ekki eitt
einasta íslenskt. Hart er það og
fyrir stúdenta að þurfa að taka
þegjandi við annarri eins ræðu
og Árni Pálsson hélt, en það versta
var að hún, að mestu leyti, var rit-
að. Þarna Hátíðaskjöldu kom heim

og fórum við Sveinn með þeim upp á Sólteig og vorum þar um kvöldið, fengum mat o.s.frv. og spiluðum.

2. desember. Um morguninn gekk ég úti og las síðan í Dómstólum og réttarfari. Fimtugsafmæli pabba, í því tilefni gefum við bræður honum bók Amundsens hina síðustu. Hér var mikið af gestum. Baldur, Maren, Þórður, Halldór, Ragnhildur, Ólafía, afi, Ragnar, Ásgeir, Gunnar Selur, Sigríður Eggerts og Magnús Sigurðs, Björn Jakobsson og fleiri.

3. desember. Í tímum. Fór niður á safn og glugga í Review of Reviews. Kom Gísli Vilhjálmsson og sat hér nokkra stund. Las í kröfurétti. Um kvöldið komu hér Gunnar Selur og Eggert Briem úr Viðey, hlustaði á tal þeirra. Las í Vígslóða Stephans G.

4. desember. Las í Dómst. og réttarfari. Var lengi dags inn á Laugaveg 66. Lauk við að lesa Vígslóða. Las Macbeth Shakespears.

Dagbók. 1927.

5. desember. Í tímum. Las í kröfurétti og réttarfari. Fór inn eftir til Péturs og leiðrétti hann kröfurétt minn. Las Othello Shakespears um kvöldið. Gekk úti nokkra stund. Las í The Wide World í bólinu.

6. desember. Í tíma hjá Ó. L. E. A. var ~~veikur~~ kom ekki, svo að frí var hjá honum. Gekk nokkra stund úti með Sverri Ragnars. Las sæmilega. Síðari hluta dags var ég inn á Laugaveg 66 að leiðrétta kröfuréttinn. Segir Pétur mér, að einhverjir Danir muni hafa borið á fyrir skattsvik og vilji Magnús Sv. ráðherra tala við hann út af því. Sömuleiðis sagði Pétur, að fyrir nokkrum dögum hefði verið sagt upp inn á Landi frá mjólni. Má því segja að haldnir séu mánudagar nú hjá þeim þessa. Um kvöldið var ég á fundi í félagi frjálslyndra manna. Hélt Pétur A. Ólafsson þar framsöguræðu um nokkrar breytingar á félagslögunum. Voru nokkrar þeirra til bóta, svo sem það, að koma á reglulegum fundahöldum, á hverju á hverjum fundi, hvaða

[illegible]

var eg ásamt Pétri, hjá Baldri.
5. febrúar. Fór í baðhúsið um morguninn. Hitti Ragnar Jónsson og talaði við hann. Kom Ragnar H. hingað frá þingskrifaraprófinu. Skömmu síðar fór eg til Kits. Lét hann heldur illa yfir því, hvernig honum hafi gengið þingskrifaraprófið. Fórum heim og ætluðum að finna ræðurnar, sem lesnar höfðu verið, fundum þær ekki. Reyndum að finna þær niðri á safni en það tókst ekki heldur þar. Sátum í fyrsta tímann þar. Las varnarrit Sig. Sig. í áburðarmálinu. Skr. því verður að álíta, að sé um sök að ræða sem sennilega er, þá sé hún hjá Sigurði. Hér kom Friðrik Ilvanni um kvöldið sagði hann okkur margar fyndnar sögur af sjálfum sér, og sumar all svaðalegar.

Dagbók 1927.

6. febrúar. Fórum við bræðurnir fyrst á Laugaveg 66 síðan upp á Háteig. Voru þar fyrst að tala við fólkið, fáum kaffi. Spilum síðan og fáum epli og appelsínur. Kom Ragnar heim og borðaði kvöldmat. Guðjón Finnbogason kom. Spiluðum nokkra stund við hann. Kom pabbi og sagði frá úrslitum þingskrifaraprófsins. Hafði Aðalheiður Sæmundsdóttir verið best og Ritur þar næstur. Pabbi sagði að þau hefðu verið mjög álík. Sveinn fór til þess að segja Kit frá þessu. Þá fór Guðjón. Síðan vorum við lengi að tala við pabba.

7. febrúar. Gekk vestur fyrir bæ, náði í bók hjá bókbindara. Fór út í Hæstarétt og hlustaði á dóminn í máli Sig. Sig. Gekk niður í bæ. Hitti Bjarna Guðmundsson fór með honum heim til Haralds inspectors. Þeir höfðu fátt, gekk síðan út með þeim stúlkum. Það var kaldara, en eg hugði var þessi saga um Símon.

mál skuli rædd á þeim næsta,
og taka þannig sem flest mál fyrir
innan þanna til umræðu, hvort sem
þau væru sérstaklega á dagskrá
almennings í það eða það sinnið eða
ekki. Annað, svo sem það, að hækka
árgjöld upp í 10,00 kr. virtist
alt-hafið, sem og hitt, er í sam-
bandi við það stóð, að félagið
sjálft tæki blaðið að sér. Um
þetta mál voru síðan allmiklar
umræður og eigi um of þrungnar
af viti. Á fundinum komu Thór Thors,
Garðar Gíslason, Gísli Ólafsson
hefði: ~~Jakob~~ þeim fundarvist en
Pétur snoðist við þeim, að þeir,
sem væru ákveðnir í öðrum
flokkum, sætu á fundi þegar
innanfélagsmál væru rædd. Urðu
þessir þeir þá hinir reiðustu og
hrundudu brott, sem og best
var. Að lokum var kosin nefnd
til þess að athuga tillögur Péturs
og önnur til þess að athuga útgáfu
blaðsins.

Dagbók. 1927

7. des. Í tímum. Les sæmilega. Hér
komu Gísli Vilhjálmsson og Magnús
Vagnsson og var ég lengi að tala við
þá, en ekkert merkilegt sögðu þeir.
Um kvöldið var ég á fundi í Stúdenta-
félagi Reykjavíkur, var ~~[illegible]~~ hann
haldinn niðri í Báruni og var hún
full. Rætt var um skólamál. Hriflu-Jónas
hafði framsögu og var hann tiltölu-
lega hógvær, var samt með smáhnút-
um til Björns Líndals. Ræddi hann mest
um Akureyrarskóla og stúdentafækkun.
Rök hans fyrir Akureyrarskóla voru
þau, að vilji manna Norðurlandi
hefði verið orðinn svo eindreginn, að
eigi hefði þýtt að sporna á móti. Í
þessu hefði legið sér fjórðungametn-
aður, en hann væri að þessu
leyti eðlilegur og hollur. Enn væri
það, að hin ytri aðbúð við Menta-
skólann, hefði verið svo bág, bæði
af hálfu ríkis og bæjar, að hún væri
óviðunandi og sýndi berlega þörf
á nýjum skóla. Reykvíkingar hefðu
verið of fjölmennir, að tiltölu, hér í
skóla, en í Reykjavík hefði alt til þessa
tiltölulega mjög lítið verið gert af

afbragðsmönnum á sviði menta-
og vísinda. Auk alls þessa væri
ódýrra nú að lifa fyrir norðan og
þar væru til heimavistir.
Stúdentafjöldi ofmikill, á
Háskólanum þyrfti eigi að vera
fleiri en 53 manns, til þess að
fullnægja brýnni þörf landsmanna
Væri því auðséð að stúdentar væru
of margir, nema Stúdentspróf væri
til þess ætlað að veita mönnum
almenna mentun undir lífið, án
þess þeir fái rjettindi á embættis-
próf. Eina ráðið við þessu, væri
að ákveða að í Mentaskólanum,
mættu t.d. ekki vera fleiri á ári
í hverjum bekk en 20 og jafn-
margir fyrir norðan. Þetta
væri gert annarstaðar og væri
þar talið sjálfsagt. Loks ætti að
koma hér upp alþýðuskóla, sem stæði
3 ár, og þar ætti að leggja mikla
stund á vinnu, íþróttir, þjóðleg
fræði og teikning. Var góður
rómur gerður að máli Jónasar.
Aðrir, sem töluðu voru: Vilhjálmur
Þ. Gíslason; var hann ímeð sértilhö

7. desember um gerbreytingu á
fyrirkomulagi skóla, virtist mér þar
einna nánast vera deila. Kristján
Albertsson sýndi fram á lögleysuna
við stofnun Akureyrarskóla. Gat
þess að annan ætti að leggja
meira fram um bókaútgáfu en það,
að fjölga skólum. Guðmundur
Hannesson hafði ýmsar sérkreddur,
stúdentar yrðu aldrei of margir,
en fækka þyrfti þeim, með einhverjum
ráðum, sem háskólamenn vildu
stunda. Barnaskólar væru óheppilegir
og örugt að kenna mönnum annað en
það, sem þeir vildu fúslega læra.
Guðmundur Finnbogason talaði eins
og æsti og lét eins og æsi, bauð
út öllum öngum og engaði. Mælti
annars með óskiftum skóla. Jón
Ófeigsson hélt ágæta ræðu. Hann væri
eigi á móti Akureyrarskóla, en áliti
að annað hefði fyr þurft að gera,
sem hefði verið þarfara og mikil-
vægara. Ef skólinn hér hefði verið
vanræktur, og það væri satt, þá væri
rjettast það, að endurbæta hann, en
ekki hitt að stofna nýjan skóla

Stúdentar væru vitanlega of margir, en ráðið til þess að fækka þeim væri ekki það, að stofna skóla á Akureyri, einnig væri það ósanngjarnt að ákveða tölu þeirra með lögum. Fjöldi stúdenta kæmi af skort á sæmilegum unglingaskólum, einkum hér í bæ, og væri því það fyrsta, sem gera þyrfti að stofna hann hér. Gat þess, hvort eigi gæti til mála komið að láta Háskólann fá Mentaskólahúsið, því að dýrara væri að byggja Háskóla en Mentaskóla, en hinsvegar mundi Mentaskólahúsið í báðu duga Háskóla, en væri hinsvegar oflítið fyrir Mentaskóla. Ásgeir Ásgeirsson hélt uppi vörnum fyrir barnafræðslu, var annars á svipuðu máli og Jón um stúdentafjölda, áleit þó að nú þyrfti bráðabyrgðarráðstafanir. Guðm. Bárðarson sagði fátt merkilegt. Sigurður Eggerz sýndi fram á það, að betra væri að hafa einn góðan skóla, en tvo lélega, en svo lægi það að fara, því að hvorugur mundi fá nóga peninga. Var á móti stúdentafækkun, nema hún kæmi af

Har. Níelsson talaði og með stúd. fækkun.

7. des. [illegible] stílunum, og las viðburðunum. Síðan var morgunn um fyrstað. Fundurinn var skemtilegur og fróðlegur, helst var ég sammála Jóni Ófeigssyni og Sigurði Eggerz virtust þeir og tala einna best og fá menn helst yfir á sína sveif.

8. desember. Í tímum. Las heimafyrir. Um kvöldið var ég í afmælisboði Péturs og fór það hið besta fram. Þar vorum við bræður, Ragnar Ól. Nikulás, Pétur Hafstein, Guðm. Ólafs. Axel Dahlmann, Kjartan Jóhannesson. Vorum þar að spila og tala þangað til kl. rúmlega 3.

9. desember. Svaf yfir mig og var því eigi í tíma hjá Ólafi. Las vel. Um kvöldið fór ég með Pétri og Kornelíusi Haraldz á bíó.

10. des. Í tímum. Las í [illegible]. Gekk úti. Sat nokkra stund inn á Mensa og hlýddi á tal manna. Þar var Kristján lögfræðingur Kristjánsson, og álit hann, að almenningi velmegun hefði hnignað á síðustu 50 árum, og er ótrúlegt að heyra slíkt.

Gekk úti með Ragnari Jónssyni. Hann var hrifinn af ræðum Guðmundar Hannessonar á Stúdentafélagsfundinum. Sagði að kaþólsk kirkja væri að öllu í samræmi við vísindin. Um kvöldið spilaði ég nokkra stund við Svein, Gunnar Bl.(?) og Magnús Vagnsson. Las í Review of Reviews.

11. desember. Las í Dómst.- og réttarfari fyrir hádegi. Hlustaði á Ágúst Bjarnason halda fyrirlestur um Auðvaldsstefnu og jafnaðarstefnu. Var þar fátt nýtt, en þó betur farið en heima setið. Ágúst sjálfur virtist vera með hvorugri stefnunni. Heim kom Björn [illegible] og var ég alllengi að tala við hann. Bjarni Guðmundsson kom og skömmu síðar talaði lengi við hann. Hann var með uppgötvun til þess að sýna íslenska texta í kvikmyndum, eigi sagði hann þó, að hún væri eftir sjálfan hann. Það kemur í ljós að Ritari er á Bíldudal, en ekki á Ísafirði, sem menn héldu

Dagbók. 1927.

11. des. (Frh.) Urðu harðar deilur út af því, að Kristjana systir hélt [illegible] á sér máladm(?) og ógeðslegu út í glugga hjá Sigurjóni Péturssyni við einhvern vefnað. Þótti okkur Pétri þetta í meira lagi ósæmilegt, en einkum mamma og Sveinn vörðu ósómann. Ég fór með Pétri inn á Laugaveg 66(?) síðan niður í bæ, þar hittum við Eyþór, og kom hann heim með okkur, fengum kaffi og skröfuðum saman. Eyþór lét svo sem líklegast væri, að hann færi á morgun til Vestmannaeyja.

12. des. Frí í tíma hjá prófessor Ólafi. Gekk niður með Höfn, hitti Stebba bol(?); hann var nú heldur orðillur í garð Óskars og þeirra kumpána. Sagði hann, að þeir væru alveg peningalausir nú, sem stæði, en ættu í ótal málaferlum. Í tíma hjá E.A. Las í Dómst.- og réttarfari. Fór inn á Laugaveg 66 og hjálpaði við að leiðrétta kröfurétt(?). Las í Review of Reviews. Fékk bréf frá Ólafi Halldórssyni og Jónasi Karlssyni(?). Um kvöldið var ég á fundi

Tkpl. Sálgo P

í félagi stúdenta frá 1926. Var hann
haldinn ómerkilegur.
13. des. Í tímum. Las sæmilega. Fór í bað.
Las í Rev. of Rev. Á fundi í stúdenta félagi
Háskólans. Flutti Lárus Sigurbjörnsson
ræðu um stúdenta líf í Köfn. og
kom með tillögur um að stofna
Stúdentaklúbb, Stúdentablað, tíðari
fundi, nýtt húfumerki og bláan
Stúdentaborða. Var þessu öllu tekið
líklega, ómerkilegar umræður og
málið tekið til athugunar.
14. des. Í tímum. Las bærilega. Athuga
í Árbókum Háskólans [illegible] kennir
manna þeirra, er inn í deildirnar
hafa gengið, nokkur síðustu ár.
Skrifa utan á fundarboð í Stúdenta-
félagi Reykjavíkur með Pétri
bróður. Býður hann mér á bíó,
The Sorrows of Satan. Kvikmyndin
er miklu betri en sagan. Að bíó-
förinni lokinni hjálpum við við
að rita utan á kortin.

Dagbók. 1927.

15. desember. Í tímum. Las sæmilega.
Hugsa nokkuð um það, hvernig
hentast væri að tala um kvöldið á
almennum fundi Háskólastúdenta, um
stúdentafjölda og takmörkun hans.
Á fundi þessum bar Karl Jónasson
fram, upp tillögur Háskólaráðs og
stúdentaráðs í máli þessu. Voru þær
samþ. sagt all-fordæmandar og ólíðrar.
Var þó svo tillaga, sem stúdenta
ráð lagði meiri áherslu á, að ákveða í
eitt skipti fyrir öll, hve margir mættu
í eina hverja fara inn í þessa þær
deildir háskólans, en veita mönnum rétt
til embætta. Margir mæltu á móti þessu
: Pétur Sæm., Jakob Jónsson, og Magnús
Thorlacius, Sigurjón Guðjónsson,
Kristinn Ármannsson, Torfi Hjartarson
Lárus Blöndal, Haraldur Blöndal
Ólafur Þorgrímsson. Með meirihluta
ráðsins töluðu þeir ráðherrarnir:
Stefán Einarsson, Jóhann Sæm. Einar
Guðm., Ragnar Ólafsson auk þeirra
Kristinn Stefánsson bítillaga. Sumir
sitt. beggja blands. Ráðið var í
algerum minnihluta og stóð sig
[illegible].

16. desember. Í tímum. Les sæmilega.
Ýmsir strákar skora á mig að tala
á stúdentafundinum um kvöldið.
Ég tók því ólíklega. Fór til Péturs
og talaði við hann. Heim kom
Björn Jakobsson. Á fundinum um
kvöldið töluðu Árni Pálsson, Ágúst
Bjarnason, Jakob Möller, Jónas
Þorleifur Bjarnason, Sig. [illegible], [illegible]
Jón Þorláksson, Jón Helgason, og
Sigurður Eggerz, Einar [illegible],
Pétur Magnússon, Guðmundur
Þórðarson, Haraldur Níelsson
og [illegible] [illegible]. Fátt nýtt
kom fram, en umræður voru
fjörugar. Ég talaði í mjög
líkum anda og á fundinum kvöldið
áður. Ætlaði mér eigi að tala en
félagar mínir hvöttu mig mjög
til þess. Árni Pálsson kom til
mín þegar ég var búinn og sagði: „að
hér eftir mundi honum eigi leiðast
að hlusta á það, sem ég segði
til málanna".

Nokkur atriði úr ræðu á stúdentafundum
15. og 16. des. 1927

Það hafa komið fram tillögur um
það, að takmarka inngöngu tölu fjölda lærðra
manna hér í landi. Spurningin er sú,
hvernær á mentabrautinni eigi að setja
þær takmarkanir.
Hugsa má sér að setja þær við
inntökupróf í Mentaskóla. Þá eru menn
ungir, óþroskaðir, svo að þá er ómögu-
legt að segja neitt um námshæfileika
í fyllra að öðru leyti. Hlutföll milli
einkunna í inntökuprófi og stúdentsprófi oft
öfug.
Hér skilst, sem flestir séu á því, að
setja gagnfræðapróf niður í núverandi
mynd, og er því eigi hægt að gera við
því, sem slátrunarborði. Þó því væri
haldið, þá væri ómögulegt að meina mönn-
um að taka það, en af öllu ætti
tölu þeirra, er fengju að fara í lærdóms-
deild, þá væri þó ómögulegt að banna þeim
að lesa utanskóla undir stúdentspróf.
Hvergi mun það tíðkast, eða óvíða, að
mönnum sé meinað að verða
stúdentar. Leist hér á málum Stúdentspróf
[illegible] í sambandi við gagnfræðapróf og
[illegible] því einungis eðli almennrar mentunar, en

alls-ekki sérmentun. Niðurstaðan af því að takmarka á gagnfr., að öðru óbreyttu yrði því sú, að upp risi stúdentaskóli á borð við „gagnfræðaskóla" þá, sem hér eru. Yrði því takmarkinu ekki náð, enda slíkt enn óheppilegra, en að hafa menn undir handleiðslu mentaskólakenn.

__Ákveða að viss fjöldi mætti taka stúd.__ próf. Slíkt sem sagt ófært meðan það skólakerfi er, sem nú ríkir. Yrði ómögu- til að gera prófið enn þyngra en það er, hinsvegar ófært að veita eigi þeim, er með ærnum fyrirhöfn hafa brotist til þess að afla sér sæmilegra stúd- mentunar, innan skóla og utan, hagræði það, sem prófið veitir þeim. Þó tak- markið væri í samræmi við stúdentafjölda í hvítum bekk, er það eigi einhlítt, því að ómögulegt er að banna utan- skólamönnum að taka próf. Dæmi 20 innanskólanemendur, 10 utanskóla, stúdtala 30. Allir innanskóla hafa staðið sig sæmilega á öllum sínum prófum En þá koma 10 utanskóla á stúdpróf, þeir eru allir ágætir, svo að 5 innanskóla og 5 utansk. falla. Á þá að meina þessum 5 mönnum, þrátt fyrir óaðfinnanlega skólagöngu í 6 ár, að hljóta stúdpr.?

Til mála gæti komið, að hafa __inn- tökupróf__ við háskólann. Slíkt virðist óþarft og óheppilegt að láta menn þannig taka stúdentspróf upp aftur. Var enda tíðkað fyrir 1850 í Höfn, en mun eigi þótt hafa gefist vel. Mundi leiða til þess, að þeir, sem efni hefðu á, læsu yfir sumarið, og felldu þannig aðra fátækari, en í raun og veru betri námsmenn.

__Kursus og próf.__ Slíkt virðist og óþarfi eftir stúdentspróf. Einsætt virðist að leggja það til grundvallar, að takmarka á, Kennarar þar hafa yfir- leitt miklu betri færi á að kynna sér nemendur, en prófessorar á stuttum kursus, í Kolding og sá, að oft mundi slíkum kursus [illegible] leggja eitt ár fyrir mönnum. Raunin og verða sú, að stud. med. legði embættis- mennsku frá hverfa, ef aðrir með henni einkunn sæktu. Er því að öllu betra, að láta stúdpróf ráða

Til þess að sýna, hve það mundi koma misjafnlega niður á hinum einstöku árgöngum, ef stúdentspróf væri látið ráða um það, hverjir fengju aðgang að embættisdeildunum hefi eg talið saman þetta yfirlit, frá árinu 1923-24 og síðan:

Í Guðfræðadeild:

1923 komst þangað maður, er hafði 4,43
1924 dugar eigi lægri einkunn en 6,48
1925 er aftur á móti nóg að hafa 4,27
1926 meira 4,26
1927 held eg einungis 3 séu lægst 5,13

Í Læknadeild:

1923 hefur sá lægsti 6,46 en m. með 6,30, 6,2[illegible] og lægst [illegible]
1924 dugar aftur á móti að hafa 6,21
1925 hefur sá lægsti 6,35
1926 þarf sá lægsti 7,07 en 6,82 og 6,63 ekki duga
1927 er svo mögulegt 6,04

Í Lagadeild

1923 hefur sá lægsti 6,20 (5,82)
1924 do. 6,23 (6,21) (6,11)
1925 do. 6,77 (6,63) (6,55)
[19]26 do. 5,85 (5,72)
do. 5,79, (5,58)

S. Þ.

1923-24

Í Guðfræðadeild 3 lægst: með 4,43
Í Læknadeild. 4 6,46
sá næsti 6,30 6,2[illegible]
Í Lagadeild 3. 6,20 m. 5,8[illegible]
5,25

Í G. 4 lægst: 6,48. m. 6,41. m. 6,15
Í. Lækn. 4. l. 6,21, m. 6,[illegible], m 6,10
Í. Lagad. 3. l. 6,23. m. 6,21, m. 6,11

Í. G. 3. l. 4,27 (4 written above the 3)
Í. L. 4. l. 6,35, 6,05, 5,90.
Í. L. 3. l. 6,77. 6,63, 6,56

Í. G. 4. l. 4,26.
Í. L. 4. l. 7,07. 6,82, 6,63
Í. L. 3. l. 5,85, 6,72, 5,16.

Í. G. 3. l. 5,13
Í. L. 4 l. 6,04. 5,88, 5,45
Í. L. 3. l. 5,79, 5,58, 5,49

Hvað sýnir þessi skýrsla? Helst það að gáfur manna verða eigi svo vegnar né fyrirskipaðar með lögum, sem þessir menn virðast hyggja.

Hvernig fer ef menn ventera?

Hvernig fer ef maður er veikur svo að hann tekur ekki stúdentspróf fyr en t.d. 3 dögum eftir háskólasetan.

Hvernig? Hvernig?

En hvert er þá ráðið til þess að draga úr offjölda stúdenta?

Fjölgum deilda við háskólann.

Fjölgum góðra gagnfræðaskóla.

Orsakir: vantar sæmilegan skóla í Rvík.

Tvískipa í sýslumannaembætti:

Hæpilegra sérstakt inntökupróf

Óskiftur skóli, án heimildar til þess að ganga inn í einstaka bekki.

Greinargerð meiri hluta.
Allir með takmörkunum.
Allmikill hluti: löngu [illegible],
gekk út á sama mánuði margra stúdenta.
En rétt að útiloka þá menn, sem nú eru í Mentaskóla.
Við íhaldssemin í Mentamálum
Þeirra hlut er að geyma menn sem lengst.
Stefán vill hegna fyrir aðra colléga sína.
Æskilegast væri að allir væru vísindamenn.
Eg hefi ekkert skóllegt [illegible]
[illegible] með

það er hægur að vera sér-
menntaður.
þeir vitna í mín rök, að því
sem þeim er í hag, en hvelja
þau ekki, sem koma á.
Fjölga stúdentum en taka af
þeim stúdentsrétt.
Hvergi þekkt áður, við
talað um það.
Það var nóg á einum eignaliði,
þegar helmingurinn var rekinn
[illegible] í Rogver.

Dagbók. 1927.

17. desember. Í tímum. Síðasti tími fyrir jól hjá prófessor E. A. Heimsótti Lárus. Blöndal og talaði við hann og Þór Stefánsson um vantraustið á Stúdentaráðinu. Lést mér svo, sem einráðlegast væri að hverfa frá því ráði, með sama, sem við Lárus gátum vel gert, þar eð stúdentaráðið hafði eigi látið birta tillögur sínar, eða fá að flutningsmönnum vantraustsins gefið að láta til sín taka og safna liði. Las blöð síðari hluta dags, þar á meðal Tímann [illegible] honum virðist nauðsynlegt mikill vafi [illegible] í því að þeir Skriðdalsmenn eru sekir um atkvæðafölsun. Um kvöldið var ég inni frá hjá Baldri. Las í kjötmálum Fróðins, er heim kom.

18. desember. ~~Í tímum~~ Frestast fyrir hádegi. Lá í bréfunum. Hlustaði á fyrirlestur Ágústs H. Bjarnasonar um „samvinnustefnu og ágóðahlutdeild". Um kvöldið var fundur hjá Pétri Hafstein um það, hvað hægt væri að gera í vantraustsmálinu. Ráðið mun ætla að bíða átekta fram yfir jól. Sáum við okkur ekki fært að ráðast að því, að svo komnu

19. desember. Í tíma hjá próf. Ó. L. Síðasti tími fyrir jól. Talaði nokkra stund við R. J. var hann heldur daufur í vantraustsmálinu, en mér þó sammála. Fór á pósthúsið fyrir Maren. Gekk út eftir hádegi, hitti Gulla, talaði við hann og fór með honum upp á safn. Las í ræðum Björnssons um „Þjóðveldið" og í Eimreiðinni. Sönnunin á því, að Napoleon hafi ekki verið til er ágæt. Um kvöldið fór ég út, hitti Jóhann Sæm. og bauð honum inn á Rosenberg. Var hann mjög viðráðanlegur í vantraustsmálinu, en þó einbeginn með sjálfum sér og meirihluta ráðsins, svo sem von er til.

20. des. Svaf til hádegis. Var í snúningum fyrir Baldur, fór niður í banka og víðar. Hitti Stebba bolsa og tala við hann. Las í Sjövetti. Var um kvöldið á fundi í frjáls félagi, hann ómerkilegur. Heima var Björn Jak. og tala ég við hann

Dagbók. 1927.

21. des. Fór niður í banka fyrir Baldur. Hitti Jón Magnússon og tala við hann. Dvaldi nokkra stund hjá Baldri, kom út til Ömmu. Hún fór að klæða mér yfir út af Ragnari, því að ég hafði látið einhver óvarleg orð falla í hans garð út hjá Baldri, og var það ekki lengi að berast. Ritaði upp hluta úr Sjövetti. Hér kom Rútur, og var hann hér lengi. – Er hann nýlega kominn að vestan, kveðst til vill til þess að fara vestur aftur, lætur heldur illa yfir sér og hefur lítt fénast, að því er mér skildist. Um kvöldið spiluðum við tölkum saman, ég, Sveinn, Rútur, Magnús Vagnsson Pétur og Björn Jak.

22. des. Um morguninn ritaði ég kafla úr Sjövetti. Gekk út eftir hádegi, hitti ýmsa: Pétur Hafstein, Torfa Hjartar, Torfi bað mig um að koma á fund hjá sér á morgun, þá St. J. Lárus Blöndal og Júlíus. Gekk með Gulla suður á Mela, Fór inn á Laugaveg 66. Hitti Stein Sörensson, í Landinu, og var lengi

að tala við hann. Um kvöldið las ég
í Waverley eftir Walter Scott.
23. des. Klæddi(?): um morguninn snjórétt(?)
Á fundi hjá Torfa Hjartarsyni um
vantvarnir(?). Helst fallist á það, að
setja sérstakt vantvarnst(?) á þá deildar
stjórnir. Hér heima var Björn Jak. að
skera laufabrauð, og fór inn á
Laugaveg 66 og talaði við Ömmu.
Flæktist niður í bæ. Las í Waverley.
24. des. Var á ýmsum flækingi fyrri
hluta dags. Las í Waverley. Pabbi
gaf mér í jólagjöf „Ice Ages" eftir
Joseph McCabe". Mamma slaufu, Ólafía
axlabönd o.fl. Ragnh. á Sléttuv. „Alarms
and Discursions" eftir Chesterton.
Fórum seint um kvöldið til
Ömmu.
25. des. Las í Waverley í rúminu.
Fórum til Baldurs og vorum
þar lengi að spila, síðan fórum
við inn á Sléttuv. og vorum
þar fram á nótt að spila og
éta og tala.

Dagbók. 1927.

26. des. Skrifaði Jóni Blöndal bréf.
Spilaði við pabba, Svein og Jónas(?). Hér
voru ýmsir gestir, Sléttuvegshjón, afi,
Björn Jak. o.fl. Las í Waverley.
27. des. Las í Waverley nokkurn
hluta dags. Fór með Sveini inn í
Blöndahlsbúð að hitta Rut, og gekk
heim með Ólafi í bæinn. Kom hér
síðan um kvöldið með Bjarna
~~[illegible]~~ og talaði ég all-lengi
við þá.
28. des. Lauk við að lesa Waverley.
Er hann ef til vill nokkuð lang-
dreginn, en annars mjög skemmti-
legur og fróðlegur um siði manna
og hætti á þessum tímum. Fór inn
á Laugaveg 66 og las þar „Vöku".
Fór niður á Mensu og þaðan
heim til Júlíusar með honum,
Jóhanni Sæm. og Magnúsi Finnb.
Sátum þar all-lengi og röbbuðum
saman. Um kvöldið fór ég á bíó
því að heima var [illegible] lítt
fyrir gestum. Las í „Alarms
and discursions".

29. des. Komst eigi á fætur fyr en um hádegi. Gekk úti, kom á safnið, en sá ekkert merkilegt. Las í sjórétti. Hér kom Kristján Jónas með fjölskyldu sína. Hann talaði um ýmislegt mest um skólamál. Sagði að stofnun Akureyrar skóla hefði beinlínis verið gerð í því skyni að kippa yfirráð menta-mála úr höndum kennara skólans hér. Sagði að skólinn hér hefði með sínum illa anda og andleysi kennaranna gert þjóðinni ómetan-legt tjón; Þ. Ólafsson væri þannig, að „engum manni, sem hefði snefil af pedagogiskri viti gæti komið til hugar að setja hann fyrir skólann". Páll Sveinsson væri fyrir neðan allar hellur, því að maður, sem ort hefði á latínu, setti þvílíkt smánarmerki á skólann, sem væri óafmáanlegt. Helst talaði hann sæmilega um rektor gamla. Um kvöldið var ég kallaður til Baldurs að spila við hann, Sverri og Georgini.

30. des. Í bólinu til hádegis. Fór til Rúts með bréf til hans er hingað hafði komið. Gekk hann heim með mér, og var hér all lengi. Hingað kom einnig Bjarni Guðmundsson og spjölluðum við lengi saman. Rútur lét mig sjá bréf frá Hólmfreð. Franzsyni, hann virtist mjög áhugasamur um náttúrufræðina, sem vænta má. Einnig lánaði Rútur mér „Rétt", sem ég las svo nokkuð í. Las í sjórétti. Um kvöldið spilaði ég við pabba Baldur og Sverri.

31. des. Heyrði að daginn áður hafi stjórnir beggja stúdentafélaganna hér í bæ, neitað samvinnu við Stúdenta-ráðið fyrr en vantraustið væri til lykta leitt á einhvern hátt. Höfðu „ráðherrarnir", svo sem vonlegt var, orðið hinir reiðustu yfir bréfum þessum. Ég fékk hjá Lárusi Blöndal fundagerðabók Stúdentaráðsins til þess að vita, hvort þar sé ekkert sagt um það, hvort vantraust megi setja á ráðið. Um það er engin

bein ákvæði, en alt virðist þó styðja að slíkt sé heimilt. Um kvöldið fórum við til ömmu, þaðan fórum við Pétur niður í bæ, en þar var mjög lítið um að vera, vorum samt nokkra stund á flækingi.

5.00 kr: jólagjöf
1.00 kr. frímerki

Fjármál 1927.

	Út		Inn	
Flutt	942	10	943	55
Vantalin útgjöld	1	45		
Nóv. 18. Inn: Ragnh. á Háteig borgar skuld			8	00
" Út: Borga Pétri bróður fyrir [illegible]	5	00		
19 Út: Klipping	1	60		
" Inn: Borgar mamma lán			10	00
21: Inn: Borgar Sveina lán			200	00
" Út: Lagt í sparisjóðsb. 26491	200	00		
23: Út: Kaffi í Iðnó	1	25		
24: Út: Steypibað		50		
27: Inn: Fæ fyrir frímerki				25
Des. 1: Út: Kaupi stúdentablaðið	1	00		
2: Út: Hluti í afmælisgjöf	7	00		
8: Inn: Úr sparisjóðsb. 26491			30	00
" Út: Ársgjald í Stúdentafél.	4	00		
9: Út: Eytt í bíóför	5	00		
10: Út: Lagt í Tímakaup		10		
11: Út: Aðgöngumiði að Stúdfr.		50		
12: Út: Kaffi á fundi stúd. 1926	1	05		
13: Inn: Greiðir Kristjana frímerki				50
13: Út: Steypibað		50		
18: Inn: Gefur mamma mér				10
18: Út: Aðgöngumiði að stúdfundi		50		
19: Út: Eytt á Rósenberg	1	75		
	1173	30	1192	40

		Ut.		Sam	
	Áthozott	1173	30	1192	40
Dec. 24.	Ut: [illegible]	5	00		
	Ut: Frimerkei	1	00		
28.	Ut: Ballonsat: a [illegible]	2	00		
31.	Bev: [illegible] 26491			160	00
	Ut: [illegible]	150	00		
	Ut: [illegible]	2	75		
		1334	05	1352	40
29	Ut: Borgatan [illegible]	5	80		
31	Ut: Tijust hefen		85		
	Eigu i vasalok	11	70		
		1352	40	1352	40

Fjármál 1937.

		Júní.	Inn	Út
Júní	11	Út: Greiði bókaband.		8 00
"	12	Út: För til Vífilsstaða		1 50
"	13	Út: Kalkipappír keyptur		86.
"	17	Út: Aðgöngumiði að Íþróttav.		1 00
"	18.	Út: Aðgöngumiði að töframanni		3 00
"	19.	Út: Keypt merki		50
		Út: Eytt í [illegible] tombólu		3 24.
"	2[illegible]	Inn. Lán af Italia mér	2 00	
	"	Út: Greiði viðgerð á hjólhest		80
"	"	Út: Sæti á gamla bíó.		1 00
"	29	Út: Keypti [illegible] plötur		15
"	30.	Inn: Tekið úr sparisjóðsbók 264.91	22 00	"
"	"	Út: Lána mömmu		22 00
		Júlí.		
Júlí	2	Út: Greiði fyrir [illegible]		2 00
"	"	Út: Öl hjá Rosenberg		1 00
"	3	Út: [illegible] Billa		30
"	4.	Út: Kaupi á brauð		75
	6.	Út: Betri sæti á Nýja-bíó		1 50
		Út: Öl í Bárunni		75
"	9.			
"	12.	Út: Betri sæti á Nýja-Bíó		1 50
"	13	Út: Keyptar [illegible]		05

			Inn kr	Inn aur	Út kr	Út aur
Júlí	14.	Út: Keypti 1 banana				25
"	21.	Út: Far suður í Grindavík			3	00
"	"	Út: [illegible] fyrir að sjá [illegible]			1	00
"	23	Út: Far frá Keflavík í Garð			1	00
"	25	Út: Far frá Garði til Reykjav.			6	00
"		Inn: Tek úr sparisjóðsb. [illegible]	83	14		
"	"	Út: Farmiði norður með "Dr. Alex."			50	00
"	"	Út: Keypti blöð í hringbók			1	70
"	21.	Út: Keypti staf			3	00
"	26.	Út: Keypti merkisspjöld				30
"	"	Út: Frá Vestfj. til Vestribyggðar			1	50
"	27	Út: 1 hefti af Vöku			5	00
"	"	Út: Fæði á "Alexandrine"			14	75
"	"	Út: Drykkjupeningar [illegible]			2	00
"	28.	Út: Keypti enska [illegible]			3	50
"	30	Út: Keypti vaskafat			1	80
"	"	Út: Keypti sápu				40
"	"	Út: 2 [illegible]			1	60
		Ágúst				
Ág.	6.	Út: 1 maltöl				80
	11	Út: Keypti „[illegible]"			1	00

Fjármál 1947.

			Inn kr	Inn aur	Út kr	Út aur
		Ágúst frh.				
Ág.	14.	Út: Keypti frímerki				20
		Út: Lána Ottesen			10	00
	23	Út: Sendi símskeyti heim			1	00
	29	Út: Keypti frímerki			1	00
Sept.		**September.**				
	8	Út: Keypti brjóstsykur				70
	9	Út: Fargjald úr „Norðra" í land.				50
	10	Út: [illegible] Hjálpræðishersins.				25
		Út: Lána Sveini og Hagn. V.				50
	11	Út: Skósvertudós.				25
	12	Út: Rakstur.				50
	19	Út: 4 blýantar				60
	22	Út: Rakstur og klipping			2	15
		Út: Farmiði: ~~frá~~ [illegible]			9	00
		Út: Kaffi			1	00
	22	Inn: Peningar frá Sveini	55	00		
	23	Út: Næturgisting og matur á Ak.			8	00
		Út: Kaffi			1	25
		Inn: Júlíus Sig. lánar.	30	00		
		Út: Farmiði frá Ak til Rvk			54	00
		Út: Fargjald á B.S.			2	00
		Inn: Pen. frá Sveini	120	00		